

**SKOÐUN** Haraldur Reynisson spyr menntamálaráðherra hvort hann telji sig hafa heimild til að mismuna fólki. 15



**MENNING** Rithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir tekur þátt í Eurovision í fyrsta sinn. 30



**SPORT** KR náði að tryggja sér þjónustu tveggja metra hás Kana áður en félagaskiptaglugginn lokaðist. 26





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
5. febrúar 2014
30. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**MARKAÐURINN**



**MARKAÐURINN**

### Wow mun leita réttar síns

Skúli Mogsensen forstjóri Wow air segir að fyrirtækið muni leita réttar síns vegna komu- og brottfarartíma sem yfirvöld neita að veita því. Engu að síður er stefnt á Ameríkuflug vorið 2015.

**FRÉTTIR**

### Allt of lítil nýliðun

Á næstu árum mun stór hópur framhaldsskólakennara fara á eftirlaun. Á sama tíma er nýliðun í faginu allt of lítil vegna þess sem forsvarsmenn kennara kalla letjandi kjör. 8

**Ólíkar móttökur** Staða svokallaðs kvótaflóttafólks og hefðbundinna hælisumsækjenda er gjörólík. Rauði krossinn telur mikilvægt að jafna betur réttarstöðu hópanna. 6




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | 5 | ? |
| Akureyri | 3° | 3 | ? |
| Egilsstaðir | 2° | 3 | ? |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | 6 | ? |
| Reykjavík | 4° | 8 | ? |

**Þurrt að mestu** en má búast við stöku skúrum sunnan- og austanlands. Víðast hvar fremur hæg austlæg átt 3-14m/s, hvassast allra syðst. Hiti 1-5 stig. 4

### 2 SÉRBLÖÐ

**Markaðurinn | Fólk**




# Eiga yfir 37 prósent á Aðallista Kauphallar

Umsvif lífeyrissjóða í Kauphöll Íslands aukast. Tveir sjóðir eiga í öllum íslenskum félögum á Aðallista Kauphallarinnar. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins hvetur til varúðar vegna eignar í samkeppnisrekstri. Sex eiga í báðum tryggingafélögunum.

**VIÐSKIPTI** Samtals eiga lífeyrissjóðir landsins, beint og óbeint, að minnsta kosti 37,44 prósent hlutafjár íslenskra félaga sem skráð eru á Aðallista Kauphallar Íslands. Umsvifin hafa aukist töluvert á einu ári, en í ársbyrjun í fyrra áttu sjóðirnir um 29 prósent af heildarvirði skráðra hlutabréfa á listanum.

Líkast til er eignarhlutur sjóðanna eitthvað stærri því að í samantektinni er einungis horft til skráningar á lista yfir 20 stærstu eigendur hvers félags, eins og hún var um síðustu mánaðamót.

Langmest eiga lífeyrissjóðir í N1, eða 60,4 prósent hlutafjár. Þar á eftir koma svo Icelandair og Vodafone þar sem sjóðirnir eiga 46,8 og 45,1 prósent. Minnst er eign þeirra í VÍS, 17,4 prósent.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, hvetur lífeyrissjóði til að endurskoða hvernig þeir koma að eigendaaðhaldi fyrirtækja. Þess sé þörf í ljósi aukinna umsvifa þeirra innanlands vegna gjaldeyrishafta. Hætt sé við að halli á samkeppnisumhverfið ef eigendaaðhald er ónógt með fyrirtækjum.

Eins þurfi að hafa sérstaka gát á eignarhaldi þeirra félaga sem eiga í samkeppni, en yfirferð á lista yfir 20 stærstu leiðir í ljós að sex lífeyrissjóðir eiga bæði í TM og VÍS í Kauphöllinni. Þar af er Lífeyrissjóður verslunarmanna meðal stærstu eigenda. Þá eiga tveir lífeyrissjóðir í öllum íslensku félögunum sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar. **- óká / sjá Markaðinn**

### EIGN LÍFEYRISSJÓÐA OG TENGDRA SJÓÐA*

| Sjóður | Fjöldi félaga |
|---|---|
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 11 |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 11 |
| Stapi lífeyrissjóður | 10 |
| Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild | 9 |
| Stafir lífeyrissjóður | 9 |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 9 |
| Lífeyrissj. starfsm. rík. B-deild | 8 |
| Gildi - lífeyrissjóður | 8 |
| Festa - lífeyrissjóður | 5 |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga | 4 |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 3 |
| Lífeyrissjóður starfsm. sveitarf. | 3 |
| FSÍ (Framtakssjóður Ísl.) slhf. | 2 |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 2 |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 1 |

*Fjöldi skipta þar sem nafn sjóðs kemur upp á lista yfir 20 stærstu eigendur íslenskra félaga á Aðallista Kauphallarinnar.*



**VONBRIGÐI** Meiðsli Maríu Guðmundsdóttur komu á versta hugsanlega tíma, skömmu fyrir Ólympíuleikana í Sotsjí.

Ólympíudraumur Maríu úti:

## Eins slæmt og hugsast getur

**ÓL2014** „Það fyrsta sem ég sagði var nei, nei, nei.“ Það voru fyrstu viðbrögð skíðakonunnar Maríu Guðmundsdóttur þar sem hún lá eftir byltu, meidd á hné, í skíðabrekkunni í Jenner í Þýskalandi á mánudag. María átti að keppa fyrir hönd Íslands í svigi og stórsvigi á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí sem settir verða á föstudag.

„Þetta gerist á versta tíma. Þó það sé alltaf ömurlegt að meiðast er tímasetningin ömurleg. Þetta er eins slæmt og það getur verið,“ segir María um Ólympíudraum sinn sem sé úti. Erla Ásgeirsdóttir, vinkona Maríu, fyllir í skarðið. **- ktd / sjá síðu 26**




**ÚTKALL** Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar undirbýr hér brottför þyrlunnar TF- LIF eftir að hún hafði verið kölluð út til aðstoðar síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hagar skrifa ráðuneyti:

## Afnemi tolla á geita- og ærosti



**VIÐSKIPTI** Verslunarfyrirtækið Hagar hefur óskað eftir því að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gefi innflutning á buffala-, geita- og ærmjólkurostum tollfrjálsan, enda sé framleiðsla á þeim innanlands svo lítil að hún anni ekki eftirspurn. Þetta kemur fram í bréfi sem fyrirtækið sendi ráðuneytinu á mánudag.

„Við teljum eðlilegt að þegar skortur er á vörum og innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn, þá séu þær fluttar inn án gjalda og tolla,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. **- jme, hg / sjá Markaðinn**

Þjóðverji féll tíu til tólf metra í íshelli í Breiðamerkurjökli:

## Ferðamaður fórst við ísklifur

**SLYS** Þýskur ferðamaður á sextugsaldri fórst í slysi við ísklifur í helli í Breiðamerkurjökli, við mynni Veðurárdals í gær.

Maðurinn var í fylgd leiðsögumanns, en talið er að hann hafi fallið tíu til tólf metra inni í hellinum með fyrrgreindum afleiðingum. Tildrög slyssins eru til rannsóknar hjá lögreglu.

Samkvæmt tilkynningu frá Landsbjörgu voru tveir hópar í hellinum þegar slysið átti sér stað, annars vegar leiðsögumaður sem var með manninum sem lést og hins vegar leiðsögumaður með tveimur öðrum ferðamönnum. Þegar slysið varð kom sá til aðstoðar, en björgunarsveitir frá Höfn og úr Öræfum fóru strax á staðinn þegar beiðni um aðstoð barst og tóku alls um 40 manns þátt í aðgerðinni. Þyrla Landhelgisgæslunnar fór einnig á staðinn.

Töluverðan tíma tók að ná manninum upp úr íshellinum en slysið varð um 200 metra inni í hellinum og þurftu björgunarmenn að vaða mittisdjúpt vatn á leiðinni til og frá slysstað. **- js**






## SPURNING DAGSINS



### Ingibjörg, tekur Krúttmundur róbótinn?

**Tæknilega séð tekur hann róbótinn.** Ingibjörg Ósk Jónsdóttir er meðlimur í kvenfélaginu /sys/tur í HR sem skapaði vélmennið Krúttmund úr legókubbum. Krúttmundi er margt til lista lagt en hann þykir til að mynda mjög lipur dansari.

Sjálfstæðismenn segja áform borgarstjóra um herlausa borg vekja spurningar:

# Yrði aðstoð herskipa afþökkuð?

**REYKJAVÍK** „Þrátt fyrir að framtíðarsýn borgarstjóra um Reykjavík sem friðarborg sé vissulega falleg og skemmtileg er ekki búið að hugsa út í að það að varnarsamstarf sem við eigum við vinaríki okkar er fyrst og fremst varðandi björgunaraðgerðir,“ segir Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



HILDUR SVERRISDÓTTIR

Hildur gerði það að umtalsefni á borgarstjórnarfundi í gærkvöldi að hugmyndir borgarstjóra í málaflokknum væru ekki vel ígrundaðar, þó að ásetningurinn væri vissulega góður.

„Herir í nágrannaríkjum okkar eru að mörgu leyti að sinna þeim verkefnum þar í landi og annars staðar sem björgunarsveitir sinna hér á landi,“ segir Hildur.

„Því má ekki rugla saman eplum og appelsínum sem eru stríðsrekstur annars vegar og herrekstur hins vegar. Borgarstjóri þyrfti að svara því til hvort hann ætlaði að afþakka herskip sem myndu ætla að leggjast að í Reykjavík ef hér kæmi til dæmis upp eldgos eða eitthvað þvíumlíkt,“ bætir Hildur við.

Á borgarstjórnarfundinum í gær sagði Jón Gnarr að hafa þyrfti í huga að herskip væru búin til í því skyni að „að tortíma mannvirkjum og eyða lífum“, þó að vissulega væri hægt að nota þau sem björgunartæki. - js

Gæsluvarðhald staðfest:

# Hafði hótað að drepa barn sitt

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem gekk í skrokk á barnsmóður sinni og hélt henni og tveggja ára dóttur þeirra nauðugum á heimili móðurinnar á jólanótt.

Maðurinn mun sæta gæsluvarðhaldi til 27. febrúar en enn ig leikur grunur á að hann hafi þvingað konuna til kynmaka og taldi rétturinn að gæsluvarðhald yfir manninum væri nauðsynlegt vegna almannahagsmuna. - js



**VEKJA ATHYGLI** Framadýrin náðust á filmu á Háskólatorgi Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jakkafataklædd dýr vekja athygli víða um Reykjavík:

## Framadagar háskólanna í dag

**VINNUMARKAÐUR** Í dag verða Framadagar háskólanna haldnir í 20. sinn. Það eru alþjóðlegu stúdentasamtökin AIESEC sem standa fyrir viðburðinum en þar gefst háskólanemum tækifæri til að ræða við forsvarsmenn margra helstu fyrirtækja og stofnana landsins um atvinnumöguleika og lokaverkefni.

Til að auglýsa viðburðinn hafa hin svokölluðu framadýr ferðast vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið undanfarna daga og birt myndir af sér á Instagram. Um er að ræða aðstandendur Framadaga í gervi jakkafataklæddra meðlima dýraríkisins.

Framadagar háskólanna fara fram í Háskólanum í Reykjavík frá klukkan 11 til 16. Strætisvagn mun ferja gesti milli Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík þeim að kostnaðarlausu hluta dags. - bá

Minjastofnun Íslands:

## Vesturland fær 15 milljónir

**FRIÐUN** Minjastofnun Íslands hefur í samráði við forsætisráðuneytið ákveðið að ráðast í átaksverkefni sem felur í sér atvinnuskapandi friðunarverkefni um land allt.

Heildarumfang átaksins er 205 milljónir króna á þessu ári og verða fimmtán milljónir af upphæðinni notaðar til tveggja verkefna á Vesturlandi, að því er sagði á vefsíðu Skessuhorns. Fimm milljónum króna verður varið í að gera við kútter Sigurfara sem er geymdur í Byggðasafninu í Görðum á Akranesi. Þá verður tíu milljónum króna varið í flutning Landbúnaðarsafnsins á Hvanneyri í Halldórsfjós á Hvanneyri. - fb

Prentað með bleikum lit:

## Markaðurinn með nýju sniði

**FJÖLMIÐLAR** Markaðurinn, fylgiblað Fréttablaðsins um viðskipti og fjármál, kemur út í dag, með nokkuð breyttu sniðu.

Markaðurinn kemur nú út vikulega og er nokkuð stærri en blaðið hefur jafnan verið að undanförnu. Hann er nú meðal annars prentaður með bleikum lit eins og ýmis önnur blöð um fjármál og viðskipti jafnt hérlendis sem erlendis.

„Með þessu viljum við gera Markaðnum hærra undir höfði og draga fram sérstöðu hans. Við erum mjög spennt fyrir þessum breytingum á blaðinu,“ segir Fanney Birna Jónsdóttir, fréttastjóri viðskiptafrétta miðla 365. - þj

# Komin með nóg af „kvenfyrirlitningu“

Félagsráðgjafi á heilsugæslustöðinni í Laugarási segir heilsugæslulækni hæðast að konum. Henni sé nóg boðið og hafi ákveðið að sitja ekki lengur þegjandi undir niðrandi athugasemdum læknisins. Hún segist hafa verið skíthrædd að tjá sig.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég hugsaði með mér hingað og ekki lengra, ég ætla ekki að láta bjóða mér þetta,“ segir Nanna Atladóttir, félagsráðgjafi á heilsugæslustöðinni Laugarási í Biskupstungum.

Nanna hóf í gær, á tíu ára afmæli Facebook, að blogga um konur og kvenréttindi. Fyrsta bloggið var um kvenfyrirlitningu læknis á heilsugæslunni í Laugarási.

Nanna lýsir því í blogginu hvað lækninum, Pétri Skarphéðinssyni, finnist sniðugt að hæðast að konum. Hún segir að hann hafi gengið inn á kaffistofuna í gærmorgun og niðurlægt eina konuna sem þar sat.

Afleysingahjúkrunarforstjórinn, sem er kona, hafi spurt lækninn hvort það væri mikilvægt að hún sæti yfirmannafund. Svar læknisins var að það væru aldrei merkilegir fundir sem konur sitja. Hún skyldi því bara sleppa því.

„Þetta var svona í hundraðasta sinn sem ég hlusta þegjandi á athugasemdir viðkomandi læknis og mér var fyrirmunað að þegja lengur. Ég sagði að mér fyndust svona brandarar ekki sniðugir lengur og að ég sætti mig ekki lengur við að sitja þegjandi undir slíku,“ bloggar Nanna.

Hún segir að læknirinn hafi hlegið að athugasemdum hennar og sagt að sér þætti gaman að æsa upp kvenfólkið í kringum sig.

Á heilsugæslustöðinni eru tveir karlkyns læknar auk þess sem þar starfa tólf konur.

Nanna segir að það sé litið á læknana sem guði og enginn mótmæli því sem þeir segja.



**TAKA FLESTU ÞEGJANDI** Nanna Atladóttir segir að flestar konur sem komnar eru yfir fimmtugt séu mótaðar af því að þetta sé karlaheimur þar sem karlar hafa völdin og megi tala en konur eigi að þegja. FRÉTTABLAÐIÐ/MHH

Hún segir að það hafi tekið á að setjast niður og skrifa bloggið.

„Ég var skíthrædd við að setjast niður og tjá mig um þetta þó ég sé orðin 64 ára gömul. Það er ótrúlegt hvað maður er mótaður af uppeldi sínu,“ segir Nanna og vísar til þess að flestar konur sem komnar eru yfir fimmtugt séu mótaðar af því að þetta sé karlaheimur þar sem karlar hafi völdin og megi tala en konur eigi að þegja.

„Ég held að yngri konur myndu ekki láta slíkt yfir sig ganga. Ég sé það á tengdadætrum mínum og systradætrum mínum að þær hafa ekki fengið þannig uppeldi að karlmenn séu æðri en konur,“ segir Nanna.

> **Þetta var svona í hundraðasta sinn sem ég hlusta þegjandi á athugasemdir viðkomandi læknis og mér var fyrirmunað að þegja lengur.**
> *Nanna Atladóttir*

Fréttablaðið reyndi að ná tali af Pétri Skarphéðinssyni heilsugæslulækni við vinnslu fréttarinnar en var sagt að hann tæki ekki síma. johanna@frettabladid.is






Kennnari kom alls staðar að lokuðum dyrum eftir árás í kennslustund:

# Ofbeldi nemenda þaggað niður

**SKÓLAR** Kennari sem varð fyrir árás nemanda síns árið 2008 segir ofbeldi gegn kennurum vera algengara en fólk heldur. Í viðtali í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær sagði kennarinn, sem ekki vildi koma fram undir nafni, að úrræðaleysi og þöggun einkenni vandamálið.

Umræddur nemandi var tólf ára drengur sem átti við geðræn vandamál að stríða. Dag einn missti hann stjórn á skapi sínu, sem gerðist reglulega, og slengdi henni utan í vegg með þeim afleiðingum að hún meiddist. Eftir atvikið fékk kennarinn áverkavottorð á heilsugæslu, þar sem hún var hvött til að kæra árásina til lögreglu.

„Þetta var mitt fyrsta starfsár svo ég var óörugg með mína stöðu og ákvað að ráðfæra mig við skólastjórann. Hún sagði mér að slíkt tíðkaðist ekki og væri ekki gert,“ segir kennarinn. Hún telur að enginn hafi verið tilbúinn að gera það sem mestu máli skipti – að takast á við vandann.

„Það hefði auðvitað bara þurft að grípa í taumana strax eftir árásina, ekki síst svo hann fengi hjálp.“

Kennarinn segist hafa komið að lokuðum dyrum bæði hjá skólanum og því sveitarfélagi sem hann tilheyrði. Hún hafi gefið skýrslur en ekkert hafi verið aðhafst frekar. Hún upplifði mikla streitu í kjölfar árásarinnar og lét skömmu seinna af störfum við skólann. Hún segir að hennar reynsla sé ekki einsdæmi. Ofbeldi af þessum toga sé einfaldlega þaggað niður og því beri ekki mikið á því. - þþ



**ÞÖGGUN** Kennari, sem varð fyrir árás nemanda í kennslustund, segir að slík tilvik séu þögguð niður. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# MIKLU MEIRA
# GAGNAMAGN

VIÐ HÖFUM AUKIÐ INNIFALIÐ ERLENT GAGNAMAGN

## UM ALLT AÐ 400%

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| INTERNET 10 GB | INTERNET 50 GB | INTERNET 100 GB | INTERNET 150 GB | INTERNET 250 GB |
| ER NÚ | ER NÚ | ER NÚ | ER NÚ | ER NÚ |
| 50 GB | 100 GB | 150 GB | 250 GB | 500 GB |

## VERÐ HÆKKAR EKKI

OG ÁSKRIFTARLEIÐIN UPPFÆRÐIST SJÁLFKRAFA 1. FEBRÚAR

**Nánar á vodafone.is**

**Vodafone**
Góð samskipti bæta lífið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**200.000 varphænsni voru á Íslandi árið 2012,**

**en þeim hefur fækkað verulega frá árinu 1980 þegar þau voru 312.500 talsins** og hafa aldrei verið fleiri hvorki fyrr né síðar.

*(Heimild: Hagstofan)*

Borgarstjóri gagnrýndi orð Júlíusar Vífils um upplýsingadeild borgarinnar:

# Hafnar áburði um áróðursdeild

**REYKJAVÍK** Í ræðu á borgarstjórnarfundi í gærkvöldi um gagnsæi í fjármálum Reykjavíkurborgar hafði Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, orð á því að upplýsinga- og vefdeild Reykjavíkurborgar bæri út áróður í þágu núverandi meirihluta.



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON**

„Ég sé engan áróður eða eitthvað sem óþarfi er og neita því alfarið að upplýsinga- og vefdeild Reykjavíkur sé áróðursdeild,“ svaraði Jón Gnarr borgarstjóri um þær fréttir sem deildin hafði birt á vef Reykjavíkurborgar.

„Að hafa svona orð um starfsfólk borgarinnar er dónaskapur og ekkert annað,“ bætti hann við.

Í samtali við Fréttablaðið skýrði Júlíus Vífill ummæli sín á þennan veg: „Nú eru tíu manns starfandi þar við að koma fréttum og upplýsingum á framfæri. Það er nokkuð vel í lagt.“

Á fundinum kom líka fram gagnrýni á vinnubrögð meirihlutans.

„Fjórðungur þeirra tillagna sem við leggjum fram í borgarráði eru svæfðar og stungið ofan í skúffu. Þetta er ómerkileg og gamaldags pólitík sem ætti að vera búið að leggja til hliðar,“ segir Júlíus og bætir við að slík vinnubrögð séu í ósamræmi við ábendingar frá úttektarnefnd um stjórnskipun borgarinnar. **- js**

Tollayfirvöld í Noregi:

# Hertar reglur um gjaldeyri

**NOREGUR** Tollayfirvöld í Noregi leggja til að þeir sem fara með háar fjárhæðir úr landi geri grein fyrir því hvaðan peningarnir koma, til hvers eigi að verja þeim og hver eigandi og móttakandi sé. Í frétt norska ríkisútvarpsins segir að fjármálaráðuneytið hafi óskað eftir möguleika á breyttum reglum af ótta við að aukinn útflutningur gjaldeyris væri vegna fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi eða annarrar glæpastarfsemi. **- ibs**



**STRANGAR KRÖFUR** Í atvinnuauglýsingu Quatar Airways í Noregi eru gerðar strangar kröfur um klæðnað.

Auglýst eftir flugþjónum:

# Konur mæti í hnésíðu pilsi

**NOREGUR** Flugfélagið Qatar Airways, sem um tveggja ára skeið hefur haldið uppi áætlunarflugi milli Óslóar og Doha, auglýsir eftir flugþjónum í Noregi. Í auglýsingunni eru konur beðnar að mæta í atvinnuviðtal í hnésíðu pilsi. Karlar eru beðnir að koma formlega klæddir.

Ráðgjafi hjá umboðsmanni jafnréttismála í Noregi segir um kynjamismunun að ræða þar sem kröfurnar um klæðaburð eru ekki þær sömu. Flugfélagið býður ókeypis húsnæði og skattleysi. **- ibs**

## PÓSTSENDINGAR

### Fækkun bréfa í einkarétti

Á síðustu árum hefur orðið mikil fækkun bréfa í einkarétti hjá Póstinum. Árið 2013 hélt þessi þróun áfram og fækkaði þeim um 6% á milli ára. Útlit er fyrir áframhaldandi fækkun bréfa í einkarétti næstu árin.

## BLÖNDUÓS

### Vill ekki meira Vilko

Bæjarráð Blönduóss hefur hafnað boði um að nýta forkaupsrétt sinn í hlutafjáraukningu í sætsúpu-, grautar- og deiggerðarfyrirtækinu Vilko ehf. sem er þar í bænum.

## STJÓRNMÁL

### Nýr formaður SUF

Hinn 29 ára gamli Helgi Haukur Hauksson var kosinn formaður Sambands ungra framsóknarmanna um helgina. Helgi Haukur er nemi við Háskólann á Bifröst og tveggja barna faðir.

# Fær 640 milljóna styrk til verkefnis í Eþíópíu

**Reykjavík Geothermal fékk nýverið alþjóðlegan styrk vegna jarðvarmaverkefnis í Suður-Eþíópíu. Samningur við ríkisstjórn landsins gerir ráð fyrir þúsund megavatta orkuveri. Áætluð heildarfjárfesting hljómar upp á fimm hundruð milljarða króna.**

**ORKUMÁL** Reykjavík Geothermal (RG) hefur fengið styrk upp á 4,1 milljón evra, um 640 milljónir íslenskra króna, vegna framkvæmda við fyrsta áfanga í verkefni fyrirtækisins í Suður-Eþíópíu. Þetta staðfestir Davíð Stefánsson, forstöðumaður ráðgjafasviðs RG.



**DAVÍÐ STEFÁNSSON**

Fyrirtækið, sem er í eigu íslenskra og bandarískra fjárfesta, komst í haust að samkomulagi við Eþíópíustjórn um að byggja og reka um eitt þúsund megavatta jarðvarmaorkuver í landinu.

Styrkurinn kemur úr sjóði sem er ætlað að styðja við jarðvarmaverkefni í Austur-Afríku sem nefnist The Geothermal Risk Mitigation Facility (GRMF). Sjóðurinn var stofnaður af framkvæmdastjórn Afríkubandalagsins (AUC), Innviðasjóði Evrópusambandsins fyrir Afríku og ráðuneyti þróunarmála í Þýskalandi, í samvinnu við þýska þróunarbankann KfW.

„Markmið GRMF er að hvetja almenning og fjárfesta til að þróa raforkuframleiðslu með jarðhita í Austur-Afríku með því að veita styrki til rannsókna á yfirborði og borana á fyrstu borholum við leit að jarðhitaauðlindum til orkuframleiðslu. Sjóðurinn veitir styrki til að koma mönnum yfir fyrsta hjallann,“ segir Davíð og bætir því við að styrkurinn geti á endanum orðið enn hærri, eða um 5,8 milljónir evra, um níu hundruð milljónir króna.



**SVÆÐIÐ** Jarðvarmavirkjunin sem á að rísa á Corbetti-svæðinu verður að sögn Davíðs ein sú stærsta í heiminum. MYND/REYKJAVÍK GEOTHERMAL

Verkefni RG í Eþíópíu er unnið í samstarfi við alþjóðlega fjárfesta og miðast við tvo fimm hundruð megavatta áfanga. Áætluð heildarfjárfesting hljómar upp á fimm hundruð milljarða króna. Jarðvarmaorkuverið á að rísa á svæði sem heitir Corbetti þar sem finna má virka eldstöð sem svipar til margra íslenskra eldstöðva. Davíð segir styrkinn eiga að duga fyrir að lágmarki fjörutíu prósentum af kostnaði við borun fyrstu tveggja borholanna.

„Þessi styrkur mun auðvelda upphafið að þessu stóra verki sem framundan er í Corbetti-öskjunni í Suður-Eþíópíu jafnframt því að vera viðurkenning á mikilvægi verkefnisins. Íslenskir og eþíópískir jarðvísindamenn sem hafa rannsakað svæðið telja Corbetti vera eitt besta jarðhitasvæði heims til framleiðslu raforku.“

> **Þessi styrkur mun auðvelda upphafið að þessu stóra verki**
>
> *Helgi Jón Jónsson, fyrrverandi fjármálaráðherra*

**haraldur@frettabladid.is**



**NÝJAR AÐFERÐIR** Það gæti farið að styttast í að hægt verði að nota greiðslukort eða snjallsíma til að borga í strætó.

Nýjar lausnir hjá Strætó bs.:

# Hægt verði að borga með korti eða síma

**SAMGÖNGUR** Stjórn Strætó bs. hefur samþykkt að fela framkvæmdastjóra fyrirtækisins að vinna að innleiðingu greiðslumiðla í formi greiðslukorta og snjallsíma. Þetta var ákveðið á stjórnarfundi Strætó í lok janúar.

Strætó bs. lagðist seint á síðasta ári í að nútímavæða þær aðferðir sem notaðar eru til að greiða fargjöld. Þegar hafa farið fram frumgreiningar á leiðum.

Í samtali við fréttastofu sagði Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, að vonandi yrðu breytingarnar innleiddar á þessu ári og helst sem fyrst. **- jme**

## AKUREYRI

### Hætt við rennibrautarkaup

Stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar hefur dregið til baka kaup á 99 milljóna króna vatnsrennibraut í ljósi úrskurðar kærunefndar útboðsmála sem telur að bjóða hafi átt viðskiptin út en ekki aðeins láta duga að gera verðkönnun. Stjórnin segir að ekki hafi verið búið að semja um kaupin.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**FREMUR RÓLEGT VEÐUR** víðast hvar í dag og úrkomulítið en slydda og rigning á morgun SA- og A-lands með snjókomu inn til landsins um landið norðanvert. Hiti á bilinu 0-6 stig en síðan kólnar þegar nær dregur helgi.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 3° | Gautaborg | 1° | London | 9° | Orlando | 28° | San Francisco | 12° |
| Basel | 3° | Frankfurt | 5° | Kaupmannahöfn | 1° | Mallorca | 13° | Osló | 1° | Stokkhólmur | 0° |
| Berlín | 3° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 21° | New York | 1° | París | 9° | | |




**Á morgun**
Austan 5-14m/s, hvassast syðst.




**Föstudagur**
Fremur hæg norðaustlæg, 5-12m/s.

**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# Evrópu- og heimsmeistari

Það er skammt stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki er langt síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og síðan bættist við enn ein rósin í hnappagatið þegar 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 40 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.540.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## VEISTU SVARIÐ?




**1.** Hversu mörg prósent starfandi fólks á Íslandi vinna jafnan meira en 40 stundir í viku?
**2.** Hversu mikið á lögregluembættum að fækka samkvæmt frumvarpi innanríkisráðherra?
**3.** Hvað kostar spilling í aðildarríkjum Evrópusambandsins?

**SVÖR:**
**3.** Nærri 19 þúsund milljarða króna.
**2.** Úr 15 í átta.
**1.** 65 prósent.

Metrahár vegatálmi tefur rannsóknarför Marsjeppans Curiosity nokkuð:

# Reynir bráðum við sandhólinn

**VÍSINDI** Marsjeppinn Curiosity leggur innan skamms til atlögu við sandhól einn sem tálmar nú för hans að næsta áfangastað í Galegígnum.

Hóllinn, sem er um einn metri á hæð þar sem hann er hæstur, er líklega heppilegri leið en grýttari braut til hliðanna, en hjól Curiosity hafa dældast nokkuð á um fimm kílómetra ferðalagi jeppans um yfirborð Mars síðustu átján mánuði eða svo. Þó taka vísindamenn bandarísku geimferðastofnunarinnar, NASA, enga áhættu, minnugir þess að fyrirrennarar Curiosity hafa lent í vandræðum í sandi, meðal annars datt Spirit út árið 2009 eftir að hafa fest sig í sandpytti, og Opportunity festist í margar vikur í drullupytti árið 2005 áður en hann losnaði loks.

Að engu verður farið óðslega og hefur Curiosity, sem er tæpt tonn að þyngd, þegar rúllað létt inn á sandinn, ekki síst til að gaumgæfa hvort hvasst grjót sé að finna undir yfirborði sandsins. **- þj**


**GÆGST YFIR HÓLINN** Curiosity gægist hér yfir topp sandhólsins, en fram undan sést grýtt yfirborð Mars. MYND/NASA

Ný dönsk skýrsla:

# Löggum hótað á hverjum degi

**DANMÖRK** Borgaralegu flokkarnir í Danmörku vilja herða refsingar vegna ofbeldis og hótana gegn lögreglumönnum. Samkvæmt nýrri skýrslu lögregluyfirvalda er að meðaltali fjórum lögreglumönnum hótað á hverjum degi, bæði í vinnu og frítíma, og þeir jafnvel beittir ofbeldi.

Í sumum tilfellum er fjölskyldum lögreglumanna hótað. Þekktur félagi í glæpagengi birtist við leikskóla barns lögreglumanns sem rannsakaði mál hans. **- ibs**

Stjórnvöld í Noregi:

# Sveitarfélög ákveði aðstoð við heimanám

**NOREGUR** Eldri nemendur hafa meiri þörf fyrir aðstoð með heimanámið en þeir sem yngri eru. Þetta er mat menntamálaráðherra Noregs, Torbjørns Røe Isaksen.

Samkvæmt lögum frá 2010 á aðeins að veita 1. til 4. bekk aðstoð við heimanámið í skólunum en frá og með næsta hausti eiga sveitarfélögin sjálf að ákveða hvaða nemendur eigi að fá aðstoðina.

Hægri menn í Noregi segja aðstoðina hafa verið of dýra og ekki nógu árangursríka. **- ibs**


**EFTIRLIT** Lögreglan hvetur ökumenn að láta skoða bíla sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ótryggðir og óskoðaðir bílar:

# Númer tekin af 236 ökutækjum

**LÖGREGLA** Skráningarnúmer voru fjarlægð af 236 ökutækjum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu í síðasta mánuði. Ýmist voru ökutækin ótryggð eða óskoðuð og jafnvel hvort tveggja, samkvæmt dagbók lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Mjög mikið er um ótryggð og óskoðuð ökutæki í umdæminu en lögreglan hvetur eigendur og umráðamenn þeirra til að gera þar bragarbót á,“ segir í færslu á Facebook-síðu lögreglunnar. **- skó, bá**

# Ólíkar móttökur flóttafólks

**Staða svokallaðs kvótaflóttafólks og hefðbundinna hælisumsækjenda er gjörólík. Mikill undirbúningur liggur að baki móttöku kvótaflóttafólks sem fær mikla aðstoð. Eftir að hælisumsækjandi fær stöðu flóttamanns tekur hins vegar lítið við. Rauði krossinn telur mikilvægt að jafna betur réttarstöðu þessara tveggja hópa.**

**VELFERÐARMÁL** Staða flóttafólks er ólík eftir því með hvaða leiðum það kemur til landsins. Flestir eru sammála um að vel sé staðið að móttöku kvótaflóttamanna. Það sé hins vegar ekki raunin þegar flóttafólk, sem kemur til landsins sem hælisleitendur, á í hlut.


**ATLI VIÐAR THORSTEINSSON**


**HELGA VALA HELGADÓTTIR**

„Staða kvótaflóttafólks og hælisleitenda er ekki sú sama. Kvótaflóttamenn koma sem hópur og búið er til verkefni í kringum hópinn sem tryggir ákveðna þjónustu. Það á ekki við um hælisleitendur, en Rauði krossinn telur að jafna þurfi betur réttarstöðu þessara hópa,“ segir Atli Viðar Thorstensen, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum.

Kvótaflóttafólk hefur þegar fengið hæli fyrir atbeina Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, eða þess ríkis sem hann dvelur í, áður en hann kemur til Íslands. Ástæðan fyrir því að sótt er um flutning til Íslands er sú að Flóttamannastofnunin telur að flóttafólkið búi við ógn eða skort á möguleikum á að eignast eðlilegt líf þar sem það býr. Því er leitað til svokallaðra „öruggra ríkja“. Rauði krossinn hefur lagt á áherslu á að íslensk stjórnvöld fjölgi kvótaflóttamönnum.

„Móttaka kvótaflóttamanna er valfrjáls og það eru ekki mörg ríki sem taka á móti þeim – í mesta lagi þrjátíu til fjörutíu,“ segir Atli Viðar. Hann segir fjölgun kvótaflóttamanna ekki geta komið í stað hefðbundinnar hælismeðferðar, sem lýtur alþjóðlegum reglum.

> **Þegar fólk fær hæli er bara hálfur sigurinn unninn.**
>
> *Helga Vala Helgadóttir lögmaður*

Talið er að um sextíu til sjötíu prósent flóttamanna í heiminum séu konur og börn. Ísland hefur lagt áherslu á þann hóp í móttöku kvótaflóttamanna, enda á hann síður möguleika á að komast til Evrópu á eigin vegum.

Mikill meirihluti hælisleitenda á Íslandi eru karlar. Árið 2012 sóttu 117 manns um hæli hér á landi og var hlutfall karla 65 prósent, kvenna 16 prósent og hlutfall barna 18 prósent.

Hælisleitendur koma á eigin vegum til landsins og hefur löng málsmeðferð og aðbúnaður þeirra verið gagnrýndur. Teitur Atlason, formaður Samtaka áhugafólks um málefni hælisleitenda, segir stöðu hælisleitenda hafa lagast eftir að Reykjavíkurborg opnaði á móttöku þeirra. „Félagskerfið á Suðurnesjum réði ekki við allan þennan fjölda,“ segir hann en nú búa 50 hælisleitendur í Reykjavík.

Helga Vala Helgadóttir, lögmaður, bendir á að staða hælisleitenda eftir að þeir hafa fengið hæli á Íslandi sé mjög ólík stöðu kvótaflóttafólks. „Þegar fólk fær hæli er bara hálfur sigurinn unninn. Það þarf sjálft að finna húsnæði og vinnu, sem er erfitt þegar maður talar hvorki ensku né íslensku,“ segir Helga, en hún telur að upplýsingum og utanumhaldi um málefni fólks sem fær stöðu flóttamanns sé mjög ábótavant.

**eva@frettabladid.is**


**EINIR** Flóttamenn sem koma til Íslands og fá hæli þurfa sjálfir að finna sér húsnæði og vinnu.

## → Frá ofbeldi í Sýrlandi til óvissu á Íslandi

Rakan El Mahmoud hefur verið á Íslandi í hálft ár og er í hælismeðferð. Hann spyr hvort blaðamaður tali ítölsku eða frönsku, en hann á að baki sjö ár á flótta frá Sýrlandi til Ítalíu, Frakklands og að lokum Íslands. Hann óskar þess helst að geta unnið svo hann geti stutt við fjölskyldu sína í Sýrlandi.„Ég má ekki vinna og hef raunar ekki rétt á neinu. Ég hef leitað mér aðstoðar vegna hnífsstungusára sem ég hlaut í Sýrlandi, en hef ekki fengið. Ég er líka illa haldinn andlega og þarf á aðstoð að halda,“ segir Rakan, sem býr nú í Reykjavík.

Vinur Rakans fékk hæli á Íslandi á síðasta ári. Hann vill ekki koma fram undir nafni því hann óttast hefndaraðgerðir stjórnvalda í Sýrlandi. Hann talar hvorki ensku né íslensku, en bróðir hans túlkar. „Við biðum í fjóra mánuði eftir að fá hæli. Nú lifum við fjögurra manna fjölskylda á 240.000 krónum á mánuði,“ segir hann.

Í boði var tveggja mánaða íslenskunámskeið, en hann þarf nú sjálfur að kosta frekara málanám. Hann segir algengt verð fyrir íslenskunámskeið vera um 35.000 krónur. „Ég fæ mikið af upplýsingum á íslensku, sem ég skil ekki, og þegar ég fæ túlkun eru túlkarnir frá öðrum löndum svo stundum skil ég þá ekki,“ segir hann. Bróðir hans bendir á að túlkarnir hafi sumir ekki nægan íslenskan orðaforða til þess að túlka flókin samtöl.

## → Góðar móttökur á Akranesi


**LÍNA MAZAR**

Lína Mazar kom til Íslands 2008 ásamt hópi kvenna og barna. Akranesbær tók á móti hópnum í samstarfi við Rauða kross Íslands. „Ég byrjaði strax á íslenskunámskeiði sem varaði í tíu mánuði og börnin okkar byrjuðu í skólanum viku eftir að við komum,“ segir Lína á reiprennandi íslensku.

Hún segist hafa fengið góða aðstoð á Akranesi, og fékk hún strax stuðningsfjölskyldur, sem hafa aðstoðað hana. „Þau koma reglulega í heimsókn, við borðum saman og þau geta alltaf hjálpað mér.“

Við komuna til landsins fékk Lína húsnæði og framfærslu. „Akraneskaupstaður leigði íbúðir fyrir allar konurnar og keypti húsgögn,“ útskýrir hún. Lína segir bæjaryfirvöld vera mjög hjálpleg. Einu sinni í mánuði komi túlkur sem flóttakonurnar geti leitað til með mál sem brenna á þeim.

weber **Hágæða flísalím og fúga**
DEITERMANN TECHNOLOGY INSIDE


Weber.xerm. 850 BlueComfort C2TE
kr. **2.790**


Weber.xerm. BlueComfort 852 C2TE S1
kr. **3.990**


Weber.xerm. BlueComfort CE /TE S1 Xtra Flex
kr. **5.290**


Weber.Fug 870 Fúga 1-6 mm CG1 5 kg
kr. **1.690**


Weber.Fug 880 Silicone EC.1. plus 310 ml.
kr. **1.190**


Weber.tec 822 Rakakvoða
8 kg kr. **7.890**
24 kg kr. **19.990**

**MÚRBÚÐARVERÐ**
**Látið fagmenn vinna verkin!**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN
**MÚRBÚÐIN**
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

heimkaup.is

# LOKA DAGUR ÚTSÖLUNNAR

Þú hefur tíma til miðnættis

## Í HEIMKAUPUM

**ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM ÚTSÖLUVÖRUM!**
**ALLAR VÖRUR Á AFSLÆTTI!**

**Gerðu frábær kaup fyrir miðnætti í kvöld!**

Útsölunni á Heimkaup.is lýkur á miðnætti. Í dag, miðvikudaginn 5. febrúar, eru allar vörur á Heimkaup.is á lækkuðu verði og við gefum enn meiri afslátt af völdum útsöluvörum, aðeins í dag. Skoðaðu Heimkaup.is fyrir miðnætti og gerðu frábær kaup!



**SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD**

innan höfuðborgar-svæðisins.




PIPAR\TBWA • SÍA • 140209

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is
Örugg vefverslun
Hagstætt verð
Hraðsending
Sendum um allt land

HEIMKAUP

# Hriktir verulega í undirstöðunum

Á næstu árum mun gríðarstór hópur framhaldsskólakennara fara á eftirlaun. Nýliðunin er á sama tíma allt of lítil. Kjör stéttarinnar letja ungt fólk og skólarnir eru því ekki samkeppnisfærir, segja forsvarsmenn kennara. „Sögulegt tækifæri,“ falið í stöðunni segir prófessor.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Innan fárra ára mun stór hópur framhaldsskólakennara hætta störfum vegna aldurs. Nýliðun er að sama skapi of lítil til að fylla það skarð sem er að myndast. Forsvarsmenn kennara segja vandann kristallast í kjarabaráttu þeirra og án þess að skólarnir verði samkeppnishæfir um vel menntað fólk stefni einfaldlega í óefni. Sögulegt tækifæri við styttingu framhaldsskólans, segir prófessor.

### Erfitt úrlausnarefni

„Á meðan að meðalaldurinn hækkar stöðugt eru fáir nýir að koma inn. Nýliðunin er allt of lítil, þó þetta lafi enn þá. En það fer að hrikta verulega í undirstöðunum því stórir hópar eru að fara á eftirlaun á sama tíma,“ segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara (FF).

Rótina að þessum vanda má að hluta rekja til uppbyggingar framhaldsskólakerfisins og kröfunnar í samfélaginu um jöfn tækifæri til náms. Með hraðri uppbyggingu framhaldsskóla víða um land, en þeir eru um þrjátíu alls, fjölgaði mjög í stétt framhaldsskólakennara. Þessi stóra kynslóð kennara sem þurfti til að manna nýjar stöður og hófu störf á sama tíma, er að komast á aldur.

„Þetta verður erfitt að leysa ef framhaldsskólarnir verða ekki gerðir samkeppnishæfir í launum til að draga að sér vel menntað ungt fólk. Þetta snýst um þessi grundvallaratriði – að kerfið hvetji fólk til að starfa í skólunum en letji það ekki eins og nú er,“ segir Aðalheiður og bætir við að kennaraforystan hafi varað við þessari hættu um langt árabil.

### 566 eru 55 ára og eldri

Þegar tölfræðin er skoðuð kemur í ljós að einn af hverjum þremur framhaldsskólakennurum er 55 ára eða eldri, eða 566 af rúmlega 1.500. Kennarar sextugir og eldri eru 321 samanborið við 153 fyrir réttum áratug. Margir þessara kennara eiga rétt á að hætta störfum fyrir 67 ára aldur vegna hinnar svokölluðu 95 ára reglu. Reglan kveður á um að þegar samanlagður lífaldur opinbers starfsmanns og iðgjaldagreiðslutími hans í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er orðinn 95 ár, eigi viðkomandi rétt á lífeyri, sé hann orðinn 60 ára og láti af störfum.

### Stytting framhaldsskólans

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur talað fyrir kerfisbreytingum í framhaldsskólunum, þar á meðal styttingu náms úr fjórum árum í þrjú. Slíkt geti skapað svigrúm fyrir launahækkanir kennara umfram þau 2,8% sem samið var um á almennum launamarkaði og stendur kennurum til boða í augnablikinu. Illugi sér breytinguna þó ekki fyrir sér sem hagræðingaraðgerð heldur aðgerð til að bæta skólana og pússa af þeim augljósa agnúa.

Hugmyndir Illuga voru einnig uppi á borðum hjá Samráðsvettvangi um aukna hagsæld á Íslandi sem skilaði af sér um mitt ár í fyrra, og var komið á fót eftir skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey & Company um möguleika Íslands haustið 2012.



AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR



FRIÐRIK MÁR BALDURSSON

Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, sem jafnframt var formaður verkefnisstjórnar Samráðsvettvangsins, telur tækifæri felast í stöðunni sem er komin upp.

„Ég held einmitt að það sé sögulegt tækifæri til að gera þetta. Vegna þess að stéttin er að eldast og margir að fara á eftirlaun ætti að vera hægt að stytta skólann án þess að það ógni starfsöryggi kennara eða hafi að öðru leyti verulegt rask í för með sér innan stéttarinnar. Þetta ætti að vera nokkuð borðleggjandi „win-win“-dæmi; nemendur útskrifast ári fyrr og kennarar fá hærri laun vegna hagræðingar án þess að það hafi neikvæðar afleiðingar á starfsöryggi,“ segir Friðrik og hnykkir á því að lengja þurfi skólaárið um leið og árum sé fækkað.



**MENNTSKÆLINGAR** Sjö árgangar eru í framhaldsskólum landsins á hverjum tíma, á meðan viðmiðið er að námið taki fjögur ár. Spurt er hvað það myndi spara ef þeir væru bara sex. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Eitt ár á ári

Þegar horft er nokkur ár aftur stendur það á endum að meðalaldur framhaldsskólakennara hækkar um eitt ár á hverju ári. Þetta er skýrasta dæmið um að endurnýjunin í kennarahópnum er allt of hæg.

Á þetta bendir Ólafur H. Sigurjónsson, varaskólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla og formaður félags stjórnenda í framhaldsskólum (FS). Hann segir að kennarahópurinn sem hér er fjallað um séu reynsluboltarnir í hópnum sem bera starfið uppi. „Nú fara þeir að tínast út, og mjög margir jafnvel á næstu tveimur árum þegar horft er til 95 ára reglunnar. Ef kjörin batna ekki snarlega þá er ekkert sem heldur í þá,“ segir Ólafur sem óttast jafnframt að ungir kennarar sem hafa þegar aflað sér töluverðrar reynslu hugsi sér til hreyfings, því það séu miklir möguleikar á vinnumarkaði fyrir vel menntaða unga kennara.

zero Emission

NISSAN
Innovation that excites



GERÐUR **FYRIR ÍSLAND**

Nýja **EURO LEAF** gerðin af þessum vinsælasta rafbíl í heimi er hönnuð fyrir íslenskar aðstæður.

**Nissan EURO LEAF**
VERÐ 4.990 ÞÚS. KR.

**Við bjóðum viðskiptavinum okkar:**

- **5 ára ábyrgð á rafhlöðu**
- Upphitaða rafhlöðu fyrir örugga drægni á köldum dögum
- **Fullan aðgang að hraðhleðslustöðum Orkuveitu Reykjavíkur**
- Funheitan bíl á hverjum morgni með íslausum rúðum
- Öll sæti upphituð auk hita í stýri
- USB-tengi fyrir íslenska tónlist
- 5,8" snertiskjá með bakkmyndavél
- **Fullkomnasta rafbílaverkstæði landsins og aðgang að sérþjálfuðum starfsmönnum fyrir NISSAN EURO LEAF rafbíla**

ENNEMM / SÍA / NM61021

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.

5 YEAR WARRANTY BATTERY AND ALL EV COMPONENTS 100 000 KM

NISSAN LEAF VAR FYRSTI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM sem hlaut 5 stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófunum árið 2012.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

*Þekking er framtíðin og framtíðin er núna!*

# LEIÐRÉTTUM KJÖR HÁSKÓLAMENNTAÐRA

SAMEIGINLEGUR KJARAFUNDUR

# BHM félaganna

VERÐUR HALDINN Í HÁSKÓLABÍÓI

þann 6. febrúar kl.15.00

**Fjölmennum og sýnum samstöðu.**

Skrifstofa BHM verður lokuð frá kl.14.30
6. febrúar vegna kjarafundarins.

Bandalag háskólamanna

DYNAMO REYKJAVÍK

FRÁBÆR TILBOÐ!

Gerðu mögnuð kaup!

Fjöldi bíla á staðnum!

WWW.BÍLALAND.IS




OPEL ANTARA COSMO
Nýskr. 06/09, ekinn 111 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.550.000

TILBOÐSVERÐ! 2.990 þús.




HYUNDAI i30 WAGON COMFORT
Nýskr. 06/11, ekinn 86 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.620.000
TILBOÐ kr. 2.290 þús.




NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 06/13, ekinn 31 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.290.000
TILBOÐ kr. 1.990 þús.




TOYOTA LAND CRUISER 120 LX
Nýskr. 06/08, ekinn 67 þús km. dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 4.790.000
TILBOÐ kr. 4.290 þús.




OPEL ASTRA ENJOY
Nýskr. 06/08, ekinn 136 þús km. bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.530.000
TILBOÐ kr. 1.190 þús.




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 118 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.180.000
TILBOÐ kr. 3.380 þús.




LEXUS RX350 EXE
Nýskr. 07/08, ekinn 85 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.790.000
TILBOÐ kr. 3.990 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


# Mikil brunahætta er áfram í Noregi

**Mestu þurrkar í heila öld ásamt linnulitlu hvassviðri hafa valdið fjórum stórbrunum í Noregi á síðustu vikum. Enn er hætta á að eldar kvikni um miðbik landsins.**

**NOREGUR** Óvenju miklir þurrkar hafa verið eftir áramótin í vestur- og miðhluta Noregs, með þeim afleiðingum að hver stórbruninn eftir annan hefur læst sig um gróðurlendi og heilu bæjarhverfin á síðustu vikum.

Mikið hvassviðri hefur gert eldana illviðráðanlega og tjónið er sums staðar stórfellt.

Fyrst læstu eldarnir sig í gömul timburhús á Lærdalseyri upp úr miðjum janúar, undir lok mánaðarins var röðin komin að bænum Flatanger og eyjunni Frøya. Í gær kviknaði svo í iðnaðarhverfi í bænum Steinkjær. Fleiri brunar af stærri gerðinni hafa orðið á síðustu vikum.

Á annað hundrað hús hafa orðið eldinum að bráð, en til þessa hafa eldarnir ekki grandað fólki.

Norska veðurstofan segir það ekki hafa gerst í meira en öld að ekki hafi komið dropi úr lofti allan janúarmánuð á stóru svæði um miðbik Noregs. Sums staðar hefur engin úrkoma verið frá því nokkru fyrir jól.

„Ekki eitt snjókorn. Ekki einn regndropi. Hvort sem þú býrð í Bodø, Narvik, Harstad, Tysfjord eða Fauske hefur ekkert komið eða nema vindur í loftinu þennan mánuðinn,“ skrifar Astrid Rommetveit á vefsíðu norsku veðurstofunnar hinn 30. janúar, þegar hún fór yfir stöðuna.

Ástandið er reyndar heldur að lagast núna allra síðustu dagana. Byrjað er að rigna sunnan til og nyrst í landinu, þótt sums staðar sé úrkoman í minnsta lagi. Enn er talin mikil hætta á að eldar kvikni í gróðri á Mæri og í Romsdal, í Þrændalögum og norður til Suður-Helgelands.

Öll meðferð elds hefur verið stranglega bönnuð á hættusvæðunum, og margir kvíða því að fleiri fréttir af eldsvoðum birtist í fjölmiðlum.

gudsteinn@frettabladid.is



**FORSÆTISRÁÐHERRANN Á BRUNASTAÐ** Erna Solberg forsætisráðherra Noregs skoðaði skemmdirnar í Lærdal í síðasta mánuði ásamt Anders Anundsen dómsmálaráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

## Helstu eldsvoðarnir í Noregi








Fimmtudaginn 6. febrúar verðum við í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ með opið hús í nýju glæsilegu byggingunni okkar.

Opið verður frá kl. 16:00-19:00 og eru allir velkomnir.
Hægt verður að skoða bygginguna og kynning verður á námsframboði og félagslífi. M.a. verður ný opin stúdentsbraut kynnt.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans www.fmos.is og á fésbókarsíðu skólans.

10. bekkingar og foreldrar/forráðamenn eru boðnir sérstaklega velkomnir.

Starfsmenn Framhaldsskólans í Mosfellsbæ

FMOS




# Þú gætir eignast nýjan Citigo ef þú drífur bílinn í skoðun!

## HAPPDRÆTTI

Þeir sem koma með bíl í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast stórglæsilegan Skoda Citigo sem verður dreginn út þ. 1. júlí 2014.

*Aðalvinningur er splunkunýr Skoda Citigo árg. 2014*




IS FE 14 2014 012

*Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.*

**32**
**SKOÐUNARSTÖÐVAR UM LAND ALLT**







**Frumherji**

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

BETRI STOFAN







Ný talning greinir frá hjálmanotkun Íslendinga:

# Snjóbrettafólk notar sjaldnar hjálma

**ÚTIVIST** Hjálmanotkun er að jafnaði algengari hjá íslenskum skíðamönnum en snjóbrettaiðkendum samkvæmt talningu Vátryggingafélags Íslands, VÍS. Þrír af hverjum fjórum skíðamönnum nota hjálm og liðlega sex af hverjum tíu á snjóbrettum.

Talningin fór fram í Hlíðarfjalli, Oddsskarði og Bláfjöllum núna í janúar og var ekki mikill munur á niðurstöðum milli svæða. Flestir skíðamenn notuðu hjálm í Hlíðarfjalli, eða 87%, og flestir snjóbrettaiðkendur í Oddsskarði, 67%. Alls voru 605 manns í úrtakinu.

Í grein á vefsíðu VÍS um talninguna segir að það sé miður að brettafólk noti síður hjálm, þar sem það taki yfirleitt meiri áhættu við æfingar sínar en skíðafólk. VÍS segir rannsóknir einnig sýna að brettafólk sé tvisvar sinnum líklegra til að meiðast á höfði. - bá



**HÚS Í REYKJAVÍK** Hjálmar Sveinsson segir að íbúðakaup Gamma virki svolítið eins og „cowboy-kapítalismi“. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gamma ekki metið sem allsráðandi

Skipulagsráð Reykjavíkurborgar segir slæmt ef félag á borð við Gamma verður allsráðandi á markaði. Það gangi gegn húsnæðisstefnu ráðsins. Hlutur Gamma sé þó enn þá svo lítill að ekki sé talið tilefni til aðgerða.

**HÚSNÆÐISMÁL** Félagið Gamma hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu vegna íbúðakaupa sinna á höfuðborgarsvæðinu. Talið er að það hafi eignast allt að 350 íbúðir og hafa sumir áhyggjur af því að húsnæðisverð á svæðinu muni hækka mikið í kjölfarið.

„Það yrði mjög slæmt ef svona félög væru allsráðandi á markaðnum. Það væri algjörlega andstætt okkar húsnæðisstefnu,“ segir Hjálmar Sveinsson, sem á sæti í skipulagsráði Reykjavíkurborgar, aðspurður.

Hann bætir samt við að Gamma sé enn tiltölulega lítið á markaðnum. Til að mynda eigi Félagsbústaðir Reykjavíkurborgar um 2.200 íbúðir.

„Við lítum svo á að félög af þessu tagi þurfi ekkert endilega að vera slæm. Það er mjög mikil hefð fyrir svona leigufélögum víða erlendis. Aðalatriðið er að Reykjavík standi sig í sinni húsnæðisstefnu og að réttur leigjenda sé ekki fyrir borð borinn.“

Aðspurður segir Hjálmar lítið hægt að gera þótt leiga hækki vegna kaupanna. „Það er ekkert hægt að gera nema að sjá til þess að það sé nægt framboð af húsnæði á viðráðanlegu verði. En ég skil vel að fólki bregði aðeins því þetta er nýtt á Íslandi. Þetta virkar svolítið eins og „cowboy-kapítalismi“,“ segir hann.

„Það er augljóslega verið að kaupa mikið upp í Vesturbænum. Ég reikna með að leiguverð íbúða muni hækka og það er verið að nýta sér ákveðnar væntingar á markaði en þannig virkar kapítalisminn. Við viljum spyrna á móti með því að stórauka framboð á húsnæði.“

> **Við lítum svo á að félög af þessu tagi þurfi ekkert endilega að vera slæm.**
>
> *Hjálmar Sveinsson, fulltrúi í skipulagsráði*

Hjálmar tekur fram að Reykjavíkurborg ætli að byggja 2.500 til 3.000 leigu- og búseturéttaríbúðir næstu fimm árin til að efla leigumarkaðinn.

„Það er hlutverk borgarinnar að skapa grundvöll fyrir fjárfesta og sérstaklega húsnæðissamvinnufélög á borð við Búseta til að geta byggt slík fjölbýlishús,“ segir hann og nefnir byggingu 250 íbúða við Einholt og Þverholt og 150 íbúða á Hampiðjureitnum í því samhengi. „Þessi stefna er þegar komin í framkvæmd.“

Samkeppniseftirlitið hefur ekki tekið íbúðakaup Gamma til athugunar og því liggur ekkert fyrir um aðgerðir af hálfu þess. „Þetta hefur ekki komið á okkar borð og er ekki til skoðunar,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

freyr@frettabladid.is

Landssamtök foreldra:

# Vonbrigði að enn sé ósamið

**KJARAMÁL** Stjórn Heimilis og skóla hefur þungar áhyggjur af kjaradeilu framhaldsskólakennara og stjórnvalda.

Í ályktun stjórnarinnar frá í gær segir að ef til verkfalls komi muni það hafa neikvæð áhrif á nám framhaldsskólanema.

„Foreldrar hafa síðan snemma í haust hvatt samningsaðila til að gera það sem í þeirra valdi stendur til að finna lausn á deilunni. Því eru vonbrigði að enn sé ósamið,“ segir einnig í ályktuninni - skó

Prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands segir umræðu um jafnrétti kynja skauta yfir vandamál karla:

# Karlar gleymast oft í umræðu um jafnrétti

**JAFNRÉTTISMÁL** „Umræðan er miðuð að kjörum og hag kvenna og það er í sjálfu sér fyllilega réttlætanlegt að beina sjónum að því, en um leið gleymist það að karlar standa höllum fæti á margvíslegan hátt í samfélaginu,“ segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

„Karlar eru mun líklegri til að fremja sjálfsvíg, glíma við fíknivanda, lenda í fangelsi, fremja afbrot, lenda í slysum og ýmislegt fleira. Þetta vill oft gleymast í umræðu um jafnrétti kynja og menn taka þetta af einhverjum ástæðum ekki eins alvarlega og vandamál sem konur standa gjarnan frammi fyrir,“ segir Helgi.

„Þetta ætti að vera viðfangsefni jafnréttisbaráttu í meiri mæli en nú er gert,“ bætir hann við.

„Karlar sem standa höllum fæti í samfélaginu eru gleymdur hópur sem á sér engan málsvara,“ segir Helgi og spyr að lokum: „Er þetta gjald karlmennskunnar?“ - js

## → Finnst karlar verðskulda þyngri dóma



HELGI GUNNLAUGSSON

Í rannsókn sem Helgi Gunnlaugsson stóð að kom meðal annars í ljós að Íslendingar telja karla verðskulda töluvert þyngri dóma heldur en konur fyrir sömu afbrot.

„Við spurðum fólk að því hvað það vildi dæma aðila, sem hefði orðið uppvís að fíkniefnasmygli til landsins, til langrar fangelsisvistar. Breytan sem við skoðuðum var kyn brotamannsins. Tæpur helmingur vildi dæma í meira en þriggja ára fangelsi ef um var að ræða karl, en einungis þriðjungur ef um var að ræða konu. Þessar niðurstöður voru nokkuð sláandi,“ segir Helgi.

Hann segir niðurstöðurnar endurspegla undirliggjandi vandamál sem karlar standi frammi fyrir í samfélaginu og fái ekki hljómgrunn.

Mið-Afríkulýðveldið:

# 20.000 börn fá inni í skólum

**HJÁLPARSTARF** UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, hefur ásamt samstarfsaðilum sett upp tímabundna skóla vítt og breitt um Bangui, höfuðborg Mið-Afríkulýðveldisins, en um 20.000 börn hafa hrakist frá heimilum sínum vegna átaka sem þar hafa geysað undanfarið.

Öllum 100 skólum borgarinnar var lokað, en nú mun börnunum aftur bjóðast að sækja skóla, sem er einn meginhlutinn í að koma tilveru þeirra á rétt ról.

„Ef börnin komast ekki í skólana verða skólastofurnar að koma til þeirra,“ segir Judith Léveillée, svæðisstjóri UNICEF í landinu í tilkynningu. Þetta verkefni er meðal annars stutt af heimsforeldrum UNICEF hér á Íslandi. - þj



**HÖFUÐSTÖÐVAR NSA** Stjórnvöld sóttust eftir upplýsingunum í nafni þjóðaröryggis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Netupplýsingar neytenda:

# Safnað saman fyrir stjórnvöld

**BANDARÍKIN, AP** Ríkisstjórn Bandaríkjanna safnar saman netupplýsingum um tugi þúsunda þegna sinna á sex mánaða fresti í nafni þjóðaröryggisrannsókna. Þetta kemur fram í tilkynningum frá mörgum helstu upplýsinga- og tæknifyrirtækjum heimsins.

Google, Microsoft og Facebook voru meðal þeirra fyrirtækja sem hafa nú gert upplýsingar aðgengilegar um gagnasöfnun stjórnvalda í kjölfar lagalegs samnings við ríkisstjórn landsins. Nýttu sum fyrirtækjanna tækifærið til að gagnrýna stefnu Baracks Obama í upplýsingasöfnun um einstaklinga. - bá

Ferðir Herjólfs vandasamar:

# Hönnun á nýrri ferju boðin út

**SAMGÖNGUR** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir að með nýrri ferju leysist vandi siglinga milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar. Hún er vongóð um að ná að bjóða út hönnun á nýjum Herjólfi síðar í mánuðinum. Þetta kemur fram í fréttum RÚV í gærkvöldi.

Mikill sandur í Landeyjahöfn hefur iðulega gert siglingu Herjólfs erfiða undanfarin ár og farþegabáturinn Víkingur, sem á að fara tvær ferðir á dag, felldi niður ferðir í gær vegna veðurs. - bá


# Veldu MeisterStück frá Bosch.




## Frábær tækni, enginn óþarfi, heldur nákvæmlega það sem til þarf á afar hagstæðu verði.

Bosch hefur nú sett á markað glæsilegar uppþvottavélar, þvottavél og þurrkara sem öll eru MeisterStück-tæki.

MeisterStück er tákn um frábæra tækni, engan óþarfa, heldur nákvæmlega það sem til þarf og á hagkvæmu verði. Allt til að gera þig ánægða(n). Ef svo ólíklega vill til að þú verðir ekki ánægð(ur) með vélina geturðu einfaldlega skilað henni innan 100 daga.

Bosch er rótgróið þýskt vörumerki og eru Bosch heimilistækin þau mest seldu í Evrópu.

**Uppþvottavél, hvít**

SMU 55M12SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun. Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus). Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Tilboðsverð: 139.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 189.900 kr.

**Þú sparar 50.000 kr.**



**Þvottavél**

WAS 32471SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++. Hámarksvinduhraði: 1600 sn./mín. Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð. Mjög hljóðlát. Sérkerfi: Dúnkerfi, sérkerfi fyrir dökkan þvott, skyrtur, sérkerfi fyrir íþróttafatnað, mjög stutt 15 mín. hraðkerfi, húðverndarkerfi (ECARF gæðavottun), blandaður þvottur, viðkvæmur þvottur/silki.

**Tilboðsverð: 149.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 60.000 kr.**




**Uppþvottavél, stál**

SMU 55M15SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun. Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus). Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Tilboðsverð: 159.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 50.000 kr.**



**Þurrkari**

WTW 86371SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Gufuþétting, enginn barki. Sjálfhreinsandi rakaþéttir. Sérkerfi: Ull, íþróttafatnaður, dúnkerfi og 40 mín. hraðkerfi. Stór og skýr skjár. Krumpuvörn í lok kerfis.

**Tilboðsverð: 149.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 60.000 kr.**



**Uppþvottavél, alklæðanleg**

SMV 55M00SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun. Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus). Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Tilboðsverð: 179.900 kr. stgr.**

Fullt verð: 229.900 kr.

**Þú sparar 50.000 kr.**



Green Technology inside

Made by Germans

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til 15. febrúar eða á meðan birgðir endast.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Vaxandi ofbeldi gegn kennurum:

# Vandi sem ekki á að þegja um

Fréttablaðið og Stöð 2 hafa undanfarna daga sagt fréttir af auknu ofbeldi og einelti gegn kennurum og öðru starfsfólki í grunnskólum.

Í Fréttablaðinu á mánudag var rætt við Guðbjörgu Ragnarsdóttur, varaformann Félags grunnskólakennara, sem segir ofbeldi gegn kennurum meira en áður, þótt ekki sé það algengt. Dæmi séu um að sjái á kennurum eftir nemendur þeirra og að þeir hafi þurft að leita læknis og taka sér veikindaleyfi. Kennarar mæta líka í einhverjum tilvikum andlegu ofbeldi eða einelti. Guðbjörg segir frá því að það færist í vöxt að nemendur bregði snjallsímunum sínum á loft í kennslustofunni og taki upp þegar kennarar brýna raustina, en þá fylgi sjaldnast með það sem á undan hafi farið, þar sem nemendur hafi jafnvel markvisst reynt að reita kennarann til reiði.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Um þetta sagði Edda Kjartansdóttir, ritstjóri Krítarinnar, vefrits um skólamál, í fréttum Stöðvar 2 á mánudaginn að það væri að sjálfsögðu erfitt fyrir kennara að halda virðingu í bekk ef verið væri að hlæja að honum á internetinu.

Þetta er ekki góð þróun. Margir hafa á undanförnum árum vaknað til vitundar um þá meinsemd sem ofbeldi og einelti er í skólakerfinu, en vitundarvakningin hefur aðallega snúizt um að vernda börn fyrir slíku athæfi og tryggja að tekið sé á því ef það kemur upp. Þess eru dæmi að kennarar beiti börn ofbeldi eða leggi þau í einelti og slíkt á að sjálfsögðu ekki að líðast.

Dæmin þar sem kennarar verða fyrir ofbeldi af hálfu nemenda sinna hafa hins vegar ekki fengið jafnmikla athygli og ýmislegt bendir til að slíkt sé óskaplegt feimnismál. Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi var rætt við kennara – sem ekki vildi koma fram undir nafni – um grófa árás sem hún varð fyrir af hálfu nemanda síns. Konan upplifði úrræðaleysi og þöggun; nemandinn, sem átti vissulega við sín vandamál að stríða, hélt bekknum áfram í heljargreipum þegar hann fékk reiðiköst. Kennarinn hrökklaðist að lokum úr starfi og það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að átta sig á því að vinnufriður annarra barna í bekknum hefur ekki verið mikill.

Hættan á að kennarar verði fyrir líkamlegu ofbeldi hefur að öllum líkindum aukizt eftir að börn með ýmiss konar alvarlegar geðraskanir fóru að sitja í tímum með öðrum undir merkjum stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Snjallsímavæðingin býr til annars konar og í raun óskylt vandamál, en þýðir að einelti sem kennarar verða stundum fyrir kemst á nýtt stig.

Foreldrar eru orðnir afskaplega vel meðvitaðir um rétt barna sinna í skólanum, sé á þau hallað. En skólinn verður ekki góður vinnustaður nema líka sé gætt að rétti og vellíðan kennara og annars starfsfólks, sem glímir við æ flóknari veruleika í starfi sínu. Skólinn leysir vandann ekki einn; það er til dæmis hlutverk foreldra að kenna fólki aga og almenna kurteisi.

Svo mikið er alltént víst að það hjálpar alls ekki að grafa vandamálið og tala ekki um það. Þessi tegund af einelti og ofbeldi þarf líka að koma upp á yfirborðið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Jesús er enginn hommi**
Vongóðir frambjóðendur til borgarstjórnar eru komnir á stjá. Óskar Bergsson, oddviti Framsóknarflokksins, gagnrýndi á fundi í HÍ framkomu sitjandi borgarstjóra. Sérstaklega þau ummæli að Jesús hafi ef til vill verið hommi. Taldi Óskar afar óviðeigandi að dylgja um látið fólk. Það má velta fyrir sér á hvaða mið Óskar hafi verið að róa með þessari athugasemd. Líklega ekki mjög gjöful, því miðað við vinsældir borgarstjórans og eins stærsta viðburðar borgarinnar ár hvert, Hinsegin daga, verður að teljast ólíklegt að ummæli Óskars auki líkurnar á Framsóknarvori í Reykjavík.



**Loksins lausn á launamisrétti**
Annar frambjóðandi var gestur útvarpsþáttarins Harmageddon í gær, Sóley Tómasdóttir, en hún veitti meðal annars formennsku starfshópi um útrýmingu kynbundins launamunar meðal borgarstarfsmanna. Þáttarstjórnendur þráspurðu Sóleyju hvers vegna ekki væri hægt að leiðrétta launamun í eitt skipti fyrir öll. Komu svör róttæka femínistans nokkuð á óvart, því Sóley sagði vandamálið afar flókið og krefjist margslunginna aðgerða. Meðal þeirra aðgerða sem hópur hennar lagði til er að setja þak á greidda yfirvinnu og má með sanni segja að ekki sé ráð nema í tíma sé tekið. Akureyrarbær fór í sambærilega aðgerð fyrir nær átta árum með góðum árangri.



**Vanmáttur til umræðu**
Það vakti eftirtekt þegar þingmaðurinn Brynjar Níelsson lýsti vonleysi sínu gagnvart öllum EES-tilskipununum sem renna ljúflega í gegnum Alþingi án umræðu.

Vonleysi Brynjars kemur ekki að ástæðulausu. Nýlegt dæmi leiðir í ljós að við afgreiðslu tilskipunar stóðu umræður í rétt rúma klukkustund. Þar ræddu fjórir þingmenn um ekkert er varðaði efni tilskipunarinnar og eingöngu um vanmátt þingsins gagnvart slíkum tilskipunum. Tilskipunin var síðar samþykkt einróma.

eva@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Lífhagkerfið – dýrmæt auðlind

AUÐLINDIR



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Ísland er með formennsku í samstarfi Norðurlandanna árið 2014. Samkvæmt venju hafa verið skipulögð ákveðin formennskuverkefni og hafa þrjú ráðuneyti; atvinnuvega- og nýsköpunar, umhverfis- og auðlinda- og mennta- og menningarmála sameinast um framkvæmd forgangsverkefnis sem kallað er Norræna lífhagkerfið og fengið hefur vinnuheitið NordBio. Verkefninu er ætlað að standa yfir í þrjú ár.

Í dag boðar íslenska verkefnisstjórnin til opnunarfundar um NordBio í Norræna húsinu í Vatnsmýrinni. Þar munu koma saman um 100 manns frá Norðurlöndunum, að meðtöldum sjálfstjórnarsvæðum, og ræða framkvæmd verkefnisins.

Í NordBio endurspeglast norræn samvinna eins og hún gerist metnaðarfyllst. Verkefnið sameinar krafta sérfræðinga, stofnana og fyrirtækja sem starfa á sviði lífrænna auðlinda.

Því er ætlað styrkja norrænt atvinnulíf og bæta umhverfislegan, hagrænan og félagslegan afrakstur af nýtingu auðlinda úr lífríkinu, bæði til lands og sjávar. Þá er því einnig ætlað að styrkja byggðaþróun, þekkingarlegan grunn að stefnumörkun í atvinnulífinu og umhverfismálum með því að efla samstarf á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar í lífhagkerfinu. NordBio er enn fremur ætlað að leggja bættan grunn að orkuvinnslu, fæðuöryggi og lýðheilsu og opna norrænni framleiðslu aðgang að mörkuðum sem komi til góða vaxandi fólksfjölda í heiminum.

**➜ Verkefnið sameinar krafta sérfræðinga, stofnana og fyrirtækja sem starfa að sviði lífrænna auðlinda.**

Hugmyndafræðin bak við NordBio verkefnið tengist vel við opinbera stefnumótun íslenskra stjórnvalda, eins og fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og Byggðaáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi.

Ljóst er að lífrænar auðlindir eru ein helsta undirstaða velferðar á Íslandi sem og hjá hinum norrænu ríkjunum. Mikil verðmæti eru falin í lífrænum auðlindum landanna og löndin hafa góðar forsendur til að ryðja brautina í varðveislu og bættri nýtingu þeirra og er verkefninu meðal annars ætlað að tryggja Norðurlöndunum leiðandi hlutverk á þessu sviði. Til marks um áhuga annarra þjóða á verkefninu má nefna að samtök á vegum Breska samveldisins munu eiga áheyrnarfulltrúa á fundinum.

Það er von mín að formennska Íslands á þessum vettvangi verði til þess að opna augu fólks fyrir þessari miklu og dýrmætu auðlind, sem lífhagkerfið er.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Reykjavík fyrir alla

Það er gott fyrir marga að búa í Reykjavík en það er ekki nóg því Reykjavík á að vera fyrir alla. Lykillinn að öflugu borgarsamfélagi er mannlífið og lífsskilyrðin sem eru í boði fyrir borgarbúa og þar skiptir máli að allir geti notið.

HÚSNÆÐI



**Grímur Atlason**
frambjóðandi í 1. sæti fyrir VG í Reykjavík

Húsnæðismál í Reykjavík eru því miður frumskógur sem erfitt er að fóta sig í. Erfitt er fyrir ungt fólk að leigja eða kaupa sér húsnæði, fjölskyldur eiga í vanda og eldri borgarar og fólk með fötlun eiga jafnvel enn erfiðara með að finna sér boðlegt húsnæði sem það hefur ráð á. Kerfið er því miður sniðið að þeim efnameiri í samfélaginu. Áratuga stefna sem miðar að því að fólk búi í eigin húsnæði hefur skilað okkur þessari stöðu sem við verðum að vinda ofan af án tafar!

Á sama tíma og lífeyrissjóðirnir reyna að ávaxta lífeyrinn okkar býður núverandi kerfi upp á að sjóðirnir vinni á móti hagsmunum sjóðsfélaganna. Fjárfestingar í fasteignafélögum sem kaupa upp eignir í miðborg Reykjavíkur og víðar skila sér í himinháu leiguverði og háu húsnæðisverði – sem aftur er verðbólguhvetjandi. Þeir sem tapa: sjóðsfélagar. Eiginlegur leigumarkaður er ekki til heldur ríkir frumskógarlögmálið þar sem flestir tapa með ótryggri og ósanngjarnri stöðu.

**Alvöruleigumarkaður**

Í Danmörku hefur lengi tíðkast að lífeyrissjóðirnir eigi og reki fasteignafélög sem leigja sjóðsfélögum íbúðir á sanngjörnu og eðlilegu verði. Með þessu er stuðlað að alvöruleigumarkaði sem ekki byggir á því einu að blása í verðblöðru samfélags þar sem peningar einir virðast mega ráða för. Lífeyrissjóðir á Íslandi verða samkvæmt lögum að leita að hámarksávöxtun hverju sinni með tilheyrandi áhættusækni. Þessum lögum þarf að breyta. Hins vegar er umdeilanlegt hvort það væri lakari kostur fyrir sjóðina að fjárfesta og reka leigufélög fyrir sjóðsfélaga eða fjárfesta í mörgum af þeim loftbóluverkefnum sem hingað til hafa talist bestu kostirnir.

Reykjavíkurborg getur orðið leiðandi afl í breyttum áherslum á húsnæðismarkaði. Frjálshyggjulausnir liðinna ára eru löngu búnar að sanna sig sem gjaldþrota. Leitum nýrra leiða og hverfum af braut peningahyggju. Þá verður blómlegt um að litast í höfuðborginni um langa framtíð!

# Opið bréf til Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra

MENNTUN



**Haraldur Reynisson**
mastersnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Komdu sæll, Illugi.

Ég á erindi við þig þar sem þú ert menntamálaráðherra og ráðuneyti þitt veitir kennurum starfsleyfi. Leyfisbréf eru gefin út og veitt þeim sem hafa uppfyllt ákveðnar lögbundnar kröfur. Árið 2008 tóku gildi ný lög um kennaramenntun og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem ætla sér að starfa sem kennarar auknar. Í stað þriggja ára náms áður sem veitir B.Ed.-gráðu þarf nú að taka tveggja ára mastersnám til viðbótar til þess að fá að nota starfsheitið grunnskólakennari. Lögunum hefur tvívegis verið breytt síðan. Þessi námsleið fékk nafnið Finnska leiðin. Þetta veistu en ég þarf samt sem áður að nefna þetta hér áður en ég kem að sjálfu erindinu.

Þannig er að ég hóf nám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands haustið 2009 og útskrifaðist í júní 2012. Hið nýja nám var ekki orðið að veruleika og því nutum hvorki ég né samnemendur mínir góðs af því. Það eitt og sér er til háborinnar skammar. En það er þó ekki það sem ég ætla að ræða við þig. Það sem ég ætla að ræða við þig er sú mismunun sem þú lætur viðgangast hjá þínu ráðuneyti. Að minnsta kosti 20 samnemendur mínir hafa fengið útgefið starfsleyfi frá ráðuneytinu þínu, aðilar sem voru á sama tíma og ég í námi.

- Við uppfylltum sömu námskröfur.
- Við lukum sama námi með 1. einkunn.
- Við sátum sum hver hlið við hlið, m.a. í útskriftinni.
- Við borguðum sömu skólagjöld.
- Við gerðum allt eins, en ráðuneytið mismunar okkur gróflega.

Ég, ásamt stórum hópi nemenda, sendi þér bréf síðastliðinn nóvember þar sem þetta mál var rakið með mjög nákvæmum hætti. Það tók ráðuneytið þitt meira en tvo mánuði að senda okkur þau svör að einhver mistök hefðu átt sér stað, en að ráðuneytið þitt ætlaði sér ekki að bæta úr þeim mistökum á neinn hátt, eða gera neitt yfirhöfuð.

Ég spyr þig því hér og krefst þess að þú svarir mér.

**1** Af hverju þarf ég að ljúka mastersnámi en ekki þeir 20 aðilar (a.m.k.) sem luku sama námi og ég og útskrifuðust á sama tíma og ég með B.Ed.-gráðu og hafa nú fengið leyfisbréf?

**2** Telurðu þér heimilt að mismuna fólki í þínum störfum, án þess að slíkt hafi nokkrar afleiðingar? Telurðu að þú sért hafinn yfir jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga?

**➜ Telurðu þér heimilt að mismuna fólki í þínum störfum, án þess að slíkt hafi nokkrar afleiðingar?**

Ég sætti mig ekki við þau svör að hér hafi verið gerð mistök. Ef um væri að ræða einn nemanda sem fengið hefði starfsleyfi væri ég ekki að skrifa þetta bréf. Við erum að tala um a.m.k. 20 leyfisbréf, og mörg hver voru gefin út eftir að ráðuneytinu var bent á þessa mismunun. Nú stend ég frammi fyrir því að fara með málið til Umboðsmanns Alþingis því ég get ekki sætt mig við slík vinnubrögð. Í ljósi þess að lögunum hefur þegar verið breytt tvívegis tel ég rétt að þú beitir þér fyrir því að þeim verði breytt einu sinni enn til að rétta hlut þeirra nemenda sem brotið hefur verið á.

Líf án streitu
- lærðu að njóta lífsins



7 daga heilsudvöl 9. – 16. mars

Námskeiðið er fyrir þá sem vilja njóta lífsins, lifa lífinu aðeins hægar og huga að andlegri og líkamlegri líðan. Dvölin gefur einnig einstakt tækifæri til að taka upp nýjar og skynsamlegar leiðir hvað varðar hreyfingu, næringu og svefn.

**Innifalið:** Gisting, ljúffengur og hollur matur, skipulögð dagskrá, hugleiðsla og jóga, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt. Einnig nudd og val um ýmsar meðferðir. **Verð á mann: 119.900 kr.**

**Nánari upplýsingar í síma 483 0300 eða heilsu@hnlfi.is**

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands
Grænumörk 10 – Hveragerði – www.hnlfi.is
Aukadagur fyrir þá sem vilja lengja dvölina er 9.900 kr. pr. sólarhring.
DAGSVERK.IS / HNLFÍ 0114



thekking.is
TÖLVUKERFIÐ ÞITT Í ÖRUGGUM HÖNDUM
**Öryggi**
· Ráðgjöf
· Úttektir
· Stefnumótun
**Afritun**
· Hagkvæmar lausnir
· Mikil reynsla og traust vinnubrögð
· Sérfræðiráðgjöf
Kynntu þér málið:
**460 3100 / sala@thekking.is**
URÐARHVARF 6, 203 KÓPAVOGUR
HAFNARSTRÆTI 93-95, 600 AKUREYRI
460 3100
THEKKING.IS
ÞEKKING
Tölvudeildin þín
Orri Stefánsson
@thekking í 13 ár
vinnustofan.is // 012014



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**EVU BENEDIKTSDÓTTUR**
**frá Þverá í Öxarfirði,**
**Aflagranda 40.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landakotsspítala deild 2K fyrir góða umönnun og einstaka hlýju.

**Rósa Valtýsdóttir**
**Bára Valtýsdóttir** **Ragnar Jónsson**
**Björg Valtýsdóttir** **Kristinn Pálsson**
**Óskar Valtýsson** **Guðbjörg Rannveig Jónsdóttir**
**Valdís Axfjörð** **Már Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, tengdadóttir, amma og langamma,

**ELÍN SIGURÐARDÓTTIR**
**Ártúni 15, Selfossi,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 28. janúar. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 7. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Selfosskirkju.

**Birgir Jónsson**
**Ari Birgisson** **Súsanna Valsdóttir**
**Jón Þór Birgisson** **Kathrina Andersen**
**Aðalheiður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRIR HARALDSSON**
**menntaskólakennari,**
**Ásabyggð 11, Akureyri,**

lést fimmtudaginn 30. janúar á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 10. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri og Krabbameinsfélagið.

**Una Sigurliðadóttir**
**Rósa Rut Þórisdóttir** **Marwan Soliman**
**Inga Jóna Þórisdóttir** **Sigurður Viktor Úlfarsson**
**Ása Vala Þórisdóttir** **Rúnar Sigþórsson**
**og barnabörn.**



✝

Minn ástkæri sambýlismaður og fóstri, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLL SIGURJÓNSSON**

lést miðvikudaginn 15. janúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar 11E og líknardeildar Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Anna Helen Sveinbjörnsdóttir**
**Guðrún Lilja og Arnar Daði**

**Sigurjón Pálsson** **Dóra Margrét Bjarnadóttir**
**Magnús Pálsson** **Helga Þóra Ragnarsdóttir**
**Guðmundur Fr. Pálsson** **Ólöf Þorgerður Þorgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAFSTEINN SIGURÞÓRSSON**
**Eyktarsmára 8, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 2. febrúar.

**Ingibjörg Birna Þorláksdóttir**
**Sigurþór N. Hafsteinsson**
**Laufey Hafsteinsdóttir** **Bjarni Hauksson**
**Gunnar Karl Ársælsson** **Sigurlaug Sverrisdóttir**
**Sólrún Ársælsdóttir** **Ingólfur V. Ævarsson**
**Ingibjörg Birna Ársælsdóttir** **Arnór Sigurðarson**
**Signý V. Sigurþórsdóttir** **Samuel Perella**
**Egill Andri Sigurþórsson** **Sigyn Blöndal**
**Andri Heiðar Sigurþórsson**
**Elín Birna Bjarnadóttir** **Thomas Redder**
**Hafsteinn Bjarnason** **Rebekka Hafþórsdóttir**
**Brynjar Bjarnason**
**og barnabarnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST** 5. FEBRÚAR 1917

# Carranza kynnir nýja stjórnarskrá

Eftir sjö ára byltingu og umrót í þjóðfélaginu, kunngerði Venustiano Carranza forseti nýja stjórnarskrá Mexíkó, sem fól í sér loforð um að innfæddir Mexíkóbúar myndu endurheimta lönd sín. Einnig að komið yrði á aðskilnaði ríkis og kirkju auk umfangsmikilla umbóta á hagkerfi og menntakerfi landsins. Stjórnarskráin var samþykkt af sérstöku þingi sem Carranza kallaði saman en hún þótti mjög framsækin og sameinaði kröfur byltingarsinna fyrir landi og þróaðar félagskenningar. Hins vegar liðu margir áratugir þar til mörg þessara loforða urðu að veruleika.

Ekki voru allir sáttir við umbótatilraunir Carranzas. Bardagar héldu því áfram og að lokum var forsetanum steypt af stóli og hann myrtur árið 1920 og sá stöðugleiki sem virtist vera í augsýn var fyrir bí. Það var ekki fyrr en eftir síðari heimsstyrjöldina að nokkur stöðugleiki komst á að nýju, þegar iðnhyggjan, sem fékk byr undir báða vængi í stríðinu, fór að leika stórt hlutverk í hagkerfi landsins. Þá varð Miguel Alemýn hinn fyrsti af mörgum borgaralegum forsetum Mexíkó.



**CARRANZA** Gekk illa að koma á umbótum í Mexíkó og var myrtur árið 1920.

# Hádegistónleikaröðin Ljáðu mér eyra hefst

Tónleikaröðin Ljáðu mér eyra hefst í dag. Um er að ræða hálftíma langa tónleika, þar sem fram koma margir af þekktustu söngvurum þjóðarinnar.

Tónleikaröðin Ljáðu mér eyra hefst aftur í Fríkirkjunni í dag klukkan 12.15. Um er að ræða hálftíma tónleika í hvert skipti undir styrkri stjórn píanóleikarans Gerrits Schuil en hann fær til liðs við sig marga af helstu stjörnum íslensks tónlistarlífs.

„Píanóleikarinn Gerrit Schuil hóf þessa tónleikaröð árið 2009 en hann er einn af okkar helstu meðleikurum hér á landi og á auðvelt með að fá til liðs við sig helstu kanónur landsins úr klassíska geiranum,“ segir Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona. Hún verður jafnframt fyrsti gestur Schuil. Hún hefur getið sér gott orð undanfarin ár sem litríkur flytjandi á óperusviði, óratoríusviði og fyrir flutning sinn á barokktónlist en hefur einnig vakið mikla athygli fyrir ljóðasöng. Hallveig sló eftirminnilega í gegn í hlutverki Michaëlu í uppsetningu Íslensku óperunnar á Carmen í haust og er tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir hlutverkið.

„Gerrit Schuil er frábær píanisti og er líka einn okkar aðalljóðatúlkandi,“ segir Hallveig. Schuil er frá Hollandi en hefur búið hér á landi í 21 ár og unnið við ýmislegt. Hann hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands og verið listrænn stjórnandi hjá Íslensku óperunni ásamt því að kenna.

„Tónleikaröðin stendur til 9. apríl og verður alltaf á hverjum miðvikudegi og kostar einungis þúsund krónur inn. Það hefur alltaf verið ágætis aðsókn á tónleikana. Tónleikaröðin hefur verið í pásu síðan 4. desember enda desembermánuður mikill annamánuður fyrir tónlistarmenn,“ segir Hallveig.

Á tónleikum vorsins koma til að mynda fram með honum þau Diddú, Hanna Dóra Sturludóttir, Ágúst Ólafsson, Guðný Guðmundsdóttir og Þóra Einarsdóttir ásamt fleirum.

Gerrit Schuil hefur unnið hug og hjörtu hlustenda fyrir meðleik sinn og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónlistarflytjandi ársins fyrir samvinnu sína og Ágústs Ólafssonar í ljóðaflokkum Schuberts árið 2011.

gunnarleo@frettabladid.is



**KEMUR FRAM** Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona kemur fram á fyrstu tónleikunum, sem fram fara í dag. MYND/EINKASAFN



**Á BAKVIÐ TÓNLEIKARÖÐINA** Píanóleikarinn Gerrit Schuil hóf tónleikaröðina árið 2009. MYND/TÓMAS JÓNSSON



✝

Elskuleg móðir mín og systir okkar,

**INGA DÓRA GUÐJÓNSDÓTTIR**
**Garðbraut 85, Garði,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi föstudaginn 31. janúar. Útförin fer fram frá Útskálakirkju föstudaginn 7. febrúar kl. 11.00.

**Hilmar Þór Sigurðsson**
**Pálína Ester Guðjónsdóttir**
**Sigfríður Sigurðardóttir** **Kjartan Másson**
**Kjartan Reynis Sigurðsson** **Elva Björk Valdimarsdóttir**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**UNNUR ZÓPHÓNÍASDÓTTIR**
**sjúkraliði,**
**Engjavegi 34, Selfossi,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 23. janúar. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju í dag, miðvikudaginn 5. febrúar, kl. 13.30.

**Hákon Halldórsson**
**Heiðrún Hákonardóttir** **Björn Þrastar Þórhallsson**
**Sverrir Hákonarson** **Sigþrúður Inga Jónsdóttir**
**Hörður Hákonarson** **Guðlaug Anna Gunnlaugsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar kæra

**RÚNARS GEORGSSONAR**
**hljómlistarmanns,**
**Vesturgötu 4, Reykjavík.**

**Arndís Jóhannsdóttir**
**Björg Rúnarsdóttir** **Sigurður Örn Hektorsson**
**Ketill Niclas Rúnarsson** **Teresa Payne**
**Elfa Björk Rúnarsdóttir**
**Fróði og Guðmundur Guðmundssynir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN HALLGRÍMSSON**
**rafeindavirkjameistari,**
**Kringlumýri 2, Akureyri,**

er lést að heimili sínu þriðjudaginn 21. janúar, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju þann 7. febrúar kl. 13.30.

**Guðmundur Stefánsson** **Sunna Jaroensuk**
**Guðrún Hörn Stefánsdóttir** **Sverrir Þór Kristjánsson**
**Tómas Bergmann** **Halla Pálsdóttir**
**Hallgrímur Stefánsson**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. febrúar 2014 | 18. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## Hagstæð um 4,4 milljarða

Vöruskiptin í desember síðastliðnum voru hagstæð um 4,4 milljarða króna samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

Í desember voru fluttar út vörur fyrir tæpa 45,7 milljarða króna og inn fyrir rúma 41,2 milljarða. Í desember 2012 voru vöruskiptin hagstæð um 3,8 milljarða króna á gengi hvors árs.

Hagstofan hefur einnig tekið saman vöruskiptin á árinu 2013. Þá voru fluttar út vörur fyrir 610,7 milljarða króna en inn fyrir 541,3 milljarða. Vöruskiptin við útlönd skiluðu því afgangi sem nam 69,4 milljörðum króna, reiknað á fob-verðmæti, en árið 2012 voru þau hagstæð um 77,3 milljarða á gengi hvors árs. - hg

## Væntir óbreyttra stýrivaxta

Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að peningastefnunefnd Seðlabankans haldi stýrivöxtum óbreyttum á næsta vaxtaákvörðunardegi, hinn 12. febrúar.

Deildin telur 35% líkur á því að vextir verði lækkaðir að þessu sinni og 65% líkur á að þeir verði óbreyttir. Þróunin undanfarna mánuði útiloki nánast vaxtahækkun að þessu sinni.

Haldist verðbólgan á svipuðum slóðum og verði kjarasamningar festir betur í sessi eru meiri líkur á vaxtalækkun á næsta fundi peningastefnunefndarinnar hinn 19. mars að mati deildarinnar. Framhaldið muni þó velta að mestu leyti á þróun gengis krónunnar og kjarasamningum. - fbj

## Ráðinn markaðsstjóri GKG

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson hefur verið ráðinn markaðs- og viðburðastjóri Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG). Birgir Leifur hóf störf 1. febrúar síðastliðinn og á að sögn GKG að stýra markaðsmálum golfklúbbsins ásamt því að byggja upp viðburðadeild.

Deildin mun samkvæmt tilkynningu GKG veita fyrirtækjum ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi viðburði sem fyrirtæki geta unnið í samráði við golfklúbba.

„Birgir Leifur er ráðinn í hlutastarf og mun áfram sinna atvinnumennsku,“ segir í tilkynningu GKG. - hg



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**9** Á UPPLEIÐ Félög sem hækkuðu í verði

**2** Á NIÐURLEIÐ Félög sem lækkuðu í verði

**0** STÓÐU Í STAÐ Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

HAGAR 12% frá áramótum

ICELANDAIR GROUP 4,2% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

NÝHERJI -25,2% frá áramótum

MAREL 5,8% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 148,00 | -3,3% | 0,0% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | 0,0% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 130,00 | 0,0% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 253,50 | -3,2% | 1,0% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 30,25 | 11,0% | 2,2% |
| Hagar | 43,00 | 12,0% | 0,9% |
| Icelandair Group | 19,70 | 8,2% | 4,2% |
| Marel | 127,75 | -3,9% | 1,4% |
| N1 | 18,80 | -0,5% | 0,5% |
| Nýherji | 3,65 | 0,0% | 0,0% |
| Reginn | 15,90 | 2,3% | 0,1% |
| Tryggingamiðstöðin | 30,45 | -5,0% | -1,9% |
| Vátryggingafélag Íslands | 10,55 | -2,2% | -0,5% |
| Össur | 243,00 | 6,1% | 1,7% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.288,42 | 2,3% | 1,8% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 13,25 | 0,0% | 0,0% |
| HB Grandi | 27,00 | 22,7% | 5,9% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 5. febrúar**
- Marel - Uppgjör fyrir árið 2013
- Gistinætur á hótelum | Des. 2013
- Vöruskipti við útlönd | Jan. 2014
- Össur – Uppgjör fyrir árið 2013

**Föstudagur 7. febrúar**
- Helstu liðir í efnahagsreikningi SÍ og gjaldeyrisforði

**Þriðjudagur 11. febrúar**
- Efnahagslegar skammtímatölur | Feb. 2014
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

**Miðvikudagur 12. febrúar**
- Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála

**Fimmtudagur 13. febrúar**
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir

**Föstudagur 14. febrúar**
- Atvinnuleysistölur fyrir janúar
- Fiskafli í janúar 2014

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* vísir





HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill Save the Children á Íslandi


Ríflega helmingur allra kortafærslna 2020 verði framkvæmdar með snjallsímum:

# Fyrsta snertilausa greiðslan



**ENGIN SNERTING** Fyrsta snertilausa snjallsímagreiðslan var innt af hendi á veitingastaðnum Lemon í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við teljum okkur vera að leggja grunninn að framtíð greiðslulausna,“ segir Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors, í samtali við Fréttablaðið. Í gær framkvæmdi hann fyrstu raunverulega snertilausu greiðsluna hérlendis í kjölfar þess að Valitor setti upp fyrsta snertilausa posann hjá söluaðila.

Með þessu er hafinn nýr kafli í rafrænum viðskiptum hérlendis með áherslu á aukin þægindi fyrir viðskiptavini og kaupmenn, segir Viðar.

Íslenskir kaupmenn eiga þess nú kost að fá uppfærslu í posabúnaðinn sinn og geta því farið að bjóða viðskiptavinum að greiða snertilaust fyrir vörur og þjónustu. Uppfærslan gildir bæði fyrir móttöku á greiðslum með kortum og snjallsímum. Fyrst í stað mun þessi nýja tilhögun einkum nýtast erlendum ferðamönnum með slík greiðslukort en yfir 70 milljónir snertilausra korta eru nú þegar í umferð í Evrópu.

Viðar segir snertilausan greiðslumáta henta sérstaklega vel þar sem mikils hraða í afgreiðslu er krafist og fyrir lágar upphæðir, til dæmis í kvikmyndahúsum, á skyndibitastöðum, á íþróttakappleikjum og svo framvegis. Unnt er að afgreiða allt að 3.500 krónur með þessum hætti en hærri upphæðir krefjast innsláttar á pin-númeri.

„Við teljum að árið 2020 muni allavega helmingur allra greiðslna á Íslandi fara fram með þessum hætti,“ segir Viðar.

# Vilja tollfrjálsan innflutning á ostum

***Hagar hafa óskað eftir opnum tollkvóta án allra gjalda fyrir innflutning á buffala-, geita- og ærmjólkurostum. Ráðgjafarnefnd um innflutning landbúnaðarvara fundar um málið í lok vikunnar.***

**VIÐSKIPTI**
**Jóhanna Margrét Einarsdóttir**
johanna@frettabladid.is
**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is



FINNUR ÁRNASON

„Við teljum eðlilegt að þegar skortur er á vörum og innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn, séu þær þá fluttar inn án gjalda og tolla,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. Fyrirtækið hefur óskað eftir því við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að settur verði opinn tollkvóti án allra gjalda fyrir innflutning á buffala-, geita- og ærmjólkurostum.

Finnur segir fáránlegt að ekki megi flytja inn lífrænan kjúkling sem mikið sé spurt um nema á „ofurtollum“. Hvað varðar ostana segir Finnur að það sé vaxandi eftirspurn eftir þeim.

„Þegar buffala-, geita- og ærostar eru seldir á verði sem er skikkanlegt, seljast þeir vel. Þeir eru hins vegar svo hátt tollaðir í dag að það er eins og fjárfesting að ætla að halda litla ostaveislu. Það getur ekki talist eðlilegt,“ segir Finnur.

Í bréfi Haga til ráðuneytisins færir fyrirtækið þau rök fyrir beiðninni að framleiðsla á innlendum buffala-, geita- og ærmjólkurostum sé ýmist engin eða hverfandi og anni þar af leiðandi ekki eftirspurn. Á það hafi íslenskir geitabændur meðal annars bent. Það sé því viðvarandi skortur á umræddum vörum sem eðlilegt sé að ráðuneytið bregðist við með því að ákveða opinn tollkvóta án gjalda. Slíkt sé í samræmi við heimildir ráðuneytisins og fyrri ákvarðanir þegar skortur hefur verið á öðrum landbúnaðarvörum.



**OSTAR** Framleiðsla á innlendum buffala-, geita- og ærmjólkurostum er sögð engin eða hverfandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Finnur nefnir í því sambandi að þegar skortur hafi verið á nautakjöti hér á landi hafi það verið flutt inn tímabundið án tolla. Þá sé skammt um liðið síðan Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði fengu að flytja inn ótollað smjör frá Írlandi með þeim rökum að innlend framleiðsla gæti ekki annað eftirspurn eftir rjóma og smjöri í desember.

Þórir Hrafnsson, upplýsingafulltrúi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, staðfestir að Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara hafi borist beiðni Haga.

„Það er reiknað með því að það verði fundur í nefndinni í lok vikunnar og þangað til er ekkert meira um málið að segja,“ segir Þórir.

Fjármálaráðuneytið birti í gær niðurstöður nefndar um stjórnsýslu skattamála:

# Málsmeðferðartíminn of langur

Stytta þarf málsmeðferðartíma hjá yfirskattanefnd og koma í veg fyrir endurtekna rannsókn meiriháttar skattamála. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu nefndar um athugun á stjórnsýslu skattamála.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir að ganga þurfi úr skugga um að ákvæði skattalaga um jafnhliða beitingu álags og refsingar vegna brota á lögunum samræmist banni við tvöföldu refsinæmi og að skýra verði mörk milli starfssviða eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra og embættis skattrannsóknarstjóra. Einnig þurfi að huga að því að fjármála- og efnahagsráðuneytið sinni vel eftirlits-, stjórnunar og stefnumótunarhlutverkum sínum.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, skipaði nefndina 20. september 2013 og lauk hún störfum þremur mánuðum síðar. Formaður var Ragnhildur Helgadóttir prófessor en auk hennar sátu Garðar Gíslason héraðsdómslögmaður og Guðrún Þorleifsdóttir lögfræðingur í nefndinni. - hg



**RÁÐHERRA** Bjarni Benediktsson skipaði nefndina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

DELL
The power to do more

# Viltu losna við aukakílóin?

## Dell Latitude E7440 – Létt og öflug fartölva fyrir kröfuharða.



### Þjónustuábyrgð Dell (DBS)

Þessari vél fylgir „Dell Branded Services“ sem tryggir betri og fljótari þjónustu.

### Hámarks fjárfesting

Nýtir sömu tengikví og spennubreyta og áður.

intel inside CORE i7

**1,6 kg**
Fislétt og fáguð, tölvan vegur ekki nema 1600 grömm.

**2,1 cm**
Ótrúlega nett og 33% þynnri en forveri sinn.

**16 GB**
Sérlega öflug og hraðvirk, allt að 16GB vinnsluminni.

**13 klst.**
Allt að 13 tíma rafhlöðuending. Fer eftir stillingum, notkun, tæknilegri útfærslu og umhverfisþáttum.

Hringdu í síma **440 9010** eða sendu póst á **sala@advania.is** og fáðu upplýsingar um þessa frábæru vél.

**Velkomin í verslanir okkar:**

**Guðrúnartún 10, Reykjavík**
Opið mán. til fös. frá 8 til 18
Lau. frá 12 til 16

**Tryggvabraut 10, Akureyri**
Opið mán. til fös. frá 8 til 17

advania.is

advania
Welcome to IT

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-3502
Intel, merki Intel, Intel Core og Core inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

# Wow air ekki til Norður-Ameríku

***Flugfélagið Wow air hefur frestað Norður-Ameríkuflugi sínu sem átti að hefjast í maí 2014 fram á næsta sumar. Skúli Mogensen forstjóri er vonsvikinn út í Isavia sem hefur neitað að úthluta Wow hentugum brottfarartímum.***

**VIÐTAL**

Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

„Þetta mun hafa áhrif á einhverja 7.000 farþega sem höfðu keypt sér miða. Þetta er nú þegar búið að kosta okkur hátt í 200 milljónir, við vorum komin með flugrekstrarleyfi, búin að setja Evrópuleggina í sölu þannig að það er mjög þungbært að þurfa að beygja sig undir þetta,“ segir Skúli Mogensen, forstjóri Wow air, í samtali við Markaðinn. Hann er augljóslega verulega svekktur yfir því að Wow air geti ekki hafið Norður-Ameríkuflug eins og til stóð í vor.

### GETA EKKI BEÐIÐ ÚRSKURÐAR

Wow air hafði óskað eftir fjórum brottfarartímum fyrir tvo áfangastaði í Ameríku. Hagstæðast er að flytja farþega til Evrópu að morgni og til Bandaríkjanna síðar um daginn og því mikilvægt fyrir Wow að fá þá tíma til að geta hafið flug til Ameríku. Icelandair mun næsta sumar fljúga til ellefu áfangastaða í Norður-Ameríku og þarf yfir 150 tíma sem eru flestir á sama tíma sem Wow air óskaði eftir. Wow air fékk hins vegar ekki þessa tíma en Samkeppniseftirlitið úrskurðaði í nóvember að Isavia bæri að úthluta Wow air brottfarartímum. Isavia og Icelandair kærðu síðan þá ákvörðun til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem hefur ákveðið að fresta skuli úthlutun þar til endanlegur úrskurður liggi fyrir í málinu.

Skúli segir úrskurð Samkeppniseftirlitsins hafa verið mjög skýran og lögmenn félagsins telji stöðu þeirra alveg ljósa. „Við munum leita réttar okkar í þessu máli,“ segir Skúli aðspurður um hvort félagið muni leita til dómstóla ef á þarf að halda til að fá úthlutað tímum og að krefjast bóta fyrir tjón sem það hefur orðið fyrir. „Það er sérkennilegt að vera í þessari stöðu, ég hef verið í viðskiptum alla mína tíð og tekið alls kyns slagi og finnst afar sorglegt að vera núna eins og einhver vælukjói út af deilum við opinbera stofnun.“

### LEIFSSTÖÐ OF LÍTIL

Hann segir Isavia hafa með þessu máli sýnt af sér vanhæfni sem og með því að bregðast ekki við raunvandanum, sem er stærð Leifsstöðvar og geta til að taka á móti ferðamönnum til landsins. „Ferðaiðnaðurinn hefur vaxið um 18% á ári á síðustu þremur árum. Samt er aukin afkastageta Leifsstöðvar aðeins eitt hlið fyrir næsta sumar og engin svör fást fyrir árið 2016. Við getum byggt hér upp endalaust af hótelum og alls kyns ferðaþjónustu en ef við komum ferðamönnunum ekki til landsins þá er sú vinna til lítils,“ segir Skúli.




**FERÐALÖG** Wow air er ekki hætt við Norður-Ameríkudrauminn og stefnir óhikað á sumarið 2015 í þeim ferðalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann vill að byggð verði ný lággjaldaflugstöð á gamla varnarsvæðinu í Keflavík. „Þetta væri hraðari, einfaldari stöð, ekki með rana úti um allar trissur sem er rándýrt heldur byggja þetta upp með rútum. Það þarf ekki einu sinni að byggja nýjar flugbrautir heldur eru þær til á svæðinu sem er mjög vel til þessa fallið. Þetta tæki kannski einhver tvö til þrjú ár en það væri hægt að fjármagna þetta án aðkomu ríksins.“

### SAMKEPPNI AF HINU GÓÐA

Skúli segir að þessi stærsta tekjulind þjóðarinnar hljóti að þurfa heilbrigða samkeppni eins og aðrar stoðgreinar. „Við erum með þrjá banka sem veita hver öðrum harða samkeppni, þrjú tryggingarfélög og það er mjög virk samkeppni í sjávarútvegi. Það er alltaf af hinu góða fyrir neytendur og langtímahagsmuni hvaða greinar sem er.“

Skúli segist finna fyrir pólitískum vilja frá einstökum ráðherrum en vandinn sé aðallega sá að svo margir ráðherrar komi að þessum málum. „Þó þau séu öll af vilja gerð þá er það flókið þegar svona margir kokkar eru í eldhúsinu.“

### BÚIN AÐ ÁVINNA SÉR GOTT TRAUST

Skúli er þó bjartsýnn á framhaldið og hyggst komast til Ameríku vorið 2015. „Þetta hefur gengið vonum framar hjá okkur, árið 2012 vorum við með 90 þúsund farþega en þeir voru yfir 400 þúsund árið 2013. Við erum búin að ávinna okkur gott traust og finnum fyrir því, en auðvitað erum við mjög svekkt að geta ekki fylgt þessu eftir með þeirri stækkun sem hefði getað orðið,“ segir Skúli að lokum.





i30

Nettur og sparneytinn

Hyundai i30 - Verð: 2.990.000 kr.

1,4 bensín, beinskiptur / Brekkubremsa (HAS) / Hiti í sætum / Hiti í rafstýrðum hliðarspeglum eldsneytisnotkun 6,0 l/100 km*.

Bjóðum álfelgur og vetrardekk með öllum i30 í takmarkaðan tíma!

5 ÁRA Ábyrgð Ótakmarkaður Akstur

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM61219

B|L Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# FROST



Verk hönnunartvíeykisins Flemming Busk og Stephan B. Hertzog einkennast af hreinum og einföldum línum sem tala skýru máli. Það er sannfæring þeirra að híbýli skuli alla jafna skreyta með því sem jafnframt hafi notagildi. Hönnun þeirra félaga er að finna um allan heim, allt frá alþjóðlegum flugvöllum til setustofu leikmanna Chelsea fótboltaklúbbsins. Busk+hertzog hafa hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga og verk þeirra eiga fastan sess á Danish Museum of Art and Design, auk þess sem ekki færri en 18 stólar eftir þá voru með í enduropnun á Museum of Modern Art í New York 2004.





product design award 2009 · DESIGNPREIS 2009 NOMINEE · reddot design award winner 2008

## CAMOUFLAGE

Nettir snagar í mismunandi stærðum. Þessir snotru snagar fara vel í eldhúsi, baðherbergi til að hengja á skartgripi eða lykla ellegar einfaldlega sem skraut. Mini Camouflage snagarnir fást metalsprautulakkaðir í mörgum litum eða í ryðfríu stáli.

GOOD DESIGN · product design award 2011 · reddot design award winner 2010

## LULU

Blóm sem opnast til fulls er hugmyndin að baki hönnuninni á Lulu snögunum. Fallegir og auðveldir í notkun og fást í mismunandi stærðum og lengdum og hægt að nota staka eða fleiri saman. Mismunandi stærðir gera snagana jafn frábæra fyrir úlpur og jakka, herðatré, regnhlífar eða töskur og þeir henta í forstofu, fataherbergi eða svefnherbergi. Lulu snagar eru lakkaðir með mjúku lakki sem ljær þeim matta og skemmtilega áferð.



reddot design award winner 2010 · GOOD DESIGN



## WISHBONE

Óskabeinsborðið hæfir ótalmörgum tilefnum, til dæmis fer það vel í grennd við hinn glæsilega Wishbone fatastand, í forstofu eða á gangi. Eins er það nett hliðarborð við sófa eða undir fartölvu, blómavasa, kaffi- eða tebolla og jafnvel sem náttborð. Þú ákveður einfaldlega hvar þú vilt nota það. Borðið er úr lökkuðu áli og fæst í mörgum litum.

GOOD DESIGN · DESIGNPREIS 2009 NOMINEE · reddot design award winner 2008

VÉLAR & VERKFÆRI
Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is



**VAXANDI ÞRÝSTINGUR** Rætt er um að takmarkaðir fjárfestingarkostir í lokuðu haftaumhverfi ýti undir bólumyndun á eignamörkuðum. Lífeyrissjóðir þurfa stöðugt að koma fjármunum „í vinnu“ og leita fjárfestingarkosta þar sem þá er að finna, innan þeirra marka sem lög og reglur setja þeim, hvort sem það er í fyrirtækjum, á fasteignamarkaði eða annars staðar.

# Eigendaaðhald þarf frá lífeyrissjóðunum

***Eftir því sem gjaldeyrishöft eru lengur í gildi fækkar fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna. Áhætta eykst í rekstri þeirra og dregur úr ávöxtun. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir höftin til þess fallin að vega að samkeppni.***

**EFNAHAGSMÁL**
**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is



Viðvarandi gjaldeyrishöft kalla og hafa kallað á margvíslegar aðgerðir samkeppnisyfirvalda, að hluta til vegna aukinnar og sívaxandi hlutdeildar lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja á eignamarkaði.

„Það er engum vafa undirorpið að gjaldeyrishöftin og allt sem þeim fylgir er til þess fallið að stuðla að einangrun sem minnkar möguleika á samkeppni erlendis frá og hefur margvísleg önnur neikvæð áhrif,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

## TJÓN FLUTT Á SAMFÉLAGIÐ

Almennt talað segir Páll Gunnar höftin til þess fallin að slæva samkeppni. „Þau draga úr möguleikum nýrra fyrirtækja til að komast inn á markaðinn. Og þau geta skapað erfiðleika við að reisa nógu styrkar stoðir undir þau fyrirtæki sem hér eru starfandi og við höfum síðustu misseri haft miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu íslenskra fyrirtækja á samkeppnismarkaði.“

Skuldum hlaðin fyrirtæki segir Páll ekki líkleg til að vera öflug í samkeppni. „Ef samkeppni er ekki nægilega virk þá þýðir það auðvitað minni framleiðni og hærra verð fyrir neytendur.“

Á meðan þetta ástand varir segir Páll Gunnar að samkeppnisyfirvöld reyni að bregðast við með auknu aðhaldi, líkt og gert hafi verið.

„Brot á samkeppnislögum eru aðferð fyrirtækja til að flytja tjón frá sér yfir á viðskiptavini sína og þar með samfélagið.“ Samkeppniseftirlitið hafi því reynt að taka af festu á öllum brotum, bæði misnotkun á markaðsráðandi stöðu og ólögmætu samráði. Því miður hafi eftirlitið þó ekki tök á því að ráðast í öll brýn verkefni á þeim hraða sem helst þurfi, vegna takmarkaðra fjárheimilda.

## HÆTT VIÐ ÓSKÝRU EIGNARHALDI

Eitt af því sem horft hafi verið til undanfarið sé óskýrt eignarhald fyrirtækja.

„Frá hruni höfum við verið að fást við eignarhald banka á fyrirtækjum, sem er í eðli sínu mjög óheppilegt frá samkeppnislegu sjónarhorni og höfum verið að setja slíkum yfirtökum skilyrði til þess að þrýsta á sölu og reyna að koma í veg fyrir að rekstur banka á fyrirtækjum skaði samkeppni.“

Páll segir að á sama tíma og bankar hafi verið að minnka eignarhlut sinn í fyrirtækjum hafi lífeyrissjóðir verið að auka mjög við sinn hlut.

„Þeir eru mjög stórir fiskar í allt of lítilli tjörn, eða kannski öllu heldur fiskabúri, ekki síst út af gjaldeyrishöftunum.“ Eðlilega þurfi lífeyrissjóðirnir að ávaxta sjóði sína. Aðstæðurnar búi hins vegar til aukna hættu á óskýru eignarhaldi sem geti falist í því að sjóðastýringarfyrirtæki bankanna, með lífeyrissjóðina sem fjárfesta, verði mjög áberandi í eignarhaldi, og eins lífeyrissjóðir beint.

## VERKEFNUM HEFUR FJÖLGAÐ

„Við höfum beint því til lífeyrissjóðanna að þeir hugi sérstaklega að því hvernig þeir komi inn í þetta verkefni, þessa auknu ábyrgð sem þeir taka á atvinnulífinu með þessum hætti.“

Sjóðirnir, segir Páll að, þurfi meðal annars að endurskoða hvernig þeir koma að eigendaaðhaldi fyrirtækja í landinu. „Annars er hætta á að mikilvæg samkeppnisfyrirtæki njóti ekki eigendaaðhalds og þess krafts sem í því getur falist.“

Samkeppniseftirlitið hefur að undanförnu sett skilyrði fyrir nýju eignarhaldi samkeppnislega mikilvægra fyrirtækja, svo sem Skeljungs og hluta fyrirtækjanna sem voru undir Norvik. Páll segir ljóst að álagið á Samkeppniseftirlitið hafi aukist mjög mikið eftir hrun.

„Verkefnum þess fjölgaði mjög og brýnar kvartanir fyrirtækja sem telja á sér brotið í samkeppni eru meira áberandi. Viðfangsefnin eru augljóslega fleiri og það stafar af ástandinu eftir hrun, meðal annars gjaldeyrishöftunum og því sem þeim fylgir,“ segir hann.

> Þeir eru mjög stórir fiskar í allt of lítilli tjörn, eða kannski öllu heldur fiskabúri, ekki síst út af gjaldeyrishöftunum.
>
> *Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.*



## Hvað þola lífeyrissjóðirnir höftin lengi?



GUNNAR BALDVINSSON

„Gjaldeyrishöftin takmarka fjárfestingarmöguleika lífeyrissjóðanna og koma í veg fyrir að þeir geti náð fram æskilegri áhættudreifingu með því að fjárfesta í fleiri hagkerfum með mörgum atvinnugreinum og útgefendum,“ segir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins og formaður Landssamtaka lífeyrissjóða. „Ef höftin verða viðvarandi getur afleiðingin orðið sú að eignir sjóðanna verða einsleitar og með yfirgnæfandi áhættu á eitt hagkerfi.“

Gunnar segir höftin einnig slæm fyrir atvinnulífið að því leyti að kröfur til útgefanda minnki þegar fjárfestar geti eingöngu valið innlendar fjárfestingar. Það geti leitt til minni framleiðni í hagkerfinu.

En þótt höftin auki áhættu í rekstri lífeyrissjóðanna segir Gunnar í sjálfu sér ekki hægt að segja að haftaumhverfið grafi undan framtíðarskuldbindingum þeirra. „Í árslok 2013 voru erlendar eignir rúmlega 20 prósent af eignum sjóðanna en hlutfallið mun lækka á næstu árum verði höftin viðvarandi. Analytica hefur bent á að eftir sjö til átta ár gæti hlutfallið verið nálægt 15 prósentum.“

Spurningunni um hversu lengi lífeyrissjóðirnir þoli gjaldeyrishöftin segir Gunnar ekki hægt að svara. „Sjóðirnir geta þolað höftin mjög lengi og í sjálfu sér til eilífðar,“ segir hann. Höftin takmarki þó getu sjóðanna til áhættudreifingar og komi á löngum tíma til með að draga úr ávöxtun.



**SNJÓSTRÍÐ** Yukigassen kallast mót í snjóboltaslag sem haldið er í Japan í febrúar á hverju ári. Hundrað sjö manna lið keppa sín á milli um sigurlaunin. Sérstök vél framleiðir boltana en hvert lið fær 90 til umráða fyrir þriggja mínútna bardaga.

**Lionssalurinn Lundur**

- Afmælisveislur
- Árshátíðir
- Þorrablót

Cocktail.is Veisluþjónusta

Brúðkaupsveislur.is • Fermingarveislur.is

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari




Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >




RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

**Gólfhitakerfi**
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.





**FRÁBÆRT VERÐ** Verðið á klassísku fermingarhlaðborði er aðeins 1.990 kr. á mann.
MYND/K.MAACK

# HLAÐBORÐ Í VEISLUR OG FERMINGAR

**SJÁVARBARINN KYNNIR** *Löng og farsæl reynsla er lykillinn að vinsældum veisluhlaðborðanna hjá veisluþjónustu Magnúsar Inga Magnússonar, veitingamanns á Sjávarbarnum.*

Veisluþjónusta Magnúsar Inga Magnússonar, veitingamanns á Sjávarbarnum, býður upp á heit og köld hlaðborð, kaffiveitingar og kokteilrétti fyrir hin ýmsu tilefni. „Við leggjum áherslu á klassísk hlaðborð þar sem gæðin eru í fyrirrúmi," segir Magnús Ingi og talar af 30 ára reynslu. „Við vitum hvað er vinsælast og veljum réttina eftir því."

Nú er rétti tíminn til að huga að veitingunum í fermingarveisluna og þar er Magnús Ingi og hans fólk á heimavelli. „Ég legg áherslu á að veita viðskiptavinunum faglega ráðgjöf og uppfylla óskir þeirra. Við mætum svo með veisluföngin og stillum upp borðinu í samráði við þá." Verðið er sanngjarnt, 1.990 kr. fyrir heitt og kalt borð og 1.690 kr. fyrir kaffihlaðborð. „Ánægðir viðskiptavinir hafa bent mér á að dýrara hefði verið fyrir þá að sjá sjálfir um veisluna, fyrir utan álagið sem því fylgir."

Veisluhlaðborðin henta ekki síður fyrir afmæli og annan mannfagnað í heimahúsum og á vinnustöðum. Glæsilegur valkostur er kokteilborð með fjölbreyttum smáréttum, snittum og fleira góðgæti. Nú er kynningarverð á því, 1.690 kr. með 20-22 réttum á mann.

Nánari upplýsingar eru á vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is, og hægt er hafa samband við Magnús Inga í síma 696-5900 eða með tölvupósti, magnusingi@gmail.com.

**2 FYRIR 1**

***af kjúklinga- og sjávarréttahlaðborði Sjávarbarsins á kvöldin til 15. mars gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.990 kr. fyrir tvo. Ath! aðeins á kvöldin.***

friendtex



BRJÁLUÐ LAGERSALA

Kíktu því þetta er bara snilld

**Verðdæmi**
Jakki áður ~~18.900,-~~ nú 5.000,-
Buxur áður ~~19.900,-~~ nú 5.000,-
Peysa áður ~~15.900,-~~ nú 5.000,-

Eða þú velur 4 mismunandi flíkur og greiðir kr. 10.000

Friendtex á Íslandi

Bonito ehf. • Friendtex • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is
Opið mánud. - föstud. 11:00-18:00, laugard. 11:00-16:00

Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sótthreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma!




Hreinsandi sérhæfir sig í :
- Mygluгró
- Djúphreinsun
- Lyktareyðingu
- Sótthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.

Hreinsandi fyrir alla muni

Hreinsandi notar efni frá kemi

Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

**Námskeið í Baknuddi**
*8-9 febrúar frá kl:11-15*

Slökunarnudd með ilmkjarnaolíum
Slökunarnudd og þrýstipunktanudd
og Farið í ilmolíu og góðar uppskriftir

Upplýsingar í síma 896-9653
og á www.heilsusetur.is.
Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

**Vertu með** í kvennaleikfimi

**Tvisvar í viku (4 vikur)**
**Þri. og fim. kl. 10:00.**
Þjálfari: Árndís Hulda -
**Verð kr. 13.900.-**

Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur.

Skráðu þig núna í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is




HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is




Laugavegur 55, sími 551-1040
Opnunartímar eru
mán-fös 11-18 og lau 10-16
www.smartboutique.is



**Á TOPPNUM** Það var glaðbeittur hópur sem náði toppi Esjunnar eftir vel heppnað námskeið í vetrarfjallamennsku. AÐSEND MYND

# KÚTVELTST Í SNJÓ

**VETRARFJALLAMENNSKA** *Afar og ömmur fóru saman á námskeið í vetrarfjallamennsku á dögunum. Þar lærðu þau að nota ísexi og tóku snjóflóðaprófíla. Kristjana Bjarnadóttir á sínar dýrmætustu minningar úr fjallgöngunum.*

Kristjana Bjarnadóttir, líffræðingur hjá Blóðbankanum, hefur lengi stundað göngur og fjallamennsku. Á dögunum fór hún ásamt öðrum á námskeið í vetrarfjallamennsku hjá Örvari Aðalsteinssyni. „Ég er hluti af nafnlausu göngufélagi sem fer einu sinni í mánuði saman í göngu. Göngufélagið er samansett af vinum og kunningjum af póstlistanum mínum og er allt vant göngufólk,“ segir Kristjana. „Það hefur heillað mig í nokkurn tíma að stunda fjallgöngur allt árið um kring. Til þess þarf þó bæði græjur og kunnáttu. Græjurnar getur maður keypt úti í búð, þær eru hins vegar engan veginn nóg, það þarf nefnilega bæði að kunna á þær og svo líka að kunna á aðstæður að vetri. Til að bæta úr þessari vanþekkingu minni og helstu ferðafélaga minna þá tókum við okkur nokkur saman og fengum Örvar til að halda fyrir okkur vetrarfjallamennskunámskeið.“



**Í LÍNU** Hópurinn kleif Esjuna við vetraraðstæður á stað sem Kristjana hefði talið ófæran.

**NAUÐSYNLEG ÞEKKING**

Hópurinn hittist fyrst í vikunni fyrir námskeiðið. Þá var kennt að binda ákveðna hnúta og sýnt hvernig ætti að gera svokallaðar tryggingar. „Við fórum svo upp í Esju snemma á sunnudagsmorgni og þar kenndi Örvar okkur á landslagið, hvar og hvernig hægt er að festa línu, hvernig festur eru valdar og svo var snjóflóðaprófíll tekinn. Þá eru snjóalögin metin og athugað hvort það sé í lagi að ganga áfram. Þegar þessu var lokið æfðum við ísaxarbremsu. Það er mjög mikilvægt að vita hvernig hægt er að stöðva sig ef maður missir fótanna í ísilagðri hlíð. Ísexin er notuð á ólíkan hátt eftir því hvernig dottið er. Þetta er líkt því að læra skyndihjálp, það þarf að æfa viðbrögðin til að geta notað kunnáttuna. Svo þarf að æfa sig reglulega til að halda kunnáttunni við.“

**EKKI BEINT AF SPARISKÓNUM**

Hópurinn sem Kristjana var með hefur mikla reynslu af göngum og sumir jafnvel áratugalanga. „Það fer enginn á svona námskeið beint af spariskónum. Ég mæli með því að fólk gangi þægilegar leiðir um vetur áður en það spreytir sig á vetrarfjallamennsku en þetta er alveg ofboðslega skemmtilegt. Þarna var fólk á öllum aldri, ömmur, afar og yngra fólk, að kútveltast í snjónum heilan sunnudag og klífa Esjuna við vetraraðstæður á stað sem ég hefði talið ófæran,“ segir Kristjana.

**DÝRMÆTUSTU MINNINGARNAR**

Þau hjónin hafa gengið saman á fjöll í fjölda ára og í mörg sumur fóru þau í nokkurra daga ferðir með börnin sín tvö og voru þá með allt á bakinu. „Þetta eru okkar dýrmætustu minningar. Við fórum oft með vinum okkar sem tóku þá sín börn með þannig að það var eins og það væri heilt þorp á ferð þar sem við fórum yfir. Ég er mikill Íslendingur í mér og hef ferðast gríðarlega mikið. Samt er það alltaf þannig þegar ég fer eitthvert að ég uppgötva hvað ég á í raun mikið eftir og verð alltaf jafn hissa á því.“

■ **lilja.bjork@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

MUNDU EFTIR AÐ FINNA

# BESTA VERÐIÐ

ÁÐUR EN ÞÚ KAUPIR DEKK!

# Er bíllinn tilbúinn fyrir veturinn?




## Fólksbíladekk



Bjóðum fjölda tegunda af vetrar og heilsársdekkjum fyrir fólksbíla á frábæru verði.

## Jeppadekk



Bjóðum fjölda tegunda af vetrar og heilsársdekkjum fyrir jeppa á frábæru verði.

**SMURÞJÓNUSTA** – 20% AFSLÁTTUR AF VINNU

olís | Havoline | Castrol

**RAFGEYMAR** – TILBOÐ

EXIDE

**BREMSUKLOSSAR** – 20% AFSLÁTTUR AF VINNU

mintex BREMSUKLOSSAR

TOYO TIRES
driven to perform

ÖRYGGI ALLAN HRINGINN
TOYO TIRES driven to perform

**Harðskeljadekk á frábæru verði**

Toyo harðskeljadekk hafa sannað sig við íslenskar aðstæður.

SAILUN TIRES | HERCULES TIRES | TOYO TIRES Harðskeljadekk | IRONMAN TIRES

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

## BÍLAR & FARARTÆKI

**Bílalíf**



NISSAN Patrol 38". Árgerð 1999, ekinn 212 Þ.KM, dísel, 5 gírar.Mjög gott eintak. Verð 1.980.000. Rnr.350397. s. 562 1717



RENAULT Trafic. Árgerð 2008, ekinn 96 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.980.000. Rnr.104152. s. 562-1717

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

**Bílás** Bílasala Akraness



KIA Sportage ex 4wd 140 hö disel. Árgerð 2006, ekinn 163 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Ásett verð 1,390,000 Tilboð 1.190.000 Rnr.990229.



HYUNDAI I30 1,6 wagon comfort. Árgerð 2009, ekinn 54 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Tilboð 2,090,000 einn eigandi Rnr.123838.

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



NISSAN X-trail sport. Árgerð 2006, ekinn 138 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.450.000. Rnr.126239. Höfðabílar.is Fosshálsi 27 Rvk S: 577-4747



BMW 550i. Árgerð 2006, ekinn 132 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.500.000. Rnr.152963. Höfðabílar.is Fosshálsi 27 Rvk S: 577-4747

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Vantar allar gerðir bíla og annara tækja á skrá og staðinn**
**www.hofdabilar.is**

**BÍLALIND.is**
Funahöfði 1 - 110 Reykjavík - Sími 580 8900 - bilalind@bilalind.is



M.BENZ E 350. Árgerð 2007, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, loftkæling, leður. Verð 4.290.000. Rnr.151092.

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**www.bilalind.is**

**J.R.BÍLASALAN**
BÍLDSHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is



TOYOTA Aygo h/b. Árgerð 2007, ekinn 74 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 980.000. Rnr.155754.



DAEWOO Kalos sx. Árgerð 2003, ekinn 113 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 540.000. Rnr.155861.



M.BENZ Sprinter. Árgerð 2005, ekinn 433 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.500.000. Rnr.155900.



MMC Pajero sport gls 3000. Árgerð 2000, ekinn 255 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verðtilboð 490.000. Rnr.155891.



M.BENZ Atego 1024l 4x2. Árgerð 2007, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.980.000 + VSK GULLMOLI. Rnr.155934.

**Vegna mikillar sölu óskum við eftir bílum á skrá og í stæði.**



M.BENZ Actros 2651 l 6x4 með kæli. Árgerð 2010, ekinn 369 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 12.900.000 + VSK Rnr.155907.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**

**TOYOTA**
**Baldursnes 1 Akureyri**
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



TOYOTA Corolla s/d Terra 1.33. 6/2010, 50þ.km, bensín, 6 gírar. Verð 2.190.000.Skipti á ód. Rnr.117750.



HONDA Cr-v Lifestyle. 4/2012, 49þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Skipti á ód. Rnr.209551.



TOYOTA Rav4 GX dísel 2.2. 6/2013, 25þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.170.000. Skipti á ód.Rnr.117772.



TOYOTA Rav4 GX Plus. 5/2013, 29 þ.km, bensín, sjálfskiptur,dráttarkrókur,króm, o.fl. Verð 6.090.000.Skipti á ód. Rnr.122423.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX. 2012, ekinn 35þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.980.000. Skipti á ód.Rnr.209541.



TOYOTA Land Cruiser 150 VX 60th. 5/2012, 39þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.690.000.Skipti á ód. Rnr.209543.



TOYOTA Land Cruiser 200 VX 7 manna. 1/2008, 120þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.890.000. Skipti á ód. Rnr.122357.



CAN-AM Outlander MAX LTD 800 götuskráð. 3/2008, 1þ.km, 2manna,spil,GPS,taska. Verð 1.980.000. Rnr.117846.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



TOYOTA Auris. Árgerð 2007, ekinn 112 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.160739.



MERCEDES BENZ Citan 109 cdi kb. Árgerð 2014, ekinn 350 KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.220.000. Rnr.160884.



KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.140357. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



FORD Mondeo. Árgerð 12/2006, ekinn 72 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Er á staðnum. Verð 1.490.000. Rnr.155553.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

## Bílar til sölu



Nissan Almera SLX, 98 ek.126þ þarf lagf.v/ púst v195þ s.778 3016



Daewoo Kalos 04 ek.100þ v550þ s.7783016



Nissan sunny, sjálfskiptur, ek. 90þ. km Skoðaður 2015.S:616 2597.



**TIL SÖLU**
Citroen C-Zero rafmagnsbíll árgerð 6/2011. Ekinn 29.600 km. Verð 2.600.000.- (kostaði nýr 3.890.000). Drægni á hleðslu allt að 130 km. Uppl í síma 660 0230 Magnús

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 0-100þús, aðeins skoðaðir bílar koma til greina. S. 782 1800

**0-250 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

**Jeppadekk**




HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
**Gylfaflöt 3 - 112 Reykjavík**
**Sími 567 4468**
GENERAL TIRE

## Varahlutir

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
25% vetrarafsláttur af öllum mælingum. Frítt verðtilboð. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

**MYGLUHREINSUN**
sérhæfðir verktakar fyrir kröfuharða. Mannvist&mannvirki mannvist@mannvist.is 5195700

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Tilboð á Thai heilsunuddi uppl. í s. 7748809.



FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

## Lífeyriskerfið að veslast upp vegna aukins álags og gjaldeyrishafta?




Fjallað var um stöðu lífeyrissjóðanna í efnahagsritinu Vísbendingu í októberbyrjun síðastliðinni. Þar kom fram að við blasti að hækka þyrfti lífeyristökualdur til þess að bregðast við stöðu lífeyrissjóðanna. Þótt þeir hefðu margir hverjir bætt eignastöðu sína frá hruni væri enn langur vegur frá því að þeir stæðu undir framtíðarskuldbindingum sínum og margir hefðu þegar brugðist við með því að skerða réttindi félaga sinna.

Í vetur komst Vísbending að því að heildarhallinn á lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði væri 99 milljarðar, en halli á sjóðum ríkis og sveitarfélaga væri 574 milljarðar króna. Heildarhallinn var því talinn um 673 milljarðar króna.

Bent er á að ávöxtun lífeyrissjóða hafi sveiflast mikið á liðnum árum. „Hún var auðvitað neikvæð árið 2008 og hefur ekki verið viðunandi síðan fyrr en árið 2012 þegar raunávöxtun var 7,4 prósent,“ segir í Vísbendingu.

Ávöxtunin skili sér þó ekki í jafnmiklum bata og mátt hefði ætla og er enn sögð óviðunandi. Lífslíkur hafi batnað hér á landi og skuldbindingar sjóðanna því aukist um 1,0 til 1,5 prósent. „Á næstu 15 árum mun því álagið á bæði lífeyriskerfið og almannatryggingakerfið aukast ár frá ári. Eignir lífeyrissjóðanna eru miklar en það mun valda vandræðum þegar að því kemur að selja þær í lokuðu kerfi þar sem allir vilja selja samtímis,“ segir í efnahagsritinu.

Haldist hér áfram gjaldeyrishöft og lítill hagvöxtur geti sjóðirnir ekki ávaxtað fé með eðlilegum hætti. Fé þeirra dugi því ekki eins og ráð hafi verið fyrir gert. „Þetta er hluti af þeim vítahring sem Íslendingar kunna að lokast inni í ef engar raunhæfar lausnir finnast á gjaldeyrisvanda þjóðarinnar. Það yrði auðvitað mikið áfall ef kerfi sem byggt hefur verið upp af mikilli framsýni veslast upp,“ segir í Vísbendingu.

## Stórfiskar í kaupahallarfiskabúri – sex sjóðir eiga í báðum tryggingafélögunum

Þegar rennt er yfir nýbirtan lista yfir tuttugu stærstu hluthafa íslensku félaganna á Aðallista Kauphallarinnar (Nasdaq OMX Iceland) blasir við hvað lífeyrissjóðirnir eru þar miklir þátttakendur, bæði beint og óbeint. Samantekt á hlut þeirra á þessum lista sýnir að sjóðirnir fara með að minnsta kosti 37,4 prósent hlutabréfa þessara félaga. Þegar horft er til markaðsvirðis þessara félaga kemur í ljós að virði eignarhlutar lífeyrissjóðanna nemur rétt rúmum 172 milljörðum króna, af tæplega 507 milljarða virði þessara félaga.

Félögin sem um ræðir eru, í röð eftir markaðsvirði, Össur (110,2 milljarða króna virði), Icelandair (98,5 ma.), Marel (94 ma.), Hagar (52,4 ma.), Eimskip (50,7 ma.), VÍS (26,4 ma.), TM (23,2 ma.), Reginn (20,7 ma.), N1 (18,8 ma.), Vodafone (10,3 ma.) og Nýherji (1,5 ma.). Langstærstan hlut eiga lífeyrissjóðir í N1, en á lista yfir 20 stærstu eigendur má sjá að lífeyrissjóðir fara með 60,4 prósent bréfanna.

Í ræðu sem Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, hélt á morgunverðarfundi um lífeyrissjóði og íslenskt atvinnulíf um miðjan nóvember síðastliðinn, sagði hann ekkert athugavert við að lífeyrissjóðir fjárfestu í fyrirtækjum á samkeppnismörkuðum, enda væri fjárfesting í hlutabréfum hluti af eðlilegu og nauðsynlegu starfi þeirra. „Vandinn liggur hins vegar í gríðarlegu vægi lífeyrissjóðanna í núverandi og fyrirsjáanlegu eignarhaldi atvinnufyrirtækja,“ sagði hann þá. „Niðurstaðan hefur í sumum tilvikum, og mun í fleiri tilvikum verða sú, að fleiri lífeyrissjóðir fari samanlagt með meirihluta hlutafjár í mikilvægum samkeppnisfyrirtækjum. Þar sem það liggur ekki í eðli lífeyrissjóða að reka fyrirtæki er eignarhald þeirra, að óbreyttu, almennt áhrifalítið og eigendaaðhald þeirra því óskýrt.“

Í ræðu sinni lagði forstjóri Samkeppniseftirlitsins því til nokkrar reglur sem sjóðirnir gætu starfað eftir, svo sem að þeir ættu að keppa sín á milli um ávöxtunartækifæri og mættu ekki hafa samkeppnishamlandi samstarf um fjárfestingar. „Það er óæskilegt í samkeppnislegu tilliti að lífeyrissjóðir syndi allir sama hringinn í litlu tjörninni. Það getur gert það að verkum að fáir stýra ferðinni og fjölbreytni í fjármögnun verður minni, sem síðan getur haft skaðleg áhrif á fjármögnun framleiðniaukandi verkefna og fyrirtækja.“

Þá ætti lífeyrissjóður ekki að eiga samkeppnislega mikilvægan eignarhlut í fleiri en einum keppinaut á sama markaði. „Hér ber hverjum og einum lífeyrissjóði að stíga varlega til jarðar og hugsa vel sinn gang. Það er nefnilega viðurkennt í heimi samkeppnisvísindanna að það geti skaðað samkeppni ef eignarhlutir í tveimur eða fleiri fyrirtækjum sem keppa á sama eða skyldum markaði eru í eigu sama aðila,“ sagði Páll Gunnar í ræðu sinni. Hvort þetta á við um eignarhluti lífeyrissjóða í tryggingafélögunum tveimur sem skráð eru í Kauphöllina skal ósagt látið. Á listanum yfir 20 stærstu eigendur kemur hins vegar fram að sex sjóðir eiga hlut bæði í Tryggingamiðstöðinni (TM) og Vátryggingafélagi Íslands (VÍS). Lífeyrissjóður verslunarmanna er stærsti einstaki eigandi TM með 9,9 prósenta hlut og fimmti stærsti eigandi VÍS með 4,82 prósenta hlut. Reyndar er það þannig að Lífeyrissjóður verslunarmanna, ásamt Sameinaða lífeyrissjóðnum, á hlut í öllum íslensku félögunum á Aðallista Kauphallarinnar. (Svo á sá fyrrnefndi líka í HB Granda sem er á leiðinni á Aðallistann).

### Umsvif lífeyrissjóða í Kauphöllinni*

| Félag | Eign lífeyrissjóða | Virði eignarhlutar | Markaðsvirði félags |
|---|---|---|---|
| N1 | 60,40% | 11.357.835.553 kr. | 18.800.000.000 kr. |
| Icelandair | 46,80% | 46.065.532.529 kr. | 98.500.000.000 kr. |
| Vodafone | 45,10% | 4.653.838.626 kr. | 10.308.141.220 kr. |
| Hagar | 38,40% | 20.130.902.661 kr. | 52.356.191.120 kr. |
| TM | 36,30% | 8.395.832.370 kr. | 23.153.993.890 kr. |
| Reginn | 34,90% | 7.219.306.835 kr. | 20.670.000.000 kr. |
| Eimskip | 33,40% | 16.956.369.866 kr. | 50.700.000.000 kr. |
| Marel | 27,10% | 25.463.380.135 kr. | 93.968.939.367 kr. |
| Nýherji | 25,60% | 373.992.943 kr. | 1.460.000.000 kr. |
| Össur | 24,30% | 26.823.222.576 kr. | 110.261.250.000 kr. |
| VÍS | 17,40% | 4.586.934.106 kr. | 26.404.086.772 kr. |

*Miðað við markaðsvirði við lok viðskipta í gær og lista yfir 20 stærstu hluthafa 31. janúar 2014.





50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Transit Custom 2,2TDCi dísil, 100 hö, beinskiptur 6 gíra. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 183 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



LIV BERGÞÓRSDÓTTIR

# Selfies-kynslóðin er ekki síður 40-50-60 ára

**Liv Bergþórsdóttir er gestur Klinksins á Vísir.is í þessari viku. Hún er forstjóri fjarskiptafyrirtækisins Nova, sem náði þeim árangri í fyrra að verða fyrst farsímafyrirtækja til að bjóða upp á 4G/LTE-þjónustu á Íslandi. Þá hefur Nova náð um 30% markaðshlutdeild á farsímamarkaði frá því fyrirtækið hóf starfsemi í desember 2007. Liv er viðskiptafræðingur að mennt og stundaði einnig stjórnunarnám við IESE Business School í Barcelona. Hún er einnig stjórnarformaður Wow Air og situr í stjórnum CCP og 66°N.**

**Í þættinum fer Liv yfir aðdragandann að stofnun Nova og helstu ástæður velgengni undanfarinna ára. Þá ræddi hún nýjustu tækninýjungar á síma- og netmarkaði ásamt því sem koma skal í þeim geira. Klinkið ræddi einnig við Liv um lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja.**

### Snjallúrin kjörin fyrir börnin

„Ég á níu ára strák. Það væri hægt að kaupa nýjan farsíma í hverjum mánuði fyrir krakka á þessum aldri sem skilja þá eftir á æfingu eða hvar sem er. Snjallúrin eru frábær lausn á þessu. Nýjustu úrin eru hugsuð fyrir þennan markað. Krakkarnir geta jafnvel bara hringt í eitt númer, í mömmu og pabba. Fólk hefur líka verið að setja staðsetningartæki á gæludýrin sín og þarna er hægt að fylgjast með börnunum sínum þannig, hvort þau séu komin út fyrir þau svæði þar sem þau eiga að vera og þá er hægt að hafa samband við þau.“

### Engar sameiningar fyrirhugaðar

„Við höfum alveg sýnt það að þessi markaður ber þrjú símafyrirtæki. Það er náttúrlega bara hagur neytandans og heilbrigð samkeppni. Við myndum til dæmis ekki vilja hafa bara tvo banka á Íslandi.“

### Í fararbroddi með 4G

„Við ætluðum ekki að láta einhvern annan koma og gera það sem við ekki værum að gera. Fyrst við vorum fyrst með 3G og þetta væri okkar sérstaða þá skyldum við líka vera fyrst og fremst og með mikla áherslu á 4G og það nýjasta hverju sinni.“

**„ÞAÐ ER SORGLEGT AÐ VIÐSKIPTALÍFIÐ HAFI EKKI GETAÐ SÉÐ UM ÞAÐ SJÁLFT [AÐ JAFNA KYNJAHLUTFÖLL Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA]“**

### Símar löngu hættir að vera bara símar

„Öll tæki verða sífellt snjallari og snjallari og símarnir eru löngu komnir fram úr því að vera bara einhverjir símar.“

Liv kynnir nýjustu tækni armbanda sem mæla hreyfingu, næringu, svefn og fleira og segir heilsugeirann koma sterkan inn í að tileinka sér nýja tækni til aukinnar hagræðingar í rekstri sínum.

› klinkið

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Viðtalið við Liv Bergþórsdóttur er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Kenndi þolfimi og keppti í þríþraut

*Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, heilsuhagfræðingur við Háskóla Íslands, hefur meðal annars rannsakað áhrif efnahagshrunsins á heilsu og hegðun landans. Hún lauk doktorsprófi í hagfræði frá Háskólanum í Miami árið 2006.*

SVIPMYND

**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is

Nokkur erlend vísindatímarit hafa á síðustu mánuðum fjallað um rannsóknir heilsuhagfræðingsins Tinnu Laufeyjar Ásgeirsdóttur á áhrifum íslenska efnahagshrunsins á hegðun og heilsu Íslendinga. Rannsóknirnar sýna að hrunið hafði mikil áhrif á heilsuhegðun landans.

„Fólk drekkur minna, reykir minna en sefur meira. Það er orðið ódýrara að sofa en á árunum fyrir hrun gat það reynst kostnaðarsamt þegar allir höfðu alltof mikið að gera,“ segir Tinna.

Hún starfar sem lektor við hagfræðideild Háskóla Íslands og sinnir þar bæði kennslu og rannsóknum. Hefðbundinn vinnudagur fer að stórum hluta í að sinna framhaldsnámi í heilsuhagfræði, en Tinna er í forsvari fyrir það nám.

„Síðan er ég að sinna mínum eigin rannsóknum þar sem ég er að skoða allt mögulegt. Ég rannsaka heilbrigðisþjónustuna mikið og skoða þá til dæmis hvort við séum að fá sem mest fyrir þau verðmæti sem til þjónustunnar er varið. Ein af ástæðum þess að heilsuhagfræði er vaxandi undirgrein hagfræðinnar er einmitt sú að heilbrigðiskerfið er orðinn svo stór hluti af opinberum útgjöldum.“

Af öðrum athyglisverðum rannsóknum Tinnu má meðal annars nefna rannsóknir á eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu og fjármögnun heilbrigðistrygginga.

Tinna á eitt barn, soninn Pétur Bjarna Einarsson, ellefu ára, og hún er gift Sigurði Gylfa Magnússyni sagnfræðingi. Hún lauk doktorsprófi í hagfræði frá Háskólanum í Miami í Bandaríkjunum árið 2006. Þá starfaði hún einnig sem nýdoktor við rannsóknastofnun í New York áður en hún flutti aftur heim og fór að starfa við Háskóla Íslands. Tinna er einnig með BA-próf í sagnfræði.

Tinna ferðast mikið vegna vinnunnar en hún hefur að undanförnu átt samstarfsfólk beggja vegna Atlantshafsins.

„Hreyfing hefur alltaf verið eitt af mínum helstu áhugamálum. Árum saman kenndi ég þolfimi og keppti í þríþraut, en hreyfingin hefur að einhverju leyti skipt um form. Þegar ég sjálf bregð mér í ferðalög á eigin forsendum þá reyni ég helst að komast í einhver fjöll á skíði. Mér finnst voðalega skemmtilegt að vera á skíðum á þessum árstíma og uppi á fjöllum á öðrum árstímum.“



**SKOÐAR HEILBRIGÐISKERFIÐ** Tinna Laufey segir heilsuhagfræði vera vaxandi undirgrein hagfræðinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

## Vinsæll samstarfsmaður og frábær mamma



„Tinna er eins og Phoebe í Friends, nema hún er eldklár, dökkhærð og mjög vel læs á félagslegar aðstæður. Í raun eiga þær bara sameiginlegt að þær dreymir báðar um að slá í gegn sem gítarleikarar. Tinna er fræðimaður og háskólakennari fram í fingurgóma. Vinsæll samstarfsmaður og sáttasemjari enda fengin í allar nefndir sem máli skipta. Hún ljær vinum alltaf eyra og eru samræður við hana skemmtilegri en við flesta. Hún er eina konan sem ég þekki sem gerði eiginmann sinn svo ásfanginn af sér að hann skrifaði ekki bara eina heldur tvær skáldsögur um hana.“

**Hulda Þórisdóttir,** lektor í stjórnmálafræði við HÍ



„Hún er og hefur alltaf verið frábær. Persónueiginleikar hennar eru mjög gott skap, jákvæðni og bjartsýni. Systur mínar segja að Tinna hafi þessa eiginleika frá ömmum sínum. Þær telja af og frá að þeir gætu verið frá mér. Fóru yfir ættlið! Í starfi kemur það Tinnu vel að vera greind og skipulögð sem er í fullkominni andstöðu við hversdagslífið. Enginn týnir lyklum jafn hratt og oft og örugglega og Tinna. Það ætti að koma fram í hagtölum mánaðarins. Tinna er frábær mamma og er afastrákurinn Pétur Bjarni flottur, skynsamur og skemmtilegur með góða mannkosti. Það er líklega besta hrósið um Tinnu.“

**Ásgeir Haraldsson,** læknir og faðir Tinnu.

# ASUS ZENBOOK



ASUS

## HÖNNUN, HRAÐI OG KRAFTUR

Asus Zenbook fangar athygli hvar sem hún kemur. Hin fullkomna blanda glæsileika og hágæða vélbúnaðar. Nýjasta kynslóð Intel Haswell örgjörvans og IPS háskerpuskjár. Sterkbyggð fyrir amstur vinnudagsins, örþunn og með langri rafhlöðuendingu.

Traustur kostur fyrir fyrirtæki sem gera kröfur um gæði og lága bilanatíðni.

### HAFÐU SAMBAND

Fyrirtækjaþjónusta Tölvulistans leggur mikla áherslu á að bjóða fyrirtækjum gæðabúnað frá þekktum og traustum framleiðendum í öllum vöruflokkum.

Hægt er að fá tilboð og nánari upplýsingar hjá fyrirtækjaþjónustunni í s. 414-1710 eða sala@tl.is.

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

# *Forstjóri - ráðherra - súkkulaðikleina*

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur alla tíð verið andsnúin lögum um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja. Þau voru samþykkt á Alþingi árið 2010 af þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum nema Sjálfstæðiflokki. Ragnheiður Elín var þá framsögumaður minnihlutaálits viðskiptanefndar þar sem kom fram skýr andstaða við lögin. Hún lét á þeim tíma þau fleygu orð falla að hún upplifði sig sem „súkkulaðikleinu“ fengi hún stöðu hvers konar eingöngu á þeim grundvelli að hún væri kona.



**Markaðshornið**

Fanney Birna Jónsdóttir
fréttastjóri

Það er því ekki útilokað að þar hafi spilað töluverða rullu að Ragnheiður Elín er kona.

### Af hverju tabú?

Aðeins 29 konur voru árið 2013 framkvæmdastjórar eða forstjórar 300 stærstu fyrirtækja landsins. Það eru 10%. Þá eru konur um 23 prósent aðalmanna í stjórnum íslenskra fyrirtækja og hlutfallið hækkaði lítillega á síðasta ári eins og Fréttablaðið greindi frá í janúar. Búast má við því að þetta hlutfall hækki á þessu ári þegar mörg félög halda fyrstu aðalfundi sína eftir að lögin tóku gildi fyrir aðeins fjórum mánuðum.

Þá munu taka við stjórnarsætum einhverjar konur sem ella hefðu ekki endilega fengið þau ef ekki væri fyrir þessu nýju lög. Af hverju er það svona mikið tabú? Það er ekki eins og það muni koma niður á rekstri fyrirtækjanna en þau hafa algjört sjálfsvald við að velja konu sem þau telja að sé hæf og henti fyrirtækinu. Við megum ekki gleyma að í gegnum tíðina hafa mun verri og ómálefnalegri sjónarmið verið látin ráða vali á stjórnarmönnum, t.d. hafa vinskapur og tengsl oft ráðið fremur en hæfni og reynsla.

### Óviðunandi staða

Fámenni kvenna í atvinnulífinu endurspeglar brengluð og gamaldags viðhorf. Skakka stöðu sem hefur lítið sem ekkert breyst síðustu áratugi. Á meðan engin haldbær rök koma fram sem sýna svart á hvítu að konur séu verri stjórnendur en karlar þá er þessi staða með öllu óviðunandi. Reynslan sýnir að stundum er inngrip ríkisvaldsins, því miður, eina raunhæfa lausnin til að knýja fram hugarfarsbreytingu gagnvart hópum sem hefur með ósanngjörnum hætti verið haldið frá ákveðnum kimum þjóðfélagsins.

Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova og gestur Klinksins, þessa vikuna tók við aðalviðurkenningu FKA í síðustu viku. Við það tilefni sagði Liv: „Ég hef oft verið súkkulaðikleina,“ og vísaði þar í orð ráðherrans frá því lögin voru sett. Hún hefur síðan ákveðið að hætta að vera „í kleinu“ yfir því að fá eitthvað á grundvelli kyns síns og einbeitt sér að því að sanna gildi sitt í þeim stöðum sem hún hlýtur. Liv er vel að merkja einhver farsælasti stjórnandi íslensks fyrirtækis í dag, með ánægðustu viðskiptavinina og sterkan rekstur.

### Körlunum mætt á heimavelli

Þetta er rétt afstaða. Í stað þess að nánast kafna úr sjálfsmeðvitund eins og viðskiptaráðherra eiga konur að sýna hvað í þeim býr. Í stað þess að uppnefna og gera lítið úr sjálfum okkur þá eigum við að hafa nógu mikið sjálfstraust til að mæta körlunum á þeirra heimavelli. Þannig, eins og Liv, bregðast sterkar konur við – konur sem sérhvert fyrirtæki ætti að vera stolt af að hafa innan sinna raða.

Að lokum er rétt að benda á eitt. Núverandi viðskiptaráðherra hefði aldrei verið valinn hæfastur af ráðningarfyrirtæki eða valnefnd til að gegna embættinu enda aðrir þingmenn með mun meiri reynslu og menntun á sviði viðskipta. Af hverju varð hún þá fyrir valinu? Það liggur fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi legið undir ámæli fyrir slaka stöðu kvenna í áhrifastöðum, þar á meðal í ráðherrastólum. Það er því ekki útilokað að þar hafi spilað töluverða rullu að Ragnheiður Elín er kona. Þýðir það að hún sé verri fyrir vikið? Klárlega ekki; hún þarf eins og allir aðrir að sýna að hún sé fullt erindi í ráðherrastól. Það eru nefnilega mjög fáir sem uppnefna og dæma annað fólk sjálfkrafa úr leik. Flestir dæma fólk af verkum sínum.

# Nýsköpunarborgir

**SKOÐUN**

Óli Örn Eiríksson,
deildarstjóri atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg.



**GJALDPROT** Detroit-borgar komst í fréttirnar á síðasta ári og vakti athygli á mikilli hnignun borgarinnar. Detroit er gott dæmi um borg sem byggðist upp í kringum framleiðslu. Þessar borgir voru á síðustu öld ríkustu borgir Bandaríkjanna og miklar nýsköpunar- og hagvaxtarvélar. Hnignun þeirra hefst upp úr 1980 þegar eigendur framleiðslufyrirtækjanna hófu að flytja starfsemi sína til svæða með lægri laun víða um heim. Störfum í borginni fækkaði hratt og upp frá því myndaðist vítahringur fólksfækkunar og versnandi efnahags.

### Bilið að breikka

Saga Detroit er gott dæmi um sögu framleiðsluborga Bandaríkjanna en á undanförnum 30 árum virðast bandarískar borgir hafa þróast upp í þrjá mismunandi flokka: hratt vaxandi þekkingarborgir, hnignandi framleiðsluborgir og loks borgirnar sem vega salt í miðjunni og óvíst í hvorn flokkinn munu lenda.

Bilið á milli þessara borga og sú staðreynd að það virðist vera að breikka frekar en að dragast saman er efni bókarinnar „The geography of jobs“ eftir Enrico Moretti. Í bókinni rannsakar höfundur 320 atvinnusvæði í Bandaríkjunum og kemst að þeirri niðurstöðu að 20 svæði eru að stinga restina af landinu af. Þetta eru nýsköpunarborgirnar.

### Stigvaxandi samþjöppun

Í öllum borgum eru tveir atvinnumarkaðir: staðbundin þjónusta og útflutningur. Við staðbundna þjónustu vinna bæði háskólamenntaðir (kennarar, læknar, fjármálaráðgjafar) og fólk með minni menntun (þjónar, leigubílstjórar, hárgreiðslumenn). Stærstur hluti íbúanna vinnur við þjónustugeirann. Það er hin hliðin, útflutningurinn, sem skapar tekjur til þess að greiða laun starfsmanna í þjónustunni. Borgir sem hafa byggt upp sterka klasa af þekkingarfyrirtækjum í útflutningi hafa á undanförnum árum tekið afgerandi fram úr öðrum svæðum með tilliti til launa, menntunarstigs og lífsgæða.

Þessi stigvaxandi samþjöppun vekur spurninguna af hverju þekkingarfyrirtæki flytja ekki starfsemi sína í ódýrari borgir og nýta sér lægri húsaleigu og launakostnað sem samkeppnisforskot? Ástæðan er sú að þekkingarstarfsemi byggist ekki eingöngu á þeirri þekkingu sem býr inni í hverju fyrirtæki heldur byggist hún að einhverju leyti á þeirri þekkingu sem „liggur í loftinu“. Þekking í öðrum fyrirtækjum, innan háskólanna og í stoðþjónustu mynda saman eitt nýsköpunarhagkerfi. Það er þetta sameiginlega nýsköpunarhagkerfi sem dregur til sín þekkingarfyrirtæki og þekkingarstarfsmenn. Eftir því sem þeim fjölgar þeim mun meira spennandi verður borgin fyrir báða aðila.

> Borgir sem hafa byggt upp sterka klasa af þekkingarfyrirtækjum í útflutningi hafa á undanförnum árum tekið afgerandi fram úr öðrum svæðum með tilliti til launa, menntunarstigs og lífsgæða.

### Hvar stendur Reykjavík?

Þekkingarborgir bjóða ekki bara þekkingarstarfsmönnum há laun. Moretti bendir á að fólk sem hefur ekki lokið háskólaprófi og vinnur í nýsköpunarborgunum hefur mun hærri laun en samanburðarhópur í framleiðsluborgum. Munurinn er svo mikill að í sumum tilfellum eru ómenntaðir íbúar nýsköpunarborga komnir með hærri tekjur en háskólamenntaðir íbúar framleiðsluborga.

Á Íslandi er það vel þekkt að íbúar á landsbyggðinni hafa minni menntun og þeim bjóðast fábreyttari störf en íbúum á höfuðborgarsvæðinu. Enn skortir þó á að hugsa um höfuðborgarsvæðið út frá öðrum borgum í heiminum. Hvar stendur Reykjavík í alþjóðlegum samanburði? Er nýsköpunarkerfi borgarinnar nægilega öflugt til þess að keyra áfram hagvöxt framtíðarinnar?



**MANNABREYTINGAR** Nadella hóf störf hjá Microsoft árið 1992. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Satya Nadella verður nýr framkvæmdastjóri tæknirisans:

## Sá þriðji í 38 ára sögu Microsoft

**BANDARÍKIN, AP Hinn 46 ára indverskættaði Satya Nadella mun taka við stöðu framkvæmdastjóra hjá Microsoft en hann var áður yfirmaður tölvuskýjaþjónustu fyrirtækisins. Nadella verður þannig aðeins þriðji framkvæmdastjóri Microsoft á 38 ára sögu fyrirtækisins.**

**Stofnandi Microsoft og fyrsti framkvæmdastjóri þess, Bill Gates, mun víkja sem stjórnarformaður og sinna ráðgjafastörfum. Hann hyggst eyða þriðjungi starfstíma síns við vöru- og tækniþróun hjá fyrirtækinu.** - fbj

Hefur störf hjá SandCap:

## Jónmundur hættir hjá Sjálfstæðisflokki

Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri sænska fjármálafyrirtækisins ScandCap á Íslandi.

Jónmundur hefur þegar störf á nýjum vettvangi en mun jafnframt starfa með nýjum framkvæmdastjóra flokksins næstu mánuði.

ScandCap sérhæfir sig í að veita fyrirtækjum, samtökum og opinberum aðilum margvíslega þjónustu, bæði hérlendis og erlendis. Einkum felst starfsemi þess í ráðgjöf við fjármögnun fyrirtækja, fjárhagslegri endurskipulagningu, verðmati auk aðstoðar við kaup, sölu og samruna fyrirtækja. - fbj

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 67385 08/2013



**ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?**

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

**Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:**

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska hverju sinni.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR



# Allt í steik!

Verð aðeins
7.390 kr.
Næg bílastæði

## 4ra rétta seðill

**PARMASKINKA**
með klettasalati, stökkum parmissankúlum og kryddjurtamajónesi

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

**FISKUR DAGSINS**
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

*eða*

**NAUTALUND**
með lauk, hvítlaukskonfit, graskeri, smælki og piparsósu

*eða*

**LAMBAHRYGGUR**
með kartöfluflani, gulbeðumauki, grænkáli, perlulauk og soðgljáa

VELDU ÞÉR EFTIRRÉTT

**KARAMARMELLAÐ HVÍTSÚKKULAÐIFRAUÐ**
með músli „ muffins“, eplasellery chutney og limejógúrtís



## PHILIPPE GIRARDON

Matreiðslumeistarinn **Philippe Girardon** verður gesta chef Perlunnar frá **27. febrúar til 2. mars**. Árið 1993 vann hann Michelin stjörnu og fékk svo titilinn Meilleur Ouvrier de France, matreiðslumaður Frakklands, árið 1997. Hann er mikill Íslandsvinur og hefur tekið þátt í að þjálfa marga íslenska matreiðslumeistara sem hafa tekið þátt í hinni heimsþekktu **Paul Bocuse** keppni.

Gjafabréf Perlunnar
Góð gjöf við öll tækifæri!







Servida Besta · Frontera · Globus · Lindsay · Guðjón Ó · Ömmubakstur · Garri · Bananar · Kjötsmiðjan · SD · Perlukaup · Ekran · Sjófiskur · Kaffitár · Bakkus · Lambhagi · Ísfugl · Humarsalan · Fastus · Gull · Innnes · Sólarfilma

Veitingahúsið Perlan
S: 562 0200 · Fax: 562 0207
perlan@perlan.is
www.perlan.is

PERLAN

MARKAÐURINN

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 115,7 | GBP 188,99 | DKK 20,959 | EUR 156,4 |
| NOK 18,368 | SEK 17,725 | CHF 128,03 | JPY 1,14 |

## Hin hliðin



**SIGRÍÐUR HRUND GUÐMUNDSDÓTTIR**
REKSTRARHAGFRÆÐINGUR - REYKJAVIK CONSULTING

# Óverðtryggð eða verðtryggð lán?

Ein mikilvægasta ákvörðun margra á lífsleiðinni er kaup á íbúðarhúsnæði. Grundvallarbreytingar á því lánakerfi sem í boði er leiða af sér mikla óvissu sem gerir þessa ákvörðun töluvert snúna. Hvað gerist nú þegar nefnd um afnám verðtryggingar hefur skilað sínum tillögum? Sjálfsagt mun óvissan setja íbúðarkaup margra á ís um sinn. Hvaða áhrif mun þessi óvissa hafa t.d. á fasteignaverð? Ef löng verðtryggð lán heyra sögunni til þá munu eflaust eignir með slíkum lánum áhvílandi verða vinsælar til yfirtöku á næstu misserum. Minni eignir ættu að seljast nokkuð hratt en hætt er við að stóru eignirnar sitji eftir. Ástæðan er sú að það verður mun erfiðara fyrir lántakendur að standast greiðslumat vegna óverðtryggðra lána.

### Greiðslubyrði

Lánveitendur vilja fá endurgreitt, sem er eðlilegt. Þeir vilja fá vexti og þar að auki hámarka líkurnar á að höfuðstóllinn haldi í við verðlag. Þess vegna munu bankar og aðrir lánveitendur, að öllu óbreyttu, hækka vexti á óverðtryggðum lánum ef verðbólgan eykst. Það er jú endurskoðunarákvæði í flestum lánasamningum á nokkurra ára fresti. Greiðslubyrðin yrði þá mun þyngri á óverðtryggðu lánunum til að byrja með í samanburði við verðtryggðu lánin. Aftur á móti sér fólk höfuðstólinn lækka hraðar á óverðtryggðu lánunum því það borgar lánin hraðar niður. Það er að segja, ef það stenst greiðslumat og fær lán yfirhöfuð.

### Óverðtryggt vs. verðtryggt

Vextir eru háir á Íslandi, bæði verðtryggðir og óverðtryggðir. Margir hafa bent á að vextir þurfi að lækka svo lántakar standi undir endurgreiðslum af íbúðarlánum til lengri tíma. Það gæti hæglega gerst ef verðtryggð lán heyra sögunni til.

### Lægri vextir

Ef greiðslubyrði íbúðarlána þyngist almennt, þá má gera ráð fyrir að greiðslugeta verði ekki til staðar eða a.m.k. mun minni en áður. Markaðurinn þarf því að ná nýju jafnvægi, sem getur annars vegar átt sér stað með lækkun á fasteignaverði eða hins vegar með lægri vöxtum. Þar sem verð á íbúðarhúsnæði lækkar treglega, þá er ólíklegt að jafnvægi náist þannig nema á mjög löngum tíma. Hinn möguleikinn er að Seðlabankinn beiti sér og lækki vexti. Sú vaxtalækkun gæti átt sér stað á tiltölulega stuttum tíma ef aðstæður og vilji er fyrir hendi. Þar af leiðandi er mun líklegra að lægra vaxtastig leiði til nýs jafnvægis á markaði með íbúðarhúsnæði, fremur en lægra fasteignaverð.






## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun




# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til sölu




## Heimilistæki

Til sölu hluti af búslóð + verkfæri. Schott helluborð, Electrolux blástursofn, ryðfrír Amica hávur. Lítur út eins og nýtt. allt á 140þ. Tvöfaldur amerískur ísskápur m/klakavél 110þ. Heitur pottur m/nuddi á 300þ. 2 tréborðsagir, vatnsiðnaðarryksuga, fræsari fyrir gólfraufar. Uppl. í S: 555-4181

## Verslun



**WE-VIBE II, III OG IV**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró. Sendum um allt land. www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

Rooms for rent in 101 R. s: 8621846 call after 20:00

Herb. til leigu á Álfatamýri m. aðg. að eldhúsi og þvottavél,reglusemi. Uppl. í S:865 9637

Herbergi með aðgang að eldhúsi, wc og baði til leigu. s. 661 5219

Til leigu nýmáluð 3ja herb. 86 fm. íbúð í Seljahverfi. Laus strax. kr. 140.000 á mán og bankaábyrgð. Hiti og rafm. innifalið. Eggert s: 893 1819.

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SUÐURLANDSBRAUT**
Til leigu 43m2 skrifstofuhúsnæði/vinnustofa á annarri hæð í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði. Hentugt fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki. Einnig 58 m2 skrifstofa á þriðju hæði í við Suðurlandsbraut í Rvk. Nánar á www.leiga.webs.com og í síma 8987820

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 150- 1.500 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**SNIÐUG FJÁRFESTING**
Lítið atvinnuhúsnæði til sölu í Glæsibæ. Uppl. í s. 6599508

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**JÁRNAVINNA / IRON JOB**
Vantar járnamenn mikil vinna í boði. Góð laun. Uppl. í s. 897 1995 Sigurður 866 1083 & Andrés. jarnaverk@internet.is

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu, hlutastarf. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs, part time. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

**KVÖLDVINNA HJÁ SAMHJÁLP.**
Samhjálp óskar eftir fólki í símasöfnun á kvöldin. Góð laun í boði.
**Upplýsingar í 699-0005 frá kl.12-20 eða á annamc@samhjalp.is**

**KAFFIHÚS, BAKARÍ**
Bakarameistarinn Húsgagnahöllinni óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslustörf, vinnutími alla virka daga frá kl. 13-19 einnig er laust á morgunvaktir frá kl. 6-13 viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða á þá vakt. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.
**Áhugasamir sendi ferilskrá á: hofdi@bakarameistarinn.is**

**LEBOWSKI BAR VANTAR STARFSFÓLK**
HRESST STARFSFÓLK VANTAR Á LEBOWSKI BAR UM KVÖLD OG HELGAR, MÖGULEIKI Á FULLU STARFI Í SUMAR. SENDIÐ UMSÓKN ÁSAMT MYND Á INFO@LEBOWSKIBAR.IS FYRIR 10 FEBRÚAR.





**KL. 20:05**
**Kolla**
Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegum nótum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

# Frábært miðvikudagskvöld

**KL. 20:35**
**The Face**
Skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppa um að verða næsta ofurfyrirsæta.



**KL. 21:20**
**Lærkevej**
Skemmtileg dönsk þáttaröð um þrjú systkini sem flýja frá Kaupmannahöfn og fara huldu höfði í rólegu úthverfi.



**BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00**
**Hanna**
Frábær spennumynd með Cate Blanchett, Eric Bana og Saoirse Ronan í aðalhlutverkum.



**KL. 19:45**
**Baby Daddy**
Nýir gamanþættir um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



**KL. 21:30**
**Sleepy Hollow**
Æsispennandi þættir um mann sem á dularfullan hátt vaknar upp frá dauðum eftir rúm 220 ár í smábænum Sleepy Hollow.



**Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00**
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | | 6 |
| | 2 | | 5 | | 9 | | | |
| 7 | | | | 2 | 6 | | 3 | |
| | 8 | 2 | 7 | 9 | | 1 | | |
| | 3 | | 1 | | | | 5 | 7 |
| 1 | | | | | 8 | | 2 | 9 |
| | 7 | 9 | | | | | | 2 |
| | | | | 8 | 3 | | 7 | 1 |
| 6 | 1 | | | | | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | | | | | |
| 8 | 5 | | | | 3 | | 2 | 7 |
| | | 2 | | | 1 | | 4 | |
| 2 | | 8 | | | | 4 | | |
| 5 | | | 3 | | 6 | 7 | | |
| | | 6 | 7 | | | 8 | | |
| | 2 | | | | | | | 1 |
| | 9 | 1 | 8 | 5 | 4 | | | 3 |
| 7 | | 3 | | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | 7 | 5 | 6 | | |
| | | | 9 | 8 | 3 | 4 | | |
| | 2 | 3 | | | 6 | | | |
| 6 | 4 | | | | | | 5 | 1 |
| 8 | | | | 5 | 7 | | | |
| | | | | | | | | |
| 7 | 3 | 4 | | 9 | 1 | | | |
| 1 | | 9 | | | | | | 8 |
| | | | | 3 | | | 9 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 6 | 8 | 1 | 2 | 9 | 5 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 |
| 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 9 |
| 5 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 4 |
| 1 | 9 | 8 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 6 | 2 | 9 | 7 | 5 | 4 | 1 |
| 2 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 9 | 5 | 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 1 | 8 | 5 |
| 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 1 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 6 | 8 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 9 |
| 2 | 9 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 |
| 6 | 5 | 3 | 8 | 9 | 7 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Kvikmyndir eru alltaf skáldskapur, ekki heimildarmyndir. Jafnvel heimildarmyndir eru tegund af skáldskap.“

*Philip Seymour Hoffman*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | 13 | | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** plat, **6.** rún, **8.** fley, **9.** skyggni, **11.** slá, **12.** óstilltur, **14.** rófa, **16.** verslun, **17.** af, **18.** eyrir, **20.** pfn., **21.** krakki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** frá, **4.** trjátegund, **5.** yfirbragð, **7.** starfræksla, **10.** ar, **13.** skarð, **15.** rótartauga, **16.** hryggur, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** úr, **8.** far, **9.** der, **11.** rá, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** bt, **17.** frá, **18.** aur, **20.** ég, **21.** krói.
**LÓÐRÉTT: 1.** júdó, **3.** af, **4.** barrtré, **5.** brá, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** bak, **19.** ró.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Pétur Jóhannsson lagði afar lymskulega gildru fyrir Braga Þór Thoroddsen í lokaumferð Skákþing Reykjavíkur þegar hann lék 41. … Hgf5!**

**Hvítur á leik:**



**42. Hxa6??** Bragi fellur beint í gildru Péturs. Eftir 42. Ke4 eða 42. He1 hefði hann haft unnið tafl. 42. … H5f3+! 43. Ke4 He2#. Snarplega teflt hjá Pétri sem stóð sig afar vel og hlaut 3½ vinning í 9 umferðum. **www.skak.is** Skákkeppni vinnustaða fer eftir viku.

# VALHÖLL
FASTEIGNASALA

**Síðumúla 27 - Sími 588 4477**
*Opið virka daga frá kl. 9-17*



*Ingólfur Gissurarson s: 896-5222 Lögg.fast.Sali.* *Bárður Tryggvason s: 896-5221 sölustjóri* *Heiðar Friðjónsson s: 693-3356 Lögg.fast.Sali.* *Ellert Róbertsson s: 893-4477 sölumaður* *Erlendur Davíðsson Löggiltur fasteignasali.* *Sigþór Bragason s: 899-9787 Lögg.fast.Sali.* *Jón Rafn Valdimarsson s: 695-5520 Lögg.fast.Sali.* *Margrét Sigurgeirsdóttir s: 866-1515 skrifstofustjóri.* *Garðar Kjartansson S:853-9779 Sölumaður*

**Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð**

**www.Valholl.is**

# ALLIR ÞURFA ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ

## Sólheimar 38 - Falleg sérhæð




**Opið hús í dag miðvikudaginn 5. feb frá 17:30 til 18:30**

Nýkomin í einkasölu falleg 140 fm efri hæð ásamt 30 fm bílskúr í fallegu nýlega viðgerðu fjórbýlishúsi. Fjögur góð svefnherbergi rúmgóð stofa og sérþvottahús. Ágætt útsýni. Endurnýjað skólp. Nýlegt þak. Frábær staðsetning. Stutt í framháldsskóla, grunnskóla og alla þjónustu. **Verð 44.5. m.** Uppl. veita Bárður í 896-5221 eða Ellert í 893-4477.

## Falleg 145,3 fm hæð með bílskúr við Efstasund í Reykjavík



Í einkasölu falleg 145,3 fm hæð í þríbýlishúsi við Efstasund í Reykjavík. Hæðin er 113 fm, þrjú herbergi og tvær stofur. Falleg gólfefni, nýlega endurnýjað baðherbergi, og nokkur ár síðan að eldhús og tréverk var endurnýjað. Bílskúrinn er 32,3 fm og í kjallara er sameiginlegt þvottarhús og sérgeymsla, innan gengt í sameign. Verð 39,0 milj, uppl. veitir Heiðar í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is

## VANTAR

- Vantar fyrir fjársterka kaupanda 2-3ja herb. íbúð miðsvæðis í borginni.
  **Uppl. veitir Bárður s: 896-5221**
- Vantar lítið einbýli/parhús á Reykjavíkursvæðinu. Verð allt að 40 milj.
  **Uppl. veitir Bárður í s: 896-5221**
- Vantar góða ca. 120 fm íbúð fyrir fólk sem búið er að selja stóra fasteign, staðgreiðsla í boði.
  **Uppl. veitir Heiðar í s: 693-3356**
- Vantar 2ja herb. í póstnr. 104,105 eða 107 fyrir ungt fólk sem búið er að selja.
  **Uppl. veitir Heiðar í s: 693-3356**

## Huldubraut 18 - Glæsilegt Parhús



Glæsilegt 261 fm. hús innst í lokaðri götu. Fjögur góð svefnherbergi og rúmgóðar stofur. Tvö fullbúin baðherbergi. Fallegt eldhús. Stór bílskúr, sólskáli, sólpallur og heitur pottur. Útsýni yfir Fossvoginn. **V 64,9 m** Uppl Sigþór s: 899 9787

## Glæsilegt raðhús í Staðarhverfi Grafarvogs



Í einkasölu glæsilegt 164,1 fm raðhús á frábærum stað í Staðarhverfi Grafarvogs, húsið er mikið endurnýjað með glæsilegu eldhúsi og baðherbergi, vandaðar innréttingar og gólfefni. Í húsinu eru 3- herb. Glæsilegur garður með sólpöllum fyrir framan og aftan. Verð 48,9 milj, allar upplýsingar um eignina veitir Heiðar í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is

## Stærri eignir



### Vesturhús - Grafarvogi. Glæsilegt einbýli með aukaíbúð á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ.

Stórglæsilegt ca 320 fm einbýli með auka 3ja herb. íbúð (samþykkt). Glæsilegt úsýni m.a. Akrafjall, Snæfellsnes, Sundin, Borgin, Bláfjöll og fl. Örstutt í skóla, sund, íþróttir og óbyggt svæði framanvið húsið. Innréttingar hannaðar af Finni Fróðasyni. Frábært skipulag. Tvennar svalir, Arin í stofu, glæsilegt eldhús, 4 stór svefnherbergi + aukaíbúðin (innangengt + sérinngangur). Algört draumahús á draumastað. Lítill skógarlundur framanvið húsið. **Ásett verð 88 millj.** Skipti skoðuð á ódýrari eign. Ingólfur Gissurarson Lg.fs. sýnir S:896-5222.



### Þrastarás Hfj. Fallegt nýlegt raðhús.

Nýkomið 190 fm raðhús á mjög góðum og rólegum útsýnisstað. Innbyggður bílskúr, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, mjög gott skipulag. **Verð 44 millj.** Skipti möguleg á 3-4 herbergja íbúð, jafnvel nýlegum bíl. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.



### Víkurbakki - Raðhús

Gott 160 fm raðhús á þremur pöllum. Fjögur svefnherbergi Baðherbergi m. baðkari og sturtu og einnig er gestasalerni v. anddyri. Stofa með eikarparketi og útgengt á breiðar svalir er snúa í SV. Í garði er trépallur, grasblettur, skjólgirðing og einnig lítið garðhús sem nýlega var endurnýjað. Gler á efri hæð hefur verið endurnýjað. Innbyggður bílskúr og hiti í plani. **V. 39,9 millj.** Uppl. Jón Rafn S: 695-5520



### Stuðlasel Glæsilegt einbýli

Mikið endurnýjuð og glæsileg eign. Rúmgóð parketlögð stofa, endurnýjað eldhús og baðherbergi. 5 svefnherbergi og möguleiki á aukaíbúð. Mjög stórar suður svalir og fallegur gróin garður. **V 59.0 m** Uppl. Jón Rafn s: 695 5520



### Vesturhús - Grafarvogi. Fallegt einbýli á frábærum útsýnisstað.

Í einkasölu fallegt 235 fm einbýlishús á frábærum rólegum útsýnisstað í lokaðri götu. Örstutt í skóla, sund, íþróttir og fl. Efri hæð skiptist í eldhús, stofur, herbergi og óskráð risherbergi (ca.20fm), baðherbergi og tvöfaldan bílskúr. Á neðri hæð eru tvö svefnherbergi og sjónvarpsherb. baðherb og þvottarhús. Falleg aflokuð verönd með heitum potti. **Verð 62,0 milj,** SKIPTI MÖGULEG Á ÓDÝRARI / MINNI EIGN. Uppl. veitir Heiðar s:693-3356 eða heidar@valholl.is



### Heiðargerði - fallegt einbýlishús

Fallegt og mikið endurnýjað um 200 fm einbýlishús á frábærum stað í Heiðargerði. Eignin skiptist í stórar stofu, 3-4 herb. Fallegar innréttingar og gólfefni. 36 fm bílskúr. Fallegur garður, staðsettning miðsvæðis. Möguleiki á skiptum. **Verð 48,9 milj.** Uppl. veitir Ellert 893-4477

## Eldri borgarar



### Skólabraut Seltjarnarnesi - fyrir 65 ára og eldri.

Nýkomin í einkasölu 57 fm íbúð á 1 hæð með sérpalli i suður í eftirsóttu fjölbýlishús fyrir 65 ára og eldri. vel innréttuð íbúð. Hægt að fá mat. Matsalur og þjónusturými þar sem fólk kemur saman við hannyrðir, spil og fl. Laus strax. **Verð 21,5 millj.** Uppl. veitir Bárður í 896-5221.

## Hæðir



### Falleg hæð með bílskúr

Falleg 5 herb. 162,5 fm hæð á frábærum stað við Goðheima í Reykjavík. Bjartar stofur, rúmgott endurnýjað eldhús. Baðherbergi með flísum og baðkari, möguleiki á 4 svefnherbergjum. 30fm bílskúr. Hús í ágætu ástandi á frábærum stað í Reykjavík. **Verð 41,9 milj,** uppl. veitir Heiðar í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is



### Glæsileg sérhæð við Rauðalæk

Höfum tekið í sölu eina af glæsilegri sérhæðum í Reykjavík. Hæðin sem er algjörlega endurnýjuð að innan, er 118 fm og skiptist í þrjú svefherbergi, tvær stofur, eldhús, baðherbergi og þvottarhús. Hús að utan í ágætu ástandi. **Verð 47,8 milj,** allar frekari uppl. um eignina veitir Heiðar í s:693-3356

## Nýbyggingar



### Freyjubrunnur, til afh. við kaups.

Nýtt mjög vel skipulagt 215 fm. raðhús á tveimur hæðum með innb. bílskúr. Fjögur svefnherbergi, eignin afh. tilbúin til innréttingar,golfhiti komin. **V. 48,5m.** Mögul. að taka minni eign upp í kaupverð. Seljandi er til í að lána hluta kaupverðs. Nánari uppl. veitir Ellert 893-4477



### Austurkór 150 fm raðhús

Höfum tekið í sölu 5- raðhús á einni hæð við Austurkór í Kópavogi. Húsin seljast fullbúin án gólfefna á stofu og herbergjum 2-3 svefherbergi eru í húsunum sem eru skemmtilega skipulögð. **Verð frá 49,5 milj.** Uppl. um eignirnar veita Heiðar í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is eða Bárður í s:896-5221 eða á bardur@valholl.is



### Parhús við Aflakór í Kópavogi

Í einkasölu 268 fm parhús á tveimur hæðum við Aflakór í Kópavogi. Möguleiki á séríbúð á neðri hæð. Neðri hæð skiptist í fjögur herbergi, bílskúr, baðherbergi og geymsla. Efri hæð skiptist í tvö herbergi, stofur, baðherbergi og eldhús. 40fm svalir. Eignin skilast tilbúin að utan en að innan er hún tilbúin til innréttinga. **Verð 59 milj.** Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is

## 3ja herbergja



### Víðihvammur, 3ja herb. með bílskúr

Í einkasölu falleg 80 fm, þriggja herb. íbúð á 2 hæð með 24 fm bílskúr í fjórbýli, byggt 1994. Glæsilegt útsýni. 2 svefnherb. Massift parket. Góður sérstæður bílskúr. Laus strax. Frábær staðsetning í grónu hverfi. Fallegt útsýni. Góðar svalir. **Verð 26.9 millj.** Uppl. veitir Bárður í 896-5221.



### Tómasarhagi - laus fljólega.

Í einaksölu falleg 84 fm þriggja herb. íbúð lítið niðurgrafin í fallegu þríbýli. Sérinng. Nýlega búið að skipta um þakjárn, skólplagnir og leggja dren undir gólfplötu umhverfis húsið. Tvö rúmgóð svefnherb. Nýlega uppgert baðherbergi. Nýlegt parket. Björt stofa til suðurs. Laus fljóltlega. **Verð 28.9 m.** Uppl. veitir Bárður í 896-5221.



### Nýbýlavegur 3ja herb. með sérinngangi

Mjög góð 3ja herb. með sérinngangi. Tvö svefnherbergi og góð stofa. Endurnýjað baðherbergi og fallegt eldhús. Húsið er klætt að utan og snýr íbúðin öll að bakgarði. Gróinn garður og sér bílastæði **V.23.9 m** Uppl Sigþór s: 899 9787

## 4ra herb



### Falleg 4ra herb. með bílskýli við Vindakór

Valhöll fasteignasala kynnir góða 133 fm, 4ra herb. endaíbúð á 3ju hæð, ásamt stæði í lokaðri bílageymslu, við Vindakór í Kópavogi. Fallegar innréttingar og parket á gólfum. Þrjú rúmgóð herb. Baðherbergi með flísum á veggjum og gólfi, hornbaðkar og innrétting. Þvottahús innan íbúðar. **Verð 33,9 milj.** Laus við kaupsamning. Uppl. veita sölumenn Valhallar í s:588-4477



### Neshagi 4ra herb m/ sér inngangi

Góð 4ra herbergja eign á jarðhæð. Sér inngangur. Þrjú svefnherbergi og fallegt eldhús. Rúmgott baðherbergi og tvær sér geymslur. **V 31.8 m** Uppl Jón Rafn S 695 5520

## Atvinnuhúsnæði



### Verslunarhúsnæði og 4ra herb. íbúð við Ingólfsstræti

Höfum tekið í sölu Ingólfsstræti 8, verslunarhúsnæði á 1. hæð 93,6fm og 4ra herbergja íbúð á 2.hæð 90,3fm í reisulegu húsi á þessum eftirsótta stað í miðbæ Reykjavíkur. Fasteignirnar bera tvö fastanúmer: Verslunarhæð, 200-4374 og íbúð, 200-4375, samtals 183,9 fm. Báðir eignarhlutar eru í útleigu. Óskað er eftir tilboðum í eignirnar, uppl. veitir Heiðar í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is



### Smiðjuvegur - Kópavogi

Í einkasölu nokkuð gott 106,3 fm atvinnuhúsnæði sem skiptist í góðan sal með innkeyrsludyrum. Þar fyrir aftan er rúmgóð skrifstofa með glugga, eldhús og salerni með glugga. 3ja fasa rafmagn. Húsnæði í nokkuð góðu ástandi og búið að endurnýja gafl og þak. **Verð 15,9 milj,** laust við kaupsamning. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is

## Fyrir fjárfesta

### Góðar íbúðir með trausta leigusamninga.

**Bryggjuhverfi – Rvk.** Glæsileg 102 fm 3ja herb. Íbúð með sérinngangi.

**Ásakór – Kópav.** Glæsileg nýleg 120 fm 3ja herb.íbúð í nýlegu lyftuhúsi.

**Ártúnsholt – 2-3ja herb.**, 75 fm íb. á jarðhæð m. Sérinngangi.

Allar nánari upplýsngar veitir Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignas. S:896-5222 eða ingolfur@valholl.is

**Frítt sölumat á Valhöll fasteignasölu! - Leitið upplýsinga hjá sölumönnum í síma 588-4477.**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-0042



# STOFN ENDUR-GREIÐSLA

**Nú er gaman að vera hjá Sjóvá, því þessa dagana fá 21.288 tjónlausar og skilvísar fjölskyldur í vildarþjónustunni Stofni endurgreiddan hluta af iðgjöldum síðasta árs.** Við erum stolt af því að vera eina tryggingafélagið sem umbunar viðskiptavinum sínum á þennan hátt.

Þú innleysir endurgreiðsluna á **Mínum síðum** á sjova.is

SKEMMTILEGT

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ
STOFN

# Ekkert venjulegt ball

TÓNLIST/DANS ★★★★★

**Scape of Grace**
eftir Hallvarð Ásgeirsson og Sögu Sigurðardóttur
**MYRKIR MÚSÍKDAGAR Í NORÐURLJÓSUM HÖRPU LAUGARDAGINN 1. FEBRÚAR**


**HÓPURINN**

Í Norðurljósum Hörpu seint á laugardagskvöldið var búið að dreifa nokkrum hátölurum um salinn. Þegar ég gekk þar inn tók á móti mér lágvær niður. Niðurinn var dálítið ógnandi, svona eins og djúpir, liggjandi tónar eru yfirleitt. Þegar bassatónarnir byrja í kvikmyndunum er eitthvað ferlegt á seyði.

Það var þó ekkert ferlegt við uppstillinguna. Hátalararnir voru sakleysislegir. Enginn var á sviðinu, nema tónskáldið Hallvarður Ásgeirsson. Hann sat fyrir framan tölvu og var góðlegur á svipinn. Góð stemning var líka í salnum. Áheyrendur voru brosmildir, fullir eftirvæntingar.

Hallvarður vakti athygli mína á hinni svokölluðu Sláturtíð í haust. Á tónleikunum sem ég sótti átti hann eina verkið sem var virkilega bitastætt. Það einkenndist af fallegri, ljóðrænni stemningu og lokkandi undiröldu. Hallvarður hefur auðheyrilega eitthvað að segja með list sinni.

Von bráðar gekk hópur dansara inn á sviðið. Þetta voru þau Saga Sigurðardóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Kristinn Guðmundsson, Sigurður Arent Jónsson og Védís Kjartansdóttir. Dansararnir tóku sér stöðu, og svo byrjaði ballið.

Ball er reyndar ekki rétta orðið. Dansinn var ekki af hefðbundnu gerðinni, ekki þessari sem fólk á að venjast úr sjónvarpsþáttum á borð við Dans dans dans. Raftónlistin var líka óvanaleg. Hún samanstóð lengi vel af sömu tónunum. Samt tók hún sífelldum breytingum, því dansararnir voru alltaf að eiga við hátalarana. Tónlist er yfirleitt í einhvers konar þrívídd – hljóðfæraleikarar eru jú á mismunandi stöðum á sviðinu á venjulegum tónleikum, og það heyrist. En hér var stöðugt verið að undirstrika þrívíddina með ýmiss konar tilfærslum. Hátalararnir voru færðir til af dönsurunum og það breytti hljómnum hvað eftir annað.

Of langt mál væri að tíunda allt sem bar fyrir augu og eyru. Það væri heldur ekki hægt. Í flestum tilfellum er dans og tónlist um eitthvað sem ekki er mögulegt að koma orðum að. En heildarsvipurinn var stórkostlegur. Tónlistin var seiðandi og áferðarfalleg; dansinn var merkingarþrunginn og fullkomlega samhæfður. Þetta tvennt rann saman svo úr varð gjörningur sem var hugvíkkandi. Alltaf var eitthvað að gerast sem var áhugavert og spennandi, bæði að sjá og heyra. Hvergi var dauður punktur. Þetta var mögnuð upplifun.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Sérlega falleg sýning með seiðandi tónlist.

# Vetrarhátíð í Reykjavík hefst á morgun

Magnað myrkur! er yfirskrift Vetrarhátíðarinnar sem stendur yfir frá 6. til 15. febrúar.

Vetrarhátíð í Reykjavík verður sett annað kvöld og stendur hún til 15. febrúar. Markmið hátíðarinnar er að lýsa upp mesta skammdegið í febrúar með viðburðum og uppákomum af ýmsu tagi, stórum sem smáum en yfirskrift hátíðarinnar er Magnað myrkur!

Ljósalistaverk eftir innlenda og erlenda listamenn verða tendruð, ljósaviðburðir munu eiga sér stað um alla borg og verða byggingar og almenningsrými lýst upp með fjölbreyttum hætti. Jón Gnarr borgarstjóri mun setja Vetrarhátíð með því að tendra tíu ljósaverk samtímis annað kvöld klukkan 19.30 í garði Listasafns Einars Jónssonar.

Að setningunni lokinni hefjast tónleikarnir Denver Calling Reykjavík sem eru samstarfstónleikar tónlistarmanna frá Reykjavík og Denver í Colorado í Bandaríkjunum. Á tónleikunum stilla tónlistarmennirnir strengi sína saman og flytja tónlist hver annars. Íslensku tónlistarmennirnir eru Högni Egilsson, Lay Low og Snorri Helgason og frá Denver í Colorado í Bandaríkjunum koma Tyler Ludwick, Esmé Patterson og Jesse Elliott.

Meginstoðir Vetrarhátíðar 2014 verða Safnanótt, Sundlauganótt og Ljósalistaverk en aðrir skemmtilegir viðburðir hátíðarinnar eru til dæmis snjóskurður og heimsdagur barna. Nánari upplýsingar um dagskrárliði og dagsetningar er að finna á heimasíðu hátíðarinnar vetrarhatid.is.


**LJÓSADÝRÐ** Frá setningarathöfn Vetrarhátíðar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



# ADRIA Í VÍKURVERK

ADRIA

## Kynning um helgina.

Víkurverk er umboðsaðili fyrir ADRIA á Íslandi.
Við kynnum 2014 árgerðin af ADRIA hjólhýsum.
Opið laugardag og sunnudag 12 til 16.
Verið velkomin, það verður heitt á könnunni.

2014
ÁRGERÐIN
GLÆSILEGT ÚRVAL
HJÓLHÝSA




VÍKUR
V • E • R • K

VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARFI 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • VIKURVERK.IS

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:30, 8, 10:20 | 12 |
| 47 RONIN 3D | 8 | 12 |
| LONE SURVIVOR | 10:30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM | 6 2D | L |
| HOBBIT 2 3D | 8 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5:30 | 7 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GRUDGE MATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRUDGE MATCH VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| JACK RYAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:30 - 8:30 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:30 - 8:30 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| GRUDGE MATCH | KL. 5:35 - 8 -10:25 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 5:15 | L |
| JACK RYAN | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:15 | 16 |
| LAST VEGAS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:15 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 7:30 - 10:15 | 16 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| GRUDGE MATCH | KL. 6 - 9 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6 - 9 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| GRUDGE MATCH | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| JACK RYAN | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| GRUDGE MATCH | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| JACK RYAN | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:15 | 16 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| HER | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| JACK RYAN | KL. 5.30 - 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D | KL. 3.30 | L |
| 47 RONIN 3D | KL. 10.20 | 12 |
| BELIEVE | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| HER | KL. 6 - 9 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| EYJAFJALLAJÖKULL | KL. 6 | 7 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 6 - 9 | 12 |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| HER | KL. 8 - 10:15 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 8 - 10:15 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 5.45 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 5.45 | 7 |

Miðasala á: midi.is og eMiði




**BESTA GLÆPASAGAN** Blóð hraustra manna eftir Óttar M. Norðfjörð þótti best á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Óttar fékk Tindabikkjuna

Blóð hraustra manna eftir Óttar M. Norðfjörð hlaut Tindabikkjuna 2013, árleg verðlaun Glæpafélags Vestfjarða fyrir bestu glæpasögu ársins, sem afhent var í Safnahúsinu á Ísafirði um helgina. Þetta er í fjórða skipti sem verðlaunin eru veitt en eins og áður eru verðlaunin listaverk eftir vestfirskan listamann. Í þetta skiptið var það Pétur Tryggvi Hjálmarsson silfursmiður sem bjó til verðlaunagripinn en auk hans fær verðlaunahafinn nokkur kíló af frosinni tindabikkju frá Fiskbúð Sjávarfangs á Ísafirði.

# Súrir hrútspungar

**BAKPANKAR**
Halla Þórlaug Óskarsdóttir



Ég er mikill stuðningsmaður jafnréttisbaráttunnar. Ég er líka andstæðingur eineltis og þess að skilja útundan. Hingað til hef ég líka verið aðdáandi þorrablóta. „Þið kunnið ekki gott að meta!“ hef ég hrópað þegar fólk býsnast yfir súrmat og hrútspungum. Mér finnst þetta frábær matur – í hófi. Og bragðið minnir mig á skemmtileg hóf úr æsku. Hins vegar hefur undarleg umræða átt sér stað í kringum þessi hóf á síðastliðnum vikum.

**ÞEGAR** ég var lítil fannst mér alltaf pirrandi þegar einhver hrópaði: „strákar á móti stelpum!“ og enn verra þegar yfirlýsingar flugu um að allar stelpur pissuðu í kopp meðan allir strákarnir hlustuðu á rokk eða borðuðu popp. Ég vissi að ég þyrfti þá að taka þátt í mótspyrnunni sem fólst í því að leiðrétta þessa staðhæfingu með nýfengnum upplýsingum um að það væru víst stelpurnar sem borðuðu poppið og spiluðu rokkið á meðan strákarnir sátu á koppnum. Þessar heimskulegu rökræður áttu sér þó aldrei stað þegar ég var heima í Playstation með strákunum, bestu vinum mínum. Ég veit ekki hvað þurfti til að espa upp þennan ríg en nógu ömurlegt var það. Kannski af því að báðir pólarnir voru algjörlega ósigrandi. Það hlýtur að vera augljóst mál að helmingur mannkyns er ekki stöðugt pissandi í koppa meðan hinn er upptekinn við að belgja sig út af poppkorni.

**Á** þorrablótum er borðaður eldgamall matur og jafngömul gildi höfð í hávegum, minni karla og kvenna flutt af fyllsta fólkinu – allt saman við mismikinn fögnuð auðvitað. Fólk er mishrifið af súrum hrútspungum.

**ÞRÁTT** fyrir alla heimsins jafnréttisbaráttu er mér samt í alvöru sama þótt einhver karlakór haldi kvennalaust þorrablót. Og ég er viss um að framkvæmdastjóri Sinfóníunnar er sammála mér. „Mig langaði hvort sem er ekkert í þetta asnalega partí,“ segir hún kannski. Fólk er mishrifið af súrum hrútspungum. Hins vegar finnst mér algjörlega ótækt að þeir sem eru fráskildir að vestan, nánar tiltekið á Bolungarvík, megi ekki mæta í blót. Þeir hefðu kannski átt að hugsa sig tvisvar um áður en þeir ákváðu að binda enda á óhamingjusamt hjónaband sitt.




# Hætti á Facebook og byrjaði með kærustunni

Hilmar Guðjónsson rauf tengslin við samfélagsmiðilinn fyrir fjórum árum.

„Þetta kom til vegna þess að ég og kærastan mín vorum mjög upptekin í leiklistarnámi og sinntum því stóran hluta sólarhringsins. Svo komum við heim eftir skóla, fórum bæði á Facebook og vorum á Facebook þangað til við fórum að sofa. Allt í einu leit ég upp úr tölvunni og áttaði mig á aðstæðum. Þá lauk mínu þriggja mánaða sambandi við Facebook,“ segir leikarinn Hilmar Guðjónsson. Hann og kærasta hans, leikkonan Lára Jóhanna Jónsdóttir, eru ekki á Facebook þar sem þau völdu frekar að rækta sambandið en að fylgjast með stöðuuppfærslum.

„Ég hætti á Facebook og byrjaði með kærustunni minni aftur. Ég sakna Facebook ekki. Mér fannst þetta geðveikt gaman um tíma, sérstaklega að njósna um gamla skólafélaga,“ segir Hilmar á léttu nótunum en nú eru liðin fjögur ár síðan hann rauf tengslin við samfélagsmiðilinn. Hann finnur stundum fyrir því að hann sé einn fárra Íslendinga sem nota ekki Facebook.

„Ég missi oft af sjálfstæðum leiksýningum, partíum og einstaka fundum. Ég fæ líka oft tölvupóst sem byrjar á setningunni: „Fyrst þú ert ekki á Facebook…“ Fólk verður oft orðlaust þegar ég segi því að ég sé ekki á Facebook því þetta er svo stór partur af svo mörgum.“

liljakatrin@frettabladid.is



**MIKIÐ AÐ GERA** Hilmar æfir nú leikritið Ferjan eftir Kristínu Marju Baldursdóttur sem frumsýnt verður 21. mars í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## → Vel vaktaðir á Facebook

Facebook býður upp á þann möguleika að vakta stöðuuppfærslur notenda. Fréttablaðið tók saman nokkra einstaklinga sem eru vel vaktaðir á samskiptamiðlinum.



- Ásdís Rán fyrirsæta - **15.275**
- Ívar Guðmundsson útvarpsmaður - **1.344**
- Hallgrímur Helgason rithöfundur - **1.014**
- Edda Björgvinsdóttir leikkona - **992**
- Ari Eldjárn grínisti - **961**
- Friðrik Dór Jónsson, þáttastjórnandi og tónlistarmaður - **816**
- Sveinn Andri Sveinsson lögfræðingur - **546**
- Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri - **192**
- Anna Pála Sverrisdóttir, lögfræðingur og formaður Samtaka ´78 - **143**
- Atli Fannar Bjarkason, aðstoðarmaður ráðherra - **131**



## → Staðreyndir um Facebook

- Stofnand Facebook, **Mark Zuckerberg**, verður **30 ára** á árinu.
- **Einn af hverjum 13 einstaklingum** í heiminum er á Facebook.
- Á 20 mínútum eru **1.000.000 vefslóðum deilt**.
- Á 20 mínútum eru **1.484.000 viðburðir stofnaðir**.
- Á 20 mínútum eru **1.323.000 myndir merktar**.
- Á 20 mínútum eru **2.716.000 skilaboð send**.
- Á 20 mínútum eru **10,2 milljónir kommenta skrifaðar**.
- **48% ungra Bandaríkjamanna** lesa fréttir fyrst á Facebook.
- **48% notenda** á aldrinum 18-34 kíkja á Facebook um leið og þeir vakna.
- Meðalnotandi Facebook á **130 vini á miðlinum**.
- Rúmlega **650 milljónir virkra notenda**.
- Texas Hold'em er **vinsælasti leikur forritsins**.
- **250 milljónir notenda** fara á Facebook í símanum sínum.


Hreinsun - orka - vellíðan



*Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir*

*Ásdís hefur um margra ára skeið bætt lífsgæði og heilsu fólks með lífrænum jurtum.*

- *Einföld og áhrifarík hreinsun*
- *Farið yfir toxísk efni í fæðu og umhverfi og áhrif þeirra á heilsu okkar*
- *Hvernig virkar afeitrunarferli líkamans og farið yfir einkenni sem kalla á hreinsun*
- *Hugmyndir að máltíðum yfir daginn og hreinsandi uppskriftum til að styðjast við*
- *Hreinsandi jurtir og náttúruefni*

**Námskeiðið er haldið í Heilsuhúsinu Lágmúla 5.**

**Miðvikudaginn 5. febrúar kl. 18:30 - 20:00.**

**Skráning og upplýsingar í s: 899-8069 / asdis@grasalaeknir.is**

ÁSDÍS GRASALÆKNIR

Heilsuhúsið

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# Prinsessan á hækjunum

Viktoría krónprinsessa Svía heimsótti Umeå í Svíþjóð, aðra tveggja menningarborga Evrópu.

Viktoría, krónprinsessa Svía, heimsótti borgina Umeå í Norður-Svíþjóð um helgina, en Umeå er önnur tveggja menningarborga í Evrópu í ár. Prinsessan heimsótti borgina með eiginmanni sínum Daniel og dóttur þeirra Estelle sem verður tveggja ára 23. febrúar.

Vakti það talsverða athygli almennings að prinsessan var á hækjum en hún tognaði á ökkla í skíðaferð á Ítalíu í lok síðasta árs. - lkg



**MAÐUR FÓLKSINS** Daniel, sem starfaði sem einkaþjálfari áður en hann kvæntist Viktoríu, spjallaði við innfædda.



**ESTELLE Í STUÐI** Dóttir Viktoríu og Daniels sprengir alla krúttskala.
FRÉTTABLAÐIÐ/LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR



**NÝTT VERKEFNI** Marteinn skrifar handrit myndarinnar og leikstýrir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Glæpurinn kvikmyndaður

Kvikmyndafyrirtækið Tenderlee MPC hefur tryggt sér kvikmyndarétt skáldsögunnar Glæpurinn – Ástarsaga eftir Árna Þórarinsson.

Tenderlee á að baki kvikmyndir á borð við Rokland og XL en Árni er líklega best þekktur fyrir bækur sínar um rannsóknarblaðamanninn Einar. Marteinn Þórsson skrifar handrit myndarinnar auk þess að leikstýra en ráðgert er að hún verði tekin upp 2015.

Þeir Árni og Marteinn auk Jóhanns Páls Valdimarssonar, útgefanda Glæpsins, hafa undirritað samning um sölu kvikmyndaréttarins á skrifstofu Forlagsins en mikil tilhlökkun er í herbúðum allra aðila.

Sagan gerist einn örlagaríkan vordag í Reykjavík, á átján ára afmælisdegi Fríðu. Þennan sama dag höfðu foreldrar hennar lofað að upplýsa hana um leyndarmálið sem sundraði fjölskyldunni. Fortíðin birtist okkur smám saman í afturlitum og hrikalegur sannleikurinn kemur í ljós. Mun fjölskyldan sameinast þegar degi tekur að halla eða hafa örlögin þegar spunnið þeim vef? - lkg

## Söfnuðu 350 milljónum

Stórhljómsveitin U2 safnaði tæpum 350 milljónum króna á 36 klukkustundum til styrktar Alþjóðlega styrktarsjóðnum gegn alnæmi, berklum og malaríu. Sveitin safnaði fénu þegar hún gaf út sitt nýjasta lag, Invisible, frítt á netinu. Fyrir hvert niðurhal á laginu gaf Bank of America einn dollara eða 115 krónur til RED-samtakanna sem Bono meðal annarra átti þátt í að stofna. RED-samtökin nota féð í þágu góðra málefna, til styrktar Alþjóðlega styrktarsjóðnum gegn alnæmi, berklum og malaríu. Söfnun hófst á sunnudag í kringum úrslitaleikinn í bandaríska fótboltanum, eða Super Bowl, og á fyrsta klukkutímanum hlóð um ein milljón manna laginu niður. Þá sagði Bono að þetta væri einnig sýnishorn af væntanlegri plötu sveitarinnar. - glp





**STYRKUR** Watt ætti að hjálpa KR í frákastabaráttunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## KR fékk Kana

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksdeild KR gekk frá samningi við Bandaríkjamanninn Demond Watt áður en lokað var fyrir félagaskipti hér á landi á miðnætti á föstudaginn.

Tveggja metra maðurinn Demond Watt mun spila með KR út leiktíðina. Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari KR, vonast til að Watt auki styrk KR-inga í baráttunni undir körfunni.

„Hann spilaði í Finnlandi í fyrra og þar áður í Svíþjóð,“ segir Finnur Freyr. Hann segir Brynjar Þór Björnsson, Helga Má Magnússon og Pavel Ermolinskij alla hafa spilað gegn honum í sænsku úrvalsdeildinni. „Ég fékk fín meðmæli með honum.“

Watt spilaði með háskólaliði Texas A&M Corpus Christi áður en hann hélt í Norðurlandatúrinn sem nú stendur yfir. Hann er væntanlegur til landsins á fimmtudag og mun spila sinn fyrsta leik með KR gegn KFÍ á föstudag.

„Það var ekkert annað í myndinni en að fá Kana,“ segir Finnur um vinnu KR-inga undanfarnar vikur í Kanaleitinni. Þeir svörtu og hvítu hafi náð að ganga frá sínum málum vel fyrir lok gluggans þótt ekkert hafi frést af félagaskiptunum fyrr en nú. - ktd

# Vill ekki að sjá myndbandið

Draumur Maríu Guðmundsdóttur um að keppa á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí dó á einu augnabliki í skíðabrekku í Þýskalandi í fyrradag. Akureyringurinn meiddist illa á hné og hefur ekki enn gert upp við sig hvort hún ætli að halda skíðaiðkun áfram. Erla Ásgeirsdóttir, mjög góð vinkona Maríu, hleypur í skarðið í Rússlandi.

**ÓL2014** „Ég man eiginlega ekki eftir augnablikinu sem þetta gerðist. Það er eins og ég hafi dottið út,“ segir skíðakonan María Guðmundsdóttir. Akureyringurinn, sem búsettur er ásamt fjölskyldu sinni í bænum Kongsberg í Noregi, átti að verða einn fimm fulltrúa Íslands á Vetrarólympíuleikunum sem settir verða í Sotsjí á föstudag. Eftir slæma byltu í stórsvigskeppni í Jenner í Þýskalandi á mánudag er ljóst að draumur Maríu verður ekki að veruleika þetta árið.

Skíðakonan, sem verður 21 árs í júní, segist hafa áttað sig á því um leið og hún féll að eitthvað var ekki eins og það átti að vera.



„Það fyrsta sem ég sagði var nei, nei, nei,“ segir María. Þjálfari Maríu náði atvikinu á myndband en María segist engan áhuga hafa á að sjá það. Hún lá í brautinni í skamma stund áður en hún var borin út af brautinni á börum. Þaðan lá leiðin beint upp í sjúkrabíl og síðan á spítala.

> **Þó það sé alltaf ömurlegt að meiðast er tímasetningin ömurleg. Þetta er eins slæmt og það getur verið.**
>
> *María Guðmundsdóttir*

„Þar fór ég í röntgenmyndatöku og læknarnir skoðuðu mig. Fóturinn var settur í spelku og ég yfirgaf sjúkrahúsið á hækjum,“ segir María. Leiðin lá til sérfræðings í næsta bæ sem tók hné Maríu til skoðunar áður en ekið var með hana út á flugvöll. Hún segir það hafa verið létti þegar foreldrar hennar tóku á móti henni á Gardermoen í Ósló áður en ekið var heim til Kongsberg.

### Meiddist illa fyrir tveimur árum

María varð fyrir alvarlegum meiðslum á hné á Landsmótinu árið 2012. Þá, líkt og nú, var hún í stórsvigskeppni og slasaði sig á hné, sama hné. Þá sleit hún krossband auk þess að eyðileggja báða liðþófa í hnénu. Endurhæfingin tók sinn tíma og var hún lengi vel nokkuð rög eftir það. Hún var þó komin yfir það og hlakkaði mikið til leikanna þegar blaðamaður hitti á hana við hátíðlega athöfn í sendiráði Rússa fyrir tveimur vikum. Skjótt skipast veður í lofti.



**VINKONUR** María (til vinstri) og Erla á æfinga- og keppnisferðalagi í Austurríki um miðjan janúar. MYND/MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

„Þetta gerist á versta tíma. Þó það sé alltaf ömurlegt að meiðast er tímasetningin ömurleg. Þetta er eins slæmt og það getur verið,“ segir María. Hún stefndi á að feta í fótspor systur sinnar Írisar sem keppti í Vancouver fyrir fjórum árum. Lengi vel leit út fyrir að María myndi einnig keppa í Vancouver en kvótatakmarkanir og meiðsli komu í veg fyrir þátttöku.

### Óviss hvort hún haldi áfram

María viðurkennir að hún sé nokkuð langt niðri þessa stundina. Framundan er segulómmyndataka í dag og þá mun hún hitta sama sérfræðing og var henni innan handar við hnémeiðslin fyrir tveimur árum. Hún hefur ekki ákveðið hvort hún leggi skíðin á hilluna eða haldi ótrauð áfram.

„Ég hef velt því fyrir mér en þetta er bara svo nýskeð. Ég veit það ekki enn. Þetta er mjög erfitt.“

María telur að ekki verði erfitt fyrir sig að horfa á útsendingar frá Sotsjí þrátt fyrir vonbrigðin. Eins dauði er annars brauð og mun Erla Ásgeirsdóttir taka sæti Maríu á leikunum. Erla og María eru mjög góðar vinkonur.

„Það er erfitt fyrir hana að fara við þessar aðstæður. En það er ekkert annað en sjálfsagt að hún fari og njóti þess fyrst svona fór.“

kolbeinntumi@frettabladid.is




KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJA CITROËN C4 PICASSO OG GRAND C4 PICASSO

Hvort sem þú velur 5 eða 7 manna útgáfu er tæknin framúrskarandi og rýmið nánast takmarkalaust. Með snertiskjánum stjórnar þú öllum aðgerðum og fylgist með lágri eyðslunni. 3 sæti í fullri stærð eru í sætaröð fyrir aftan framsæti. Citroën Grand C4 Picasso var valinn fjölskyldubíll ársins af Top Gear og fjölnotabíll ársins af tímaritinu WhatCar. Bílarnir hlutu einnig eftirsóttu viðurkenninguna Gullna stýrið í flokki fjölnotabíla.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# ÁRSKORT
# Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS 35.990 KR. (EINGREIÐSLA)

Það gera aðeins **2.999 kr.** á mánuði.

## TILBOÐIÐ GILDIR TIL OG MEÐ 6. FEBRÚAR 2014

### HVER OG EINN FÆR SÉRSNIÐNA ÆFINGAÁÆTLUN OG KENNSLU Á TÆKIN


Íþróttamiðstöðin Versalir


Sundlaug Kópavogs



## FRÍTT ER Í ALLA HÓPTÍMA FYRIR KORTHAFA

**Stundaskrá í Sundlaug Kópavogs - Gildir frá 1. janúar 2014**

| Klukkan | Mánud | Þriðjud | Miðvikud | Fimmtud | Föstud | Klukkan | Laugard |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6:35 - 7:20 | Morgunpuð | Spinning 45 | Core og teygjur | 4x10 Þol og styrkur | Spinning 45 | 9:15 - 10:15 | Flottar konur |
| 10:00 - 10:40 | Morgunhressing | | Morgunhressing | | Morgunhressing | 10:15 - 11:15 | Spinning 60 |
| 12:05 - 12:50 | Hádegispuð | Spinning 45 | Core og teygjur | 4x10 Þol og styrkur | Spinning 45 | 11:30-12:30 | Stöðvarþjálfun |
| 16:30 - 17:20 | | Jóga | | | | 16:30 - 17:15 | Core og teygjur |
| 17:30 - 18:30 | Spinning 60 | Spinning 60 | Jóga fyrir karla | Spinning 60 | Spinning 60 | | |
| 17:30 - 18:30 | Flottar konur | Zumba | Flottar konur 4x10 | Zumba | Jóga | | |
| 18:45 | Jóga / Power jóga | Core og teygjur | Joint mobility jóga | Core og teygjur | | | |
| 20:00 - 21:00 | Stöðvarþjálfun | Spinning 60 | 4x10 Þol og styrkur | Stöðvarþjálfun | | | |

Hringdu og pantaðu þér **ókeypis prufutíma** með þjálfara í tækjasal.
Þú færð kennslu á tækin og sérsniðna æfingaáætlun.

GYM heilsa

Kortið gildir í líkamsrækt og sund í Sundlaug Kópavogs og Íþróttamiðstöðinni Versölum

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.gymheilsa.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.35**

### The Face

Glæný og skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppast um að verða næsta ofurfyrirsæta. Þetta eru breskir þættir og það er frægasta fyrirsæta Breta, Naomi Campbell, sem er andlit þáttarins. Hún hefur fengið tvær aðrar ofurfyrirsætur með sér, þær Caroline Winberg og Erin O'Connor.



### The Carrie Diaries

**STÖÐ 3 KL. 20.05** Önnur þáttaröðin um hina ungu Carrie Bradshaw sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City, þegar hún var yngri og var að taka sín fyrstu spor á framabrautinni.



### Örlagadagurinn

**STÖÐ 2 GULL KL. 21.15** Sigríður Arnardóttir, Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gerbreytti öllu.



### Pútín og Ólympíuleikarnir

**SJÓNVARPIÐ KL. 22.20** Putin's Games. Glæný heimildarmynd frá BBC þar sem skyggnst er á bak við tjöldin á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí.

**X-ið 977 kl. 08.00**

### Harmageddon

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.




**EIGNAMIÐLUN**

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Merkurgata 5 – Hafnarfirði einbýlishús**




Frábærlega vel staðsett eldra hús á tveimur hæðum ofan við höfnina í Hafnarfirði á mjög góðri lóð í hrauninu. Húsið er skráðir 140,4 fm og þarfnast talsverðra endurbóta. Hluti var byggður 1920 en viðbygging er frá ca 1976. Allt að fjögur svefnherbergi, arinn.
**Eignin verður sýnd miðvikudaginn 5.feb. milli kl. 17:15 og 17:45**
**V. 32,0 millj.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**

**Grænahlíð 4 - endurnýjuð 4ra herbergja íbúð.**




Glæsileg og algjörlega endurnýjuð 123,9 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu og nýlega viðgerðu fjórbýlishúsi í Hlíðunum. Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð hið innra. Nýjar hvítar sérsmíðaðar innréttingar eru í eldhúsi. Rúmgott baðherbergi með vönduðum innréttingum. Öll gólfefni eru ný. Stórar og bjartar samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Útgangur á svalir úr stofum og hjónaherbergi. Sér bílastæði á lóð og bílskúrsréttur fylgir íbúðinni
**Verð 44,9 millj. Verið velkomin.**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**

**Naustabryggja 55**
**- 4ra herbergja útsýnisíbúð ásamt bílskúr.**



4ra herbergja 145,9 fm. útsýnisíbúð á tveimur hæðum á sjávarkambinum auk 20,5 fm. bílskúrs með mikilli lofthæð, sem innangengt er í úr sameign hússins. Stofa með miklum gluggum. Tvö herbergi á hæðinni. Opið rými á neðri hæð. Frábært útsýni úr stofum að Esju, út að Viðey og víðar. Flísalagðar svalir til vesturs og norðurs. Bílskúr með mikilli lofthæð.
Frábær staðsetning fremst á sjávarkambinum og óviðjafnanlegt útsýni. **Verð 38,9 millj** Íbúð merkt 0101. **Verið velkomin.**


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.01 Waybuloo**
**07.20 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**07.40 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Malcolm In the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors**
**10.15 Spurningabomban**
**11.00 Masterchef USA**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Chuck**
**13.45 Suburgatory**
**14.10 Up All Night**
**14.35 2 Broke Girls**
**15.05 Sorry I've Got No Head**
**15.35 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.00 Kalli kanína og félagar**
**16.25 UKI**
**16.30 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar** *(5:14)*
**19.40 The Middle** *(11:24)*
**20.05 Kolla**
**20.35 The Face** *(5:8)*
**21.20 Lærkevej** *(8:12)*
**22.05 Touch** *(10:14)*
**22.50 La princesse de Montpensier**
**01.05 The Blacklist**
**01.50 Person of Interest**
**02.35 NCIS. Los Angeles**
**03.15 Crusoe**
**04.45 Skate or Die**

## SPORT *besta sætið*

**12.50 Enski deildarbikarinn. West Ham - Man. City**
**14.30 Athletic Bilbao - Real Madrid**
**16.10 Fulham - Sheffield**
**17.50 Gummersbach - Kiel**
**19.10 Flensburg - RN Löwen** Bein útsending
**20.40 Atletico - Real Sociedad**
**22.20 Spænsku mörkin**
**22.50 Preston - Nottingham Forest**
**00.30 Flensburg - RN Löwen**
**05.55 Snjóbrettabrautir karla. Undankep** Bein útsending

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.00 Messan**
**12.00 WBA - Liverpool**
**13.40 Stoke - Man. Utd.**
**15.20 Football League Show**
**15.50 Fulham - Southampton**
**17.30 Everton - Aston Villa**
**19.10 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**20.05 Messan**
**21.25 Newcastle - Sunderland**
**23.05 West Ham - Swansea**

## ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla. **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**16.30 American Idol**
**18.35 Bob's Burgers**
**19.00 Junior Masterchef Australia**
**19.45 Baby Daddy** *(5:10)*
**20.05 The Carrie Diaries** *(12:13)*
**20.45 Arrow** *(12:23)*
**21.30 Sleepy Hollow** *(12:13)*
**22.15 Revolution** *(6:20)*
**23.00 Shameless** *(9:12)*
**23.45 Supernatural**
**00.30 Junior Masterchef Australia**
**01.15 Baby Daddy**
**01.40 The Carrie Diaries**
**02.25 Arrow**
**03.10 Sleepy Hollow**
**03.55 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Hvellur keppnisbíll **07.56** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Lukku-Láki **08.22** Ofurhundurinn Krypto **08.43** Latibær **08.55** Mamma Mu **09.00** Ljóti andarunginn og ég **09.23** Elías **09.34** Ævintýraferðin **09.47** UKI **09.52** Tommi og Jenni **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.46** Hvellur keppnisbíll **11.56** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Lukku-Láki **12.22** Ofurhundurinn Krypto **12.43** Latibær **12.55** Mamma Mu **13.00** Ljóti andarunginn og ég **13.25** Elías **13.36** Ævintýraferðin **13.48** UKI **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.46** Hvellur keppnisbíll **15.56** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Lukku-Láki **16.22** Ofurhundurinn Krypto **16.43** Latibær **16.55** Mamma Mu **17.00** Ljóti andarunginn og ég **17.25** Elías **17.36** Ævintýraferðin **17.48** UKI **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.46** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Úti er ævintýri **2 20**.25 Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Grey's Anatomy** *(18:24)*
**20.45 Matur og lífsstíll**
**21.15 Örlagadagurinn** *(1:14)*
**21.45 Cold Feet 5** *(5:6)*
**22.35 The Fixer** *(1:6)*
**23.25 Ástríður**
**23.50 The Drew Carey Show**
**00.15 Curb Your Enthusiasm**
**00.45 Matur og lífsstíll**
**01.15 Örlagadagurinn**
**01.45 Cold Feet 5**
**02.35 The Fixer**
**03.25 Ástríður**
**03.55 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.10 The Three Musketeers**
**13.00 Dolphin Tale**
**14.50 Anger Management**
**16.35 The Three Musketeers**
**18.25 Dolphin Tale**
**20.15 Anger Management**
**22.00 Hanna**
**23.50 The Killer Inside Me**
**01.35 After.life**
**03.15 Hanna**

## RÚV

**16.20 Elliárin**
**17.20 Disneystundin**
**17.21 Finnbogi og Felix**
**17.43 Sígildar teiknimyndir**
**17.50 Herkúles**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Djöflaeyjan**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.00 Neyðarvaktin** *(12:22) (Chicago Fire II)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.
**20.45 Fjölbraut** *(2:6) (Big School)* Glæný bresk gamanþáttaröð mönnuð úrvalsgamanleikurum á borð við David Walliams úr Little Britain og Catherine Tate úr The Catherine Tate Show. Seinheppinn efnafræðikennari verður ástfanginn af samkennara sínum.
**21.15 Kiljan Bókaþáttur Egils Helgasonar.** Stjórn upptöku: Ragnheiður Thorsteinsson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Pútín og Ólympíuleikarnir** *(Putin´s Games)* Glæný heimildarmynd frá BBC þar sem skyggnst er á bakvið tjöldin á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí. John Sweeney rýnir í gögnin og leitar sannleikans á bakvið þær ásakanir að aldrei hafi verið meira um mútur og spillingu í kringum nokkra Ólympíuleika en þessa.
**22.50 Hljóðganga** *(Walking on Sound)*
**00.20 Kastljós**
**00.40 Fréttir**
**00.55 Næturvarp**
**07.30 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Once Upon a Time**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Family Guy**
**18.35 Parks & Recreation**
**19.00 Cheers**
**19.25 America's Funniest Home Videos**
**19.50 Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(4:20)*
**20.20 Sean Saves the World** *(5:18)* Gamanþættir með Sean Heyes úr Will & Grace í aðalhlutverki. Sean er venjulegur maður sem þarf að glíma við stjórnsama móður, erfiðan táning á heimilinu og yfirmann sem ætti að vera læstur inni.
**20.45 The Millers** *(5:13)*
**21.10 Franklin & Bash** *(4:10)*
**22.00 Blue Bloods** *(5:22)*
**22.50 CSI: Miami**
**23.40 The Walking Dead**
**00.30 Made in Jersey**
**01.20 CSI: New York**
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour 2014 **11.10** Golfing World 2014 **12.00** European Tour 2014 **16.00** Golfing World 2014 **16.50** PGA Tour 2014 - Highlights **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** PGA Tour 2014 - Highlights **19.55** US Open 2010

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÓDÝR RAFMAGNSVERKFÆRI
Við Fellsmúla - Reykjavík
3996 4995 BORVÉL 500W
7996 9995 HÖGGBOR/BROTVÉL 620W
2396 2995 HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
3196 3995 HLEÐSLUBORVÉL 12V
4796 5995 SLÍPIROKKUR 580W
3596 4495 HITABYSSA
1436 1795 LÍMBYSSA
3196 3995 LÓÐBYSSA
3196 3995 SLÍPIMÚS
TILBOÐSDAGAR
Á RAFMAGNSVERKFÆRUM
20% afsláttur
4796 5995 BÓNVÉL
3196 3995 JUÐARI
7196 8995 FLÍSASÖG
3996 4995 JUÐARI 150W
4796 5995 STINGSÖG
5596 6995 HJÓLSÖG 1200W
4796 5995 SMERGEL
7196 8995 BELTASLÍPIVÉL 900W
8796 10.995 RAFMAGNSHEFILL
7676 9595 VATNSRYKSUGA
21.520 26.900 BÚTSÖG M. SLEÐA 2100W
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## BESTI BÆJARHLUTINN



**„Hóla- og Fellahverfið í Breiðholtinu hefur mikla sál, þar eru alls konar gerðir af litríkum blokkum í bland við sjoppulegar sjoppur, tagg og graffiti og vel hirta garða.“**

Þórdís Nadia Semichat, rappari, uppistandari og nemi.

# Bjóst aldrei við því að vera í Eurovision

Rithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir er textahöfundur lagsins Til þín sem keppir á laugardaginn

„Ég bjóst aldrei í lífinu við því að ég myndi taka þátt í þessari keppni en það er óvænt ánægja,“ segir rithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir sem tekur þátt í Eurovision í fyrsta sinn um helgina.

Guðrún Eva er textahöfundur lagsins Til þín sem keppir í undankeppninni á laugardaginn. Höfundur lagsins er Trausti Bjarnason og söngkonan Guðrún Árný Karlsdóttir sér um flutninginn. Þetta er í fyrsta og eina sinn sem rithöfundurinn spreytir sig í textasmíð við lag.

„Trausti hafði samband við mig og bað mig um að semja texta við þetta lag. Mér þykir lagið alveg ómótstæðilega fallegt og alls ekki Eurovision-legt enda upphaflega ekki samið fyrir keppnina. Hann sagði mér nákvæmlega hver hans sýn á lagið var sem auðveldaði mér að mála upp stemninguna,“ segir Guðrún Eva en lagið er róleg ballaða.

Guðrún Eva kveðst vera mikill Eurovision-aðdáandi og hún er spennt að prufa að vera í græna herberginu á laugardaginn. „Þar sem ég er búsett í Hveragerði og ekki með bílpróf er ég bæði búin að redda fari og pössun fyrir laugardaginn. Ég get ekki annað en verið bjartsýn fyrir hönd lagsins.“

- áp



**FYRSTA SINN Í EUROVISION** Guðrún Eva Mínverudóttir semur texta við lagið Til þín. MYND/VERA PÁLSDÓTTIR

➜ Uppáhalds Eurovision-lag Guðrúnar er lagið J'aime la vie með Söndru Kim frá 1986.



**LISTUNNANDI** Oliver safnar listaverkum og á fjölmörg eftir íslenska listamenn.

# Samfélagsmiðlagúrú heimsækir Ísland

Oliver Luckett hefur unnið fyrir stjörnurnar Mark Wahlberg og Usher. Hann heldur fyrirlestur í apríl.

Samfélagsmiðlagúrúinn Oliver Luckett heldur fyrirlestur hér á landi 10. apríl í Háskólabíói þar sem hann mun fjalla um framtíð samfélagsmiðla. Fyrirlesturinn er hluti hálfsdags ráðstefnu á vegum Ysland en einnig munu Joeri Van den Bergh og Mattias Behrer, höfundar bókarinnar How Cool Brands Stay Hot: Branding to Generation Y, fjalla um Y-kynslóðina og hvernig fyrirtæki ná til hennar.

Oliver er stofnandi og framkvæmdastjóri theAudience og er mikill Íslandsvinur. Hann tók meira að segja þátt í piparkökuhúsasamkeppni Jóns Gnarr sem hann hélt á afmæli sínu árið 2011 en laut í lægra haldi fyrir Björk Guðmundsdóttur.

theAudience er í fararbroddi sem efnismiðlunar- og dreifingarnet fyrir afþreyingarfyrirtæki sem vilja ná til stórra aðdáendahópa og ná árangri í notkun samfélagsmiðla. Oliver neitar að gefa upp hverjir kúnnar theAudience eru en þeir sem þekkja til tónlistar- og kvikmyndabransans segja að viðskiptavinir hans séu til dæmis Mark Wahlberg, Charlize Theron, Jack Black, Eddie Murphy, Hugh Jackman, Usher, Pitbull, Russell Brand og LMFAO. Þá sá hann líka um samfélagsmiðlaherferð fyrir kvikmyndina Ted og tónlistarhátíðina Coachella. Stjörnurnar greiða Oliver mánaðargjald fyrir þjónustuna sem getur verið mismunandi. Það lægsta er um fimm þúsund dollarar, rúmlega hálf milljón króna.

Miðasala á hálfsdags ráðstefnuna hefst í dag en á ráðstefnunni verða niðurstöður nýrrar könnunar MMR um svölustu vörumerki Íslands kynntar.

- lkg

➜ theAudience birtir efni fyrir um 300 aðila og nær til rúmlega 800 milljóna aðdáenda á mánuði.

# Næsti Ari Eldjárn

Fannar Halldór vakti mikla athygli í fyrsta þætti Ísland Got Talent og er orðinn nokkurs konar Youtube-stjarna í kjölfarið. Hann langar að feta grínbrautina.

„Ég hef verið að fá símtöl eftir þáttinn og þá hefur fólk verið að biðja mig um að segja brandara og svona,“ segir Fannar Halldór Sveinbjörnsson, tvítugur nemi á listabraut við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Hann vakti mikla lukku fyrir uppistand sitt í fyrsta þætti Ísland Got Talent og hefur myndbandið af honum verið skoðað tæplega átta þúsund sinnum á YouTube. Hann er sagður vera næsti Ari Eldjárn.

„Ég var mjög hissa að sjá þetta á YouTube og fannst skrítið að vera allt í einu að fá símtöl frá ókunnugu fólki í kjölfarið,“ segir Fannar Halldór.

Hann segist vera mikill djókari og að ávallt sé stutt í grínið í kringum hann. Hann langar mikið til þess að feta grínbrautina í framtíðinni. „Mig langar að verða uppistandari og grínleikari. Annars er ég opinn fyrir ansi mörgu en get þó ekki spáð um framtíðina, ég er ekki miðill.“

Hann segir það ekki ólíklegt að hann muni setja inn grínmyndbönd á YouTube í kjölfar athyglinnar sem hann hefur fengið undanfarið. „Ég hef gaman af því að skemmta fólki og langar að gera meira af því. Það er alveg líklegt að ég fari að setja inn grínmyndbönd.“

Hans helstu fyrirmyndir í gríninu eru Laddi, Jim Carrey, Jeff Dunham og Jack Black ásamt fleirum.

Ein fleygasta setning Fannars Halldórs í Ísland Got Talent er líklega þegar hann öskrar á dómarana „Come On!“ þegar þau hafa öll neitað honum. „Þetta kom bara ósjálfrátt, mér fannst dómararnir ekki hafa neinn húmor,“ segir Fannar Halldór aðspurður um setninguna fleygu. Hann bætir við að honum hafi þótt Bubbi vera of neikvæður. „Það er alltaf einn mjög erfiður dómari í svona þáttum eins og Simon Cowell í American Idol og Pierce Morgan úr Got Talent-þáttunum.“

Fannar Halldór, sem er upphaflega frá Ísafirði en nú búsettur í Reykjavík, er að fara að fá sér sitt fyrsta húðflúr. „Ég er að fara að fá mér flúr í febrúar og ætla að fá mér listamannslógóið mitt.“

gunnarleo@frettabladid.is



**NÝ YOUTUBE-STJARNA** Fannar Halldór Sveinbjörnsson uppistandari hefur vakið mikla athygli eftir að hann kom fram í þættinum Ísland Got Talent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**„Mig langar að verða uppistandari og grínleikari. Annars er ég opinn fyrir ansi mörgu en get þó ekki spáð fyrir um framtíðina, ég er ekki miðill.**

*Fannar Halldór Sveinbjörnsson*

**visir.is**

Uppistandið í heild sinni má sjá á Visi.is



# LAGERSALA

## mið. 5. feb. - þri. 11. feb.

# Á ÚTIVISTAR- & VETRARFATNAÐI

# ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR



**FROSTI** -40%
Barnaúlpa, vatteruð.
**Verð: 13.794 kr.**
~~Verð 22.990 kr.~~



**HARKA** -50%
Dömuúlpa, flísfóðruð.
**Verð: 24.995 kr**
~~Verð: 49.990 kr~~



**VERJA** -70%
Herra soft shell jakki.
**Verð 7.797 kr.**
~~Verð 25.990 kr.~~



**LEIKA** -40%
Barna útigalli.
**Verð 13.794 kr.**
~~Verð 22.990 kr.~~



**STILLA** -60%
Dömu bómullarpeysa.
**Verð: 5.596 kr**
~~Verð: 13.990 kr~~



**SKJÓL** -50%
Herra super stretch peysa.
**Verð 7.995 kr.**
~~Verð 15.990 kr.~~

**OPNUNARTÍMI LAGERSÖLU**
**5. feb. - 11. feb.**

| | |
|---|---|
| Virka daga | kl. 12:00 - 19:00 |
| Laugardag | kl. 12:00 - 18:00 |
| Sunnudag | kl. 12:00 - 18:00 |

**FACTORY STORE** Nýbýlavegur 6 - 200 Kópavogur - s: 412 5869

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð
Tilboðin gilda til 5.feb. - 11.feb. 2014



# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT
WOW MOMENT
Í KÖBEN


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Óskarsverðlaunahafi á frumsýningu

Vesturport frumsýndi leikritið Hamskiptin í Toronto í Kanada síðustu helgi í leikstjórn **Gísla Arnar Garðarssonar**. Kvikmyndatökumaðurinn og leikstjórinn Janusz Kaminski var meðal gesta en hann er goðsögn í Hollywood. Hann varð fyrst frægur þegar hann vann með Steven Spielberg að kvikmyndinni Schindler's List árið 1993 og hefur síðan þá tekið allar myndir leikstjórans. Hann hefur unnið Óskarsverðlaunin fyrir kvikmyndatöku í tvígang, annars vegar fyrir Schindler's List og hins vegar fyrir Saving Private Ryan árið 1998. **- lkg**



### Leitar í ræturnar

**Þórunn Antonía Magnúsdóttir** leggur lokahönd á nýja plötu sína þessa dagana. Fyrsta lagið er væntanlegt í útvarp á næstu dögum og heildarmynd komin á verkið. „Á þessari plötu er mikið lagt upp úr texta og lagasmíð. Ég leita aftur í rætur mínar og svipar plötunni til minnar fyrstu sem ég gerði með pabba. Svona lágstemmd kántrístemning," segir Þórunn. **- ebg**



## Mest lesið VÍSIR

1. Íslenskur læknanemi: Þénar þrjár milljónir á mánuði fyrir blogg
2. Gæti lokkað unga fólkið heim í þorpin
3. Kisan Kjötbolla vegur 36 pund
4. Kona og barn brennd lifandi fyrir heimanmund
5. Vonar að fjölskylda Farrow og Allen finni lausn og frið


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið


